

EYVINDUR

XXXII árgangur

Desember 2023



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Leiðari	3
Ritnefnd Eyvindar	3
Svona á að gera þetta	4
Fyrsta hitaveitan í Eyjafirði	7
Erindi flutt í messu í Akureyrarkirkju á uppstigningardag - degi eldri borgara 20. maí 2023	9
Skemmtilegt að vinna fyrir eyfirska kúabændur	12
Minningar úr barnaskóla	14
Skólahlald á Munkaþverá	15
Köld eru kvennaráð - en gjöfult er barnalán	16
Hörður Kristinsson, minningarorð	25
Jónas Vigfússon, minningarorð	26
Afríkuferð	27
Sólgarður	29
Innsýn í störf iðjubjálfa í grunnskólum	31
Leyningshólar 15. ágúst 2023	32
Laugardagur í október 1989	36
Laugarborg	38
Laugafell ferðasaga	40
Krossinn á Hólakirkju	43
Hringrásarhænsn	44
Hrafnagilsskóli 50 ára	45
Á Inkaslóðum í Perú	47
Bollakerti - Heiðuljós	52
Stíflubru og Hringmelsbrú	53
Félagsheimilið Freyvangur	55
Handboltinn á Þveráreyrum – Félagsmiðstöð	57
Það er ekkert grín að lenda á sjúkrahúsi	59
Munkaþverárkirkja nýmáluð	63
Gamla Þinghúsið í Hrafnagilshreppi	64

Eyvindur 1. tölublað 32. árgangur
Forsíðumynd: Sigurgeir Sigurgeirsson. Kýrin Edda, listaverk Beate Stormo
Útgáfa: Menningarmálanefnd Eyjafjarðarsveitar
Prófaralestur: Valdimar Gunnarsson.
Umbrot: Hermann Arason
Prentun: Prentsmidjan.is

Leiðari

Enn er eitt árið að kveðja út á tímans haf og kemur aldrei til baka. Ekki er hægt að segja að tíðindalaust hafi verið hér á landi frekar en áður og ber þá hæst jarðhræringarnar suður á Reykjanesi og rýming Grindavíkurbæjar. Varla er hægt að gera sér í hugarlund hvernig það er að yfirgefa heimili sitt í miklum flýti og hverfa á braut í fullkominni óvissu um hvað framtíðin ber í skauti sér. Þegar þetta er skrifað í lok nóvember fara líkur á gosi í og við Grindavík þverrandi og vonandi storknar hraunið neðanjarðar áður en það nær upp á yfirborðið þar sem það gæti hæglega valdið miklum usla. Við Eyfirðingar erum heppnari hvað þetta snertir þar sem við búum ekki á eldvirku svæði en auðvitað gæti gert hér mikið öskufall með tilheyrandi flúor mengun ef t.d. Askja færi að bæra á sér eftir rúmlega sextíu ár.

Hér í Eyjafjarðarsveit hefur árferði verið gott og búskapur yfirleitt gengið vel. Hér í blaðinu er viðtal sem ég átti við fyrrverandi ráðunaut okkar kúabænda, Guðmund Steindórsson. Þar lýsir hann áhyggjum sínum á því að mjólkurframleiðsla sé að dragast saman og margir séu að hætta þrátt fyrir að vera með topp aðstöðu, góðar afurðir og allt í stakasta lagi. Undir þetta má taka og einnig veldur áhyggjum stöðugt meiri innflutningur á landbúnaðarvörum. Nú fæst til að mynda í verslunum á Akureyri danskt smjör! Kannski verða bændur að láta meira í sér heyra til að hafa áhrif á neytendur og hvetja þá til að velja íslenskt. Ekki má gera lítið úr þeim erfiðleikum sem margir bændur standa frammi fyrir, þ.e.a.s. þeir sem byggt hafa upp á jörðum sínum og fá svo mikla verðbólgu og gríðarháa vexti í fangið. Ástand sem ekki var fyrir séð þegar framkvæmdir hófust.

Mér skilst að nú sé orðið örðugt að fá fólk sem sjálfbodaliða og því hafi verið sjálfhætt með Handverkshátíðina. Það er mikill missir að hún hefur nú endanlega verið aflögð. Hún var rós í hnappagat Eyjafjarðarsveitar og vakti athygli um allt land. Talað er um að hún hafi verið orðin allt of stór en mér er spurn, var þá ekki hægt að minnka hana og gera auðveldari í uppsetningu?

Hér í sveit rísa nú tvö stórhýsi, bæði í gamla Hrafna-gilshreppi hinum forna. Það er vegleg reidhöll í Hólshúsum og þar skammt frá í landi Torfna, tvö þúsund og níu hundruð fermetra svínabú, þar sem Ingvi Stefánsson í Teigi er í forsvari. Vonandi gengur starfsemin vel í þessum húsum í framtíðinni.

Sóknirnar í Eyjafjarðarsveit, fyrir utan Kaupangssókn hafa nú verið sameinaðar og heitir nú Grundarsókn og Grundarkirkja höfuðkirkjan, en kirkjurnar á Munkaþverá, Möðruvöllum, Hólum og Saurbæ orðnar annexur frá Grund. Auðvitað er ekkert með svona margar kirkjur að gera en kannski ekki tímabært að leggja þær niður með manni og mús að svo stöddu. Mörgum þykir vænt um sína fyrrum sóknarkirkju og vilja veg hennar sem mestan. Því miður fer fólk í Þjóðkirkjunni stöðugt fækkandi og í staðinn fyrir kirkjuferðir fer fólk í jóga til að finna innri frið. Kannski er hægt að breyta einhverri af útkirkjunum í jógasetur það myndi auðvelda mikið allan tónlistarflutning þar sem jóga fólk þætur sér nægja að slá í hlemm.

Eyvindur óskar lesendum sínum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Benjamín Baldursson

Ritnefnd Eyvindar



Arnbjörg Jóhannsdóttir



Arnór Bliki Hallmundsson



Benjamín Baldursson



Berglind Kristinsdóttir



Snæfríð Egilson

Svona á að gera þetta

Viðtal við Þór á Akri



Í annarri viku október sl. heimsækir Eyvindur Þór á Akri. Haustrigningarnar hafa ekki látið á sér standa og gert bændum erfitt fyrir um þreskingu korns og fleira sem vinna þarf á haustin í sveitinni. En á milli skúranna eru litbrigðin í náttúr- unni undra fögur.

Þór, sem er á 95. aldursári ber aldurinn vel, ekur ennþá bíl, þrjónar á sig sokka, eldar hafragraut á morgnana og hefur hann það ríflagan að hann passi út í skyrhræringinn á kvöldin. Síðast en ekki síst tekur hann þátt í starfi eldri borgara í Félagsborg í Hrafnagilshverfi, ásamt sinni ágætu konu Hönnu Jóhannesdóttur, sem ættuð er af Árskógsströnd. Þór og Hanna eiga 7 börn og alls eru afkomendurnir orðnir 54. Sonur þeirra og tengdadóttir, Hlynur og Linda Tómasdóttir búa hér stórbúi í dag.

Þegar við höfum komið okkur fyrir í hlýlegri stofu þeirra hjóna, sem meðal annars er prýdd ýmsum útskornum munum sem bóndinn hefur skorið út á umliðnum árum, gefum við Þór orðið.

„Ég er fæddur á Rútsstöðum í janúar 1929 og ólst hér upp. Við bjuggum fyrst í félagi við föður minn og byggðum saman fjárhús, en svo stofnuðum við Hanna nýbýlið Akur árið 1958 og byggðum í lotu á hverju ári hlöðu, fjós og svo þetta íbúðarhús sem við fluttum í 1961.

Var ekkert erfitt að byggja svona bratt upp?

„Jú auðvitað var það erfitt en við reyndum að vinna að þessu sem mest sjálf eins og við gátum.”

Þú manst tímana tvenna í búskapnum.

„Já, það var náttúrlega gjörsamlega allt öðruvísi þá, en þegar ég man fyrst eftir mér var hér hestasláttuvél. Hún hlýtur að hafa komið í kringum 1930. Svo kom hestarakstrarvél '37 og það var heilmikil upplifun man ég.”

Slóstu mikið með orfi og ljá?

„Já, það var heyjað í margar vikur þar sem var slegið með orfi og ljá, en þar sem var slétt undir var slegið með vélinni.”

Var ekki erfitt að standa að slætti allan daginn?

„Jú, það gat verið það en mér fannst aldrei leiðinlegt að slá með orfi og ljá. Fyrst man ég eftir svo kölluðum bakkaljáum. Þeir voru klappaðir sem kallað var til að þynna eggina. Seinna komu Eylandsljáirnir, þeir voru mun betri. Ef þeir voru dregnir vel þurfti ekkert að brýna þá (með handbrýni) fyrsta klukkutímann eða svo. Heyið var allt bundið og það flutt heim á vagni eða heygrind af túninu. Hér voru alltaf nokkrir dráttarhestar og pabbi átti svo hest sem eingöngu var notaður til reiðar. Ég fæddist í gamla torfbænum og á ágætar minningar úr honum, hann lak til dæmis ekkert þó að þetta væri torfhús. 1937 var svo byggt steinhús sem enn stendur. Þegar ég bjó í félagi við föður minn vorum við með um 230 vetrarfóðr-

aðar kindur sem var allstórt bú á þeim tíma. Seinna var svo meiri áhersla lögð á kúabúskapinn.”

Þið urðuð svo fyrir miklu áfalli með kýrnar, hvernig ljústi það sér?

„Það var þannig að Tryggvi bróðir minn bjó líka með kýr í sér fjósi hérna á bænum og þær veiktust skyndilega mjög alvarlega. Ég hafði samband við Ágúst dýralækni og spurði hann hvort ég ætti að reyna að einangra mínar kýr svo að þær smituðust ekki. Hann taldi það ógerlegt, þetta yrði bara að ganga yfir. Svo fóru þær að drepast og yfirvöld drógu úr hófi að ákveða hvað ætti að gera, en að lokum var þeim öllum lógað. Þetta var kallað tauga-veikibróðir. Sennilega hefur kjarnfóðrið verið mengað. Jú, jú, þetta var mikið tjón og við fengum mjög litlar bætur. Kýrnar voru líka mjög misjafnar sem við fengum í staðinn. Við Tryggvi keyptum tvö bú, Alli í Flögu hringdi í mig þegar hann frétti af þessu og bauð mér sínar kýr, var þá að hætta búskap. Við Tryggvi keyptum svo einnig kýr af Birni á Hnjúki í Kinn. Hann varð seinna ráðsmaður á Tilraunastöðinni á Lundi við Akureyri. Þetta var gríðarlegt áfall sem sat lengi í manni,” segir Þór.

Svo gerðist þú lögregluþjónn, hvernig gekk það svona með búskapnum.

„Það gat verið nokkuð snúið þegar komið var heim undir morgun og ég þurfti svo að fara kannski strax í verkin lítið eða ósofinn. En maður hafði ögn út úr þessu.

Fóruð þið eitthvað út fyrir héraðið?

Já, vestur í Skagafjörð á Landsmót hestamanna sem haldið var á Vindheimamelum 1974. Það komu boð að sunnan að fjölga þyrfti löggæslumönnum því að það yrði svo margt fólk þarna. Lögreglumennirnir sem fyrir væru, myndu ekki ráða neitt við neitt vegna mannmergðar á svæðinu.



Við fórum fjórir héðan og fjórir frá Akureyri.

Lentu þið í veseni eða var þetta rólegt?

Já, þetta var nú frekar rólegt. Við vorum með vakt á nóttunni, það var frekar kalt undir morguninn áður en sólin kom upp, það höfðu margir lagt sig hist og her undir berum himni. Við fórum svo í það að draga þá úr skugganum í sólina svo að þeim yrði síður kalt. Það var tjaldað niður við Svartá, þar var melhóll og snarbratt niður að flatanum þar sem tjaldað var. Svo kom þar flutningabíll og bílstjórinn hafði fengið sér „einn lítinn“ og ætlaði að skipta við annan mann sem var í ökufæru standi. Allt í einu fer mannlaus bíllinn að síga af stað niður hólinn. Bílstjórinn sem komið hafði með bílinn og var búinn að fá sér einn, stökk til og náði að stöðva hann áður en að hann rann niður hólinn. Ef það hefði ekki tekist hefði orðið þarna stórslys. Lögregluþjónn frá Siglufirði vildi taka manninn og fara með hann í blóðprufu en ég sagði að það skyldi hann ekki gera, maðurinn hefði bjargað fjölda manns með snarræði sínu og hann féllst á það.

Það var Garðar Halldórsson oddviti á Rifkelsstöðum sem hafði samband og spurði hvort ég væri til í að fara á námskeið í lögreglufræðum. Þetta var skömmu áður en Freyvangur var tekinn í gagníð árið 1957. Ég féllst á það og við lærðum þarna ýmislegt.”

Kanntu ennþá löggutökin? Þór hlær að þessari spurningu, er eiginlega svolítið hneykslaður og segist ekkert atla að sýna

mér þau. Þá leiðum við talið aftur að búskapnum og ég spyr hvort hann hafi ekki verið tölverður hestamaður?

„Jú, ég átti mjög góðan hest sem ég kallaði Þyt, hann leggur mikla áherslu á orðin og maður skynjar að hugur fylgir máli.

Hafðir þú tíma til að ríða út?

Já, ég get sagt þér að þegar ég var t.d. að rýja ærnar á vorin og var oft alveg að drepast í bakinu við það verk, en ef ég hafði mig í að leggja á hest og ríða

smá spotta þá oftast en ekki batnaði bakverkurinn.

Er ekki Akur góð jörð? „Jú, jú, jörðin er þrjátíu hundruð samkvæmt gömlu mati.”

Áin er dálítið nálægt ykkur en það er eitthvað flatlendi sem þið heyið eða er ekki svo?

„Jú, það er um fimm hektara nes hérna suður og niður, það var kindahey á því hér áður og þar var heyið bundið upp á klakk. Ég var 10 ára þegar ég fékk að teyma lestina heim og reid á Lýsingi hans pabba. Það var til þess tekið hvað pabbi batt jafna og góða bagga sem var mikilvægt til að ekki hallaðist á. Ef það var ekki gert þurfti að þyngja léttari baggann með steini eða torfuskekli. Eitt sinn komu hér þýskir kvikmyndatökumenn og það heyrðist dálítið hátt suð í vélinni þegar þeir fóru að taka upp. Það kunni Lýsingur ekki að meta og varð órólegur. Guðmundur bróðir minn kom þá og teymdi undir mér.



Það þótti mér ekki gott. Stoltið beið smá hnekki í bili.”

„Ég verð að segja það að ég hafði miklu meira yndi af fénu,” segir Þór og bætir við að hann hafi farið í göngur í sextíu og eitt ár! fram á Sölvadal. Þangað gátu þeir rekið féð á vorin til sumararbeitar, vegna þess að hálfrendan á Kerhóli og 1/9 úr Finnastöðum (í Sölvadal) var í þeirra eigu.

Þú hefur tekið drjúgan þátt í félagslífi sveitarinnar. „Já, ég söng lengi í kirkjukórnum og var þá í tenórnum og seinna í karlakórnum og færði mig þá yfir í fyrsta bassa og naut þess mjög að syngja. Karlakórsmenn gerðu mig að heiðursfélaga á sínum tíma sem ég er þakklátur fyrir. Við Hanna höfum lengi tekið þátt í starfi eldri borgara en starfsemin er í Félagsborg í Hrafna-

gilshverfinu og það finnst mér alveg bráðnaðsynleg starfsemi, sem þar fer fram. Við höfum mikla ánægju af því að hitta félagana þar. Svo eru einnig tímar í íþróttahúsinu sem við sækjum. Ég skar töluvert út þegar ég var yngri og fór á námskeið í útskurði. Ef ég má monta mig aðeins þá man ég eftir því að sá sem var að segja okkur til, tók lokið af smíðisgripnum og sýndi hinum á námskeiðinu og sagði: Svona á að gera þetta!”

Viltu segja eitthvað að lokum?

„Ja, sjálfsagt gæti ég sagt ýmislegt ef ég myndi eftir því. Ég er nú orðinn gamall sem á grönnum má sjá.”

Er heilsan þokkaleg?

„Hún er ekkert of góð, við fengum bæði covid og ég fékk svo lungnaþólgu upp úr því. Ég hef ekkert náð

mér almennilega á strik síðan. En ég er þokkalega rólfær og byrja á því að sjóða hafragraut á hverjum morgni. Ég er að vona að ég geti endurnýjað ökuskirteini mitt núna um áramótin,” segir Þór að lokum.

Hanna býður upp á rjúkandi heitt kaffi og kökur í eldhúsinu. Skrifari imprar á því hvort hann megi taka mynd af þeim hjónum, en Hanna er ekki á því og Þór heyrir muldra í barm sér: „Hún hefur nú alltaf verið svolítið til baka, en það er ég viss um að ég hefði ekki getað fengið betri konu mér við hlið gegnum lífið.”

Viðtal: *Benjamín Baldursson*



Fyrsta hitaveitan í Eyjafirði

Páll Ingvarsson



Mynd 1

Reykhús hafa snemma á öldum verið byggð úr landi Kristness, landnámsjarðarinnar, enda nefnd samtýnishjáleiga. Reykhús var enn 1712 hjáleiga frá Kristnesi og reiknaðist þá fimmtungur allrar jarðarinnar.

Um aldamótin 1900 keyptu þeir tengdafaðgar Jón Davíðsson og Hallgrímur Kristinsson jörðina, þ.e. langafi minn og afi. Þá leit bærinn út eins og sést á mynd 1 en um þær mundir voru allir bæir í Hrafnagilshreppi torfbærir nema stórhýsið á Grund. Síðan hefur jörðin verið í eigu ættarinnar. Til er ábúendatal frá 1703 og er ég númer 38 í röðinni. Á 18. og 19. öld voru tíð ábúendaskipti

og númer 21 er maður að nafni Kleofas sem bjó hér árin 1808 - 1825, en þetta nafn hef ég ekki séð í símaskrá!

Nafnið á jörðinni er dregið af heita vatninu sem hér kom upp í laugum og var það lengi notað að mestu til þvotta og var laugarhús var byggt yfir laugina sérstaklega til þess arna og nutu nágðannar góða af.

Fljótlega eftir að þeir tengdafaðgar Jón og Hallgrímur keyptu jörðina var torfbærinn rifinn og byggt íbúðarhús með risþaki úr timbri með hlöðnum kjallara. Margsinnis var húsið stækkað og ég heyrði móður mína segja: „Það var alltaf verið að bæta við - suðurstofan, norðurherbergið, eldhúsið o.s.frv.“. Svo fær Hallgrímur þá hugmynd að virkja heita vatnið til upphitunar á íbúðarhúsinu.

Í bókinni Byggingameistari í stein og stál, saga Sveinbjarnar Jónssonar í Ofnasmiðjunni 1896 - 1982, stendur eftirfarandi: „Sveinbjörn fékk snemma áhuga á heitu vatni og sá í hendi sér að það mætti nýta miklu meira en gert var. Fyrstu afskifti hans af lagningu heits vatns í hús voru ári eftir að hann settist að á Akureyri. Kom Arnór Sigurjónsson frá Litlu-Laugum í Suður-Þingeyjarsýslu til hans og bað hann um álit á því hvort mögulegt væri að nota heitar lindir ofan við Litlu-Laugar til að hita upp héraðsskóla sem þá stóð til að byggja annaðhvort þar eða á Grenjaðarstað. Um byggingarstaðinn stóðu nokkrar deilur. Jónas Jónsson frá Hriflu vildi láta reisa skólann á heitum stað og nota vatnið.“



Laugarhús



María og Hallgrímur

Áfram segir í bókinni: „Áður en bygging Laugaskóla kæmist svo langt að heita vatnið yrði lagt í hann var Sveinbjörn búinn að hanna og leggja fyrstu hitaveituna í íbúðarhús á Norðurlandi.

Það gerði hann 1922 en þá lagði hann heitt vatn í íbúðarhúsið í Reykhúsum en það er jörð innan við Akureyri á þeim slóðum þar sem nú stendur Kristneshæli. Þar var laug með 72 gráðu heitu vatni en hún var neðar en bærinn og því var talið af og frá að hægt væri að leiða vatn úr henni í húsið. Einhverju sinni var Sveinbjörn í heimsókn hjá Hallgrími, þá forstjóra SÍS í Reykhúsum og barst laugin þá í

tal. Sagði þá forstjórinn að sér þætti slæmt að hafa hana rétt við bæinn án þess að geta nýtt hana til þess að hita húsið upp. Sveinbjörn kvað það vel hægt en tal þeirra féll þó niður. Um haustið dó Hallgrímur. Nokkru seinna sendi ekkjan son sinn til Sveinbjarnar og spurði hvort honum hefði verið alvara með að hægt væri að nýta lindina. Sveinbjörn sagðist standa við orð sín. Einhverjir hlógu að Sveinbirni þegar það spurdist að hann ætlaði að leiða vatnið upp í móti. En það var ekki það sem Sveinbjörn gerði. Eftir að hafa grufað og hugsað um málið um tíma fæddist snjöll hugmynd sem engum hafði dottið í

hug fyrr. Hann leiddi kalt vatn í rörum ofan úr fjallinu og í heitu lindina. Þar útbjó hann spíral úr járnörum og lögn þaðan og upp í íbúðarhúsið. Þrýstingur vatnsins var það mikill að það rann sjálfkrafa og kom vel heitt úr heitri lindinni.” Sumir kölluðu þetta Reykhúsaaðferðina.

Hér koma athugasemdir við það sem stendur í bókinni. Hitinn í Reykhúsalauginni var 78 - 80 gráður en ekki 72. Hallgrímur andaðist 30. janúar 1923 en ekki um haustið 1922 og íbúðarhúsið var tengt við hitaveitu 1923 og það eru því 100 ár síðan á þessu ári. Í bókinni er einungis talað um ekkju Hallgríms en hún hét María Jónsdóttir, systir Davíðs Jónssonar á Kroppi, og var amma mín. Rafmagn kom ekki í Reykhús fyrr en Kristneshæli var vígt 1927.

María skaffaði heita vatnið til upphitunar á Hælinu og fékk rafmagn í staðinn. Því miður urðum við að rífa gamla Reykhúsabæinn því það þótti ekki verjandi að eyða 18 mínútuflitrum til að hita húsið enda var einangrun þess ekki merkileg og þegar heita vatnið var tekið af því tók það ekki langan tíma að grotta niður og til þess að þurfa ekki að horfa á það skemmast var tekin ákvörðun um að rífa það. Ekki voru allir ánægðir með það og haft er eftir konu nokkurri að þá ætti hún ekki erindi í Reykhús. Ég hef lengi átt þann draum aðendurbyggja gamla bæinn en það kostar pening en draumurinn kostar ekkert!

Heimildaskrá:

Friðgeir G. Olgeirsson, Halldór Reynisson og Magnús Guðmundsson (1996). Byggingameistari í stein og stál. Fjölva útgáfa.
 Stefán Aðalsteinsson (2019). *Eyfirðingar framan Glerár og Varðgjár. Jarða- og ábúendatal 1. Sögufélag Eyfirðinga.*



Reykhús og Heilsuhælið

Erindi flutt í messu í Akureyrarkirkju á uppstigningardag - degi eldri borgara 20. maí 2023

Eftir Jóhannes Geir Sigurgeirsson



Eflaust er hægt að velta fyrir sér stöðu kristni og trúar í nútíma samfélagi á margan hátt. Það má til að mynda gera það undir formerkjum frægrar setningar Akureyrings úr íþróttasögunni þar sem fjallað var um eitt stærsta atvik í handboltasögu íslenska landsliðsins; þar sem Adolf Ingi Erlingsson var að lýsa afdrifarikum varnarleik Alexanders Petersson. *Hvaðan kom hann, hvert er hann að fara, hvað er hann* – að vísu með að breyta kyni á fornafninu. Það er jú hún, kirkjan.

Það má líka spyrja hvað er trú og erum við trúuð: Ég hef oft spurt sjálfan mig þessarar spurningar en hef ekkert einhlítt svar. Ég átta mig að vísu á að til þess að festa einhverjar rætur í tilverunni verðum við að trúa á eitthvað. Ég ólst upp við að móðir mín lét okkur bræðurna, fædda sinn á hvoru árinu og alda upp nánast sem tvíbura, fara með Faðirvorið og eitt-hvert fallett vers á hverju kvöldi og er þess fullviss að það var okkur mikilvægt veganesti til frambúðar.

Ég ólst einnig upp við reglulega kirkjusókn og náði í skottið á þeim tíma þegar kirkjusókn var enn nokkuð almenn og var enn mikilvægur hluti af félagslífinu sem hafði verið í

nokkuð föstum skorðum svo öldum skipti. Hér má nefna að við í gamla Laugalandsprestakalli höfum búið við mikla festu hvað varðar setu presta: Þeir hafa gjarnan setið í svona 20 til 40 ár og átt það sammerkt að vera mildir og umburðarlyndir í trúmálum og þar hefur engin breyting orðið á með þeim ágætu konum sem þjóna okkur núna í nýju prestakalli.

Ég ætla að slá botninn í þennan inngang með nokkrum orðum um trúarþörfina sem vissulega er til staðar. Við erum flókið apparat – mannfólkið - og þurfum öflugt akkeri til þess að rekast ekki undan vindinum eins og hann blæs sterkastur á hverjum tíma: Við verðum að trúa á eitthvað stærra en okkur sjálf til að standa áreiðandi og halda okkar striki. Þar hefur kirkjan gengt stóru hlutverki og á alla möguleika á að gera það áfram; þörfin er vissulega til staðar og hefur ef til vill aldrei verið meiri.

Trúin getur vissulega tekið á sig ýmsar myndir og stundum finnst mér að hér á Akureyri og nágrenni sé nokkuð stór hópur karlmannna á öllum aldri sem hefur tekið Liverpooltrú; og hver veit nema það hafi á stundum fleytt þeim í gegnum erfða tíma. Ég veit hins vegar ekki hvað það var í kvöldbænastundum móður okkar á sínum tíma varð þess valdandi að annar okkar bræðra sneri sér að Liverpool en hinn að Manchester United.

En hver er kirkjan samanber tilvitnunina í íþróttasöguna hér að framan? Kirkjan er stofnun og hún er íhaldssöm stofnun. Hún verður að vera það að vissu marki en við megum ekki rugla saman eðlilegri íhaldssemi og stöðnun. Í hraða nútímasamfélags hverfur sá sem staðnar ógnarfljótt í þöku liðins tíma. Þversögnin er hins vegar sú að ef til vill höfum við aldrei fyrr haft meiri þörf

fyrir eðlilega íhaldssemi en einmitt í dag þar sem yfir vofir stöðug sú hætta, bæði einstaklingum og samfélögum, að tapa áttum í krafti hraðari tækniþróunar en nokkru sinni fyrr í sögunni. Peter Drucker, einn mesti hugsuður síðustu aldar, orðaði þetta á eftirfarandi hátt. *Á fyrri öldum tóku byltingarnar í tækni og atvinnuháttum margar kynslóðir; nú lifir hver kynslóð margar byltingar.* Þetta einstigi milli íhaldssemi aldagamallar stofnunar og þörfinni fyrir að fylgja straumi breytinga verður kirkjan að feta: Mér finnst á stundum að hún sé svolítið ráðvillt á þeirri vegferð.

Hér erum við komin að því hvert kirkjan sé að fara eins og spurt var um Alexander á sínum tíma. Samanber það sem ég sagði hér á undan tel ég að hún sé ekki búin að gera það upp við sig. Hún þarf að fjarlægjast það liðna um leið og hún byggir nýjar hefðir til að mæta hraða nútímans. Væntanlega horfðu margir hér á krýningu Karls konungs nú fyrir skemmstu. Þær serímoníur bresku biskupakirkjunnar sem báru þá athöfn uppi eru ef til vill skýrasta dæmið sem hægt er að taka um hefðir sem eiga afar litla tengingu við nútíma líf; ef þá nokkra. Ég skal fúslega viðurkenna að ég horfði á athöfnina að stórum hluta enda um að ræða frábæra tónleika og alveg hægt að njóta athafnarinnar sem slíkrar.

Hvert getur þá verið leiðarstef kirkjunnar til framtíðar? Hvert er hún að fara eða frekar hvert á hún að fara? Þarf hún ekki að svara kalli tímans og hvert er það kall? Við sjáum allt í kringum okkur leit að festu og friði í sálum manna. Við sjáum hvernig því er mætt með hvers kyns kyrrdarstundum og hugleiðslu. Það er hægt að það er hægt að sækja jógastundir á fjölmörgum stöðum á Akureyri og

nágrenni. Þar er kyrrð og sefun hugans í öndvegi og oft með róandi og taktfastri tónlist. Ég er ekki að gera lítið úr eða fordæma þessa starfsemi; hún mætir þörf sem vissulega er til staðar og er í sjálfu sér alveg í takt við að sækja messu á góðum sunnudegi: Sitja í kyrrð og ró í tæpan klukkutíma og hugleiða undir fallegru tónlist og hugleiðingum prestsins. Gallinn er bara sá að það mætir enginn í messurnar. Við þessu þarf kirkjan að bregðast. Þörfin er til staðar; það þarf bara að sníða stakkinn betur að vaxandi þörf fyrir griðastundir í hraða nútímans. Helgistund eins og þessi hér í dag sem brýtur upp hefðirnar er vissulega spor í þessa átt og mætingin sýnir að þetta er rétt skref.

Hér er þó vert að nefna að vissulega er kirkjan í dag enn skjól frá amstri dagsins í stórum stundum í lífi okkar. Skírtnir, fermingar, giftingar og útfarir eru athafnir þar sem mikill meirihluti fólks kys að nýta sér þjónustu kirkjunnar og er til vill skýrasta dæmið um jákvæð tengsl almennings og kirkju. Þá má ekki vanmeta það mikla starf sem kirkjan sinnir í sálusorgun og almennu félagsstarfi innan sinna vébanda en það vantar meiri tengingu við búksorgir og andlegt streð hins daglega lífs.

Ég nefndi tónlistina. Hún hefur fylgt kirkjunni gegnum aldirnar. Ég hef hvergi komist nær guði mínum en í gegnum fallega tónlist. Falleg tónlist snertir strengi sálarinnar á einhvern óútskýrðan hátt: Strengi sem kirkjuna vantar sárlega að ná til. Þátttaka í kristilegum söng, kirkjukórunum, var nánast þegnskylda til sveita og bæja fyrir ekki svo löngu. Kór eldri borgara syngur hér í dag og vil ég fyrir hönd okkar kirkjugesta þakka fyrir frábæran söng. Það styttist í að minn kór, Kirkjukór Grundarsóknar geti gengið beint inn í þann kór. Það vantar sárlega endurnýjun í hinn almenna söng við kirkjulegar athafnir.

Við erum að fá í hendurnar nýja sálmabók sem búið er að leggja í mikinn metnað og vinnu. Endurspegl-

ar hún að Bragi Valdimar og Bubbi Morthens eru smám saman að taka við af Hallgrími Péturssyni sem höfuðskáldin við útfarir hér á landi sem, vel að merkja, er að mínu mati merki um að kirkjan er að vissu marki að koma til móts við nýja tíma og tengjast grasrótinni betur. Ég fann einn sálm eftir Bubba en ekkert eftir Braga Valdimar í bókinni.

En þakka skal það sem vel er gert. Við erum hér í Akureyrarkirkju sem frá upphafi hefur haft tónlistina í öndvegi og notið krafta frábærs tónlistarfólks og það ber að meta. Kirkjan var auk þess áratugum saman eina boðlega hljómléikahúsið við Eyjafjörð. Ef við lokum þessari umræðu um kirkju trú og tónlist með því að víkja aftur að krýningu Karls þá hefði sú athöfn verið hreinn skrípaleikur ef ekki hefði verið fyrir guðdómlega tónlist sem þar var framin.

Nú er bara fyrsta tilvitnunin í Adólf Inga eftir en ég hef tekið þær hér í öfugri röð. Hvaðan kom kristin kirkja eins og hún er í dag? Hún á sér rætur í boðskap Krists sem ef grannt er skoðað var svar við kalli tímans í samfélagi sem einkenndist af óbilgirni og grimmd: Auga fyrir auga og tönn fyrir tönn. Kenningar Krists hafa mótað samfélög og lagt grunninn að því siðferði og félagslegu umgjörð sem við búum við í dag. Það hefur ekki allt gengið upp og margt er ógert en þetta er nú samt grunnurinn sem við byggjum á. Við getum til að mynda velt því fyrir okkur hvort stofnana-væðing kirkjunnar í gegnum aldirnar sé alveg í anda Jesú Krists? Horfum aftur í þessu samhengi til krýningarinnar sem nefnd var hér að framan. Var hún í anda frelsarans?

En hugsjónir lifa: Fjallaði ekki meginsteifið á fundi þjóðarleiðtoga Evrópulanda sem nú er nýlega lokið hér á landi þrátt fyrir allt um að halda á lofti gildum mannréttinda og trú á hið góða í manningum sem svar við illsku og hatri; ættuðu úr myrkustu innviðum fornaldar: Þeim sömu og Kristur brást við á sínum tíma.

Nú er ég að verða allt of hátíðlegur. Það er því ekki úr vegi að enda þetta á aðeins léttari nótum en þó í samhengi við daginn: Dag heldri borgara. Manni verður þá ósjálfrátt hugsað til þeirra sem eru gengnir og þá ekki síst foreldra sinna. Ég hef áður nefnt móður mína sem fyrir þá sem hafa áhuga á ættfræði var Guðný Magnúsdóttir, fædd í Litla-Dal en alin upp á Ytra-Laugalandi og síðar húsmóðir á Öngulsstöðum.

Hún notaði oft málshætti og tilvitnanir í vísur og ljóð við uppeldi barna sinna. Ég man til að mynda eftir að oft greip hún til málsháttarinnar; *Margar hendur vinna létt verk*. Mér var alveg ómögulegt að skilja til hvers það þurfti margar hendur til að vinna eitthvað smávegis viðvik sem ætti að vera hægt að hrista fram úr erminni með annarri hendinni. Ég hef komist að því að ég var ekki einn um að hafa ekki meiri málskilning en þetta í bernsku sinni.

Þá vitnaði hún oft í vísu eftir Stefán G. Stefánsson sem hefst svona: *Löngum var ég lækni minn, lögfræðingur prestur* og var ætlunin að innprenta okkur að vera sem mest sjálfum okkur næg. Ekki man ég hvort hún fór ekki með vísuna alla eða athygli mín var bara á fyrri tveim línunum en þær ollu mér miklum heilabrotum. Hvernig stóð á því að á þessum tíma; þar sem háskólamenntun var fágætur munadur, hafi einhver lagt á sig að læra bæði til lögfræðings og prests? Það eitt út af fyrir sig var nógu skrítið en hvers vegna í ósköpunum var viðkomandi að fá tíma hjá læknum sínum til þess að tjá honum þessi vandræði sín en ég skildi þetta svona: *Löngum var ég, lækni minn, lögfræðingur og prestur*. Viðkomandi var að ávarpa lækning sinn. En hvað veit ég; þetta var löngu fyrir tíma áfallahjálpar og annarrar þjónustu sem er til staðar í dag fyrir fólk sem lendir í svona vandræðum.

Nú kemur að tengingu við kirkjuna: Faðir minn, Sigurgeir Halldórsson bóndi á Öngulsstöðum ásamt

móður minni voru máttarstólpar í starfi Munkarþveráarkirkju. Einhvern tímann á efri árum þeirra voru þau að sinna kirkjugarðinum þegar pabbi fékk hjartaóreglu sem hrjáði hann nokkuð á þeim tíma og fór niður á sjúkrahús til að fá bót meina sinna. Hjúkrunarkona og læknir sem tóku á móti honum spurðu meðal annars hvað hann hafi verið að gera þegar

þetta bar að. Hann sagði eins og satt var að hann hafi verið við slátt í kirkjugarðinum. Segir nú ekki meira af þessu nema að hann fékk þar bót meina sinna að talið var. Það fór þó svo að nokkrum dögum seinna fékk hann aftur sömu einkennin. Aftur var farið niður á sjúkrahús og fyrir einhverja tilviljun var sama fólkíð á vakt. Hann ber upp erindið við hjúkrunar-

konuna og hún kallar um hæl til læknisins sem var bakatil: „Hann er kominn aftur; maðurinn úr kirkjugarðinum”

Þau hvíla nú bæði, blessuð sé minning þeirra, í kirkjugarðinum á Munkarþverá meðan yngri kynslóðir sjá um umhirðu hans og um leið umgjörð þeirra sem gengnir eru á vit feðra sinna.



**Við óskum viðskiptavinum okkar
gleðiríkrar jólahátíðar og
farsældar á nýju ári.**

Göngum vel um heita vatnið yfir
jólahátíðirnar og allt árið um kring.



NORÐURORKA

Skemmtilegt að vinna fyrir eyfirska kúabændur

Viðtal við Guðmund Steindórsson fyrrverandi ráðunaut



Guðmundur Steindórsson var ráðunautur eyfiskra kúabænda í 45 ár samfleytt og naut vinsælda í starfi. Eyvindur ræddi við hann um þennan langa og farsæla feril. Þau hjón Guðmundur og Svanhildur Axelsdóttir hafa komið sér vel fyrir í góðri íbúð í Glerárhverfi á Akureyri. Þegar skrifari mætir er honum stax boðið kaffi og kökur og okkur verður tíðrætt um veðrið, en einmuna blíða hefur ríkt hér um slóðir í margar vikur. Viðtalið fer svo fram á skrifstofu Guðmundar, sem er björt og vistleg með mörgum hillumetrum af bókum.

Ef við byrjum á ætt og uppruna.

„Ég er fæddur í Þríhyrningi í Hörgárdal 1. janúar 1946 og bjó þar alveg fram yfir að ég fór í skóla á Laugarvatni og síðan á Hvanneyri en þaðan lauk ég svo kandídatprófi í búvísindum 1971. Ég tel mig mikinn Hörgdæling og hef alltaf haft tengingu þangað. Þegar faðir minn dó tóku bræður mínir við búskapnum í Þríhyrningi og þegar þeir hættu fluttu dóttir mín og tengdasonur þangað.”

Þú hefur verið að leika á Melum.

„Já, ég hef verið svolítið að myndast við það og hef haft mjög gaman af því. Fyrst var þetta á vegum ungmennafélagsins þegar ég fór að leika þarna, en síðan varð það úr að við stofnuðum leikfélag sem heitir Leikfélag Hörgdæla. Við höfum verið með sýningar

annað hvert ár og stundum á hverju ári. Já, já, það gengur ennþá og það hefur gerst að samin hafa verið verk fyrir leikfélagið og færð upp.”

Varstu meira fyrir kýr en kindur í uppvextinum?

„Nei, ég var nú meira fyrir kindurnar og veturinn eftir barnaskólann og áður en ég fór í framhaldsskóla var ég fjármaður heima í Þríhyrningi. Ég fór í Héraðsskólann á Laugarvatni, það þótti meira sport að fara eitt-hvað lengra til. Ég vissi af því að íþróttum var gert hátt undir höfði á Laugarvatni og ég hafði mjög mikinn áhuga á þeim og þá aðallega fótbolta. Við vorum líka í körfubolta og blaki. Svo hélt þetta áfram á Hvanneyri eins og þú þekkir.”

Hvernig voru skólaárin á Hvanneyri?

„Þau voru góð að langmestu leyti. Maður kynntist þarna fjölda manns þessi fjögur ár sem ég var þar, svo var ég eitt ár í Kennaraskólanum. Þar fór fram undirbúningsnám áður en við fórum í Framhaldsdeildina eins og hún hét þá.”

Kynntist þú konunni þinni á Hvanneyrarárunum?

„Já, þegar ég var í Bændadeild þá laumduðumst við upp í Varmaland, þar sem hún var í skóla”, segir Guðmundur og kímur. „Skólabróðir minn var með bíl og skutlaði okkur þangað ef vel lá á honum. Svo giftum við Svanhildur okkur vorið áður en ég byrjaði í Framhaldsdeildinni, en fengum ekki íbúð strax, en annan og þriðja veturinn vorum við komin með íbúð. Við eigum þrjú börn, einn son og tvær dætur yngri, barnabörnin eru orðin átta.”

Svo fékkstu strax starf hjá Búnaðarsambandinu eftir námið.

„Já, Ólafur Vagnsson fór í námsleyfi og ég kom inn fyrir hann. Síðan þegar hann skilaði sér fór ég upp í Lund

að aðstoða Sigurjón Steinsson sem var ráðunautur hjá SNE. (Samband nautgriparæktarfélaganna í Eyjafirði.) Þetta var síðla árs 1971. Svo deyr hann í mars 1972 og ég var svo ráðinn til starfa sem ráðunautur í framhaldi af því.”

Hvernig var að starfa fyrir eyfirska kúabændur?

„Það var gott,” segir Guðmundur og hlær. „Ég lenti aldrei í miklum úti-stöðum og yfirleitt var það afskaplega skemmtilegt að vinna fyrir þá. Þetta gat verið erilsamt á köflum. Svo kom afar erfitt tímabil þegar samdrátturinn var sem mestur upp úr 1980. Þá var fyrst reiknað út búmark og svo kom kvótinn í framhaldi af því. Það var mörgum erfitt.”

Eru einhverjar kýr eða sýningar eftirminnilegar?

„Já, já, margar. Fyrsta sumarið sem ég var hérna 1972 var kúasýning hér, en þær voru haldnar á fjögurra ára fresti. Ég var spurður hvort ég vildi fresta henni um ár en ég taldi rétt að drífa í að halda hana og það var gert. Þeir Jóhannes Eiríksson og Ólafur E. Stefánsson ráðunautar BÍ, komu og við flengduðumst hér um allar sveitir og komum á tvöhundruð bæi og dæmdum hátt í fimmtánhundruð kýr! Já, það eru margar eftirminnilegar kýr t.d. Þerna 67 á Bakka í Öxnadal. Hún varð 22 vetra, eignaðist 18 kálfa og mjólkaði 101.205 kíló á rúmum tuttugu árum, rúm fimm þúsund kg. að meðaltali á ári. Hún var alveg einstakur gripur. Svo voru kýr eins og Fía á Hríshóli, Skvetta, Steypa og Smella á Syðri Bægisá og Rós í Miðkoti sem var sérlega falleg kýr. Huppa í Árgærði, Huppa á Ytri-Reistará og Doppulína í Baldursheimi. Ég á málverk af þeirri síðastnefndu sem Búnaðarsambandið færði mér við starfslok. Svo voru mörg naut



Málverkið af Doppulínu

eftirminnileg eins og Sokki 59018, sem var nú reyndar að syngja sitt síðasta þegar ég var að byrja hér. Aðalverkefnið mitt á Hvanneyri var að gera upp skýrslur yfir 1. kálfs kvígur í tíu ár, eftir feðrum. Fyrsta árið sem ég vann með voru Sokkadæturnar með algera yfirburði. Svo smám saman fóru yngri nautin að síga framúr og það endaði með því að þær voru komnar undir meðaltal. Það var augljóst mál að hann var notaður of lengi og í dag dytti engum manni í hug að nota naut í tíu ár! Eitt af því fyrsta sem ég gerði eftir að ég kom upp í Lund var að heimsækja þau bú þar sem fyrirfyndust dætur nautanna Hrafns 65008 og Rikka 65009. Þessi naut höfðu reynst þokkalega í afkvæmaprófunum á Lundi en virtust svo ekki skila því þegar út til bænda kom. Dætur Rikka voru reyndar þokkalega afurðasamar en misjafnar í öðrum mikilvægum eiginleikum. Hrafnsdætur voru í meðallagi með afurðir en þægilegar og vinsælar kýr. Svo var skýrsluhaldið tölvuvætt um það leyti sem þú varst að byrja.

„Já, félagið í Svarfáðardal var komið inn í tölvubókhaldið og svo tíndust þau öll inn á næstu tveimur árum.“
Spjaldskráin sem þakti stóran hluta af gólfplássinu á skrifstofunni þinni var þó bjúsna lengi við lýði.

„Já, við héldum lengi í hana, kannski of lengi, en ég leit oft í hana sérstaklega þegar finna þurfti upplýsingar um nautsmæður. Spjaldskráin er til og vel geymd upp á Héraðsskjalasafni.“



Í Torfum

Nú hafa umræður um innflutning á erlendu kúakyni alltaf annað slagid komið upp. Hver er þín afstaða í því máli?

„Ég var alltaf heldur andsnúinn því að flytja inn nýtt mjólkurkúakyn því íslenska kynið er svo merkilegt. Það var mest talað um að flytja inn rauðar norskar en þær pössuðu engan veginn, það var þá helst Jersey kynið sem kom til greina en þær höfðu þann „galla“ sem þá var talið að gefa mjög fituríka mjólk og fitan átti allt að drepa á þessum árum. En ef til innflutnings kæmi núna væri Jerseykynið kannski heppilegast. Til allrar lukku datt þessi umræða upp fyrir og hefur ekki nokkur maður minnst á þetta í mörg ár.“

Heldur þú að erfðamengis úrvalið valdi straumbvörfum í ræktunarstarfinu?

„Ég get ekki fullyrt neitt um það og þekki það ekki nógu vel. Umræða um þetta var rétt að byrja þegar ég hætti störfum, en það er ljóst að þetta flýtir mikið fyrir erfðafrámförum því þarna eru nautin komin í dóm eftir tvö ár í staðin fyrir sex ár áður og nú er eingöngu sætt með reyndum nautum. Ég var að lesa núna að framfarirnar komi kannski ekki alveg einn, tveir og þrír. En svo er spurning hvað er hægt að pína mikið út úr hverjum grip.“

Guðmundur, þú átt mikið hól skilið fyrir hvað þú varst duglegur að taka myndir af verðlaunakúnum, ramma inn og afhenda bændum. Nú eru viðurkenningarnar einhver stöðluð klessa sem enginn hefur gaman af að horfa á.

„Sameiginlegu sýningarnar voru

Mynd: Þórir Niésson

að hætta þegar ég byrjaði og í staðinn var farið heim á hvern bæ. Síðan voru haldnir fundir og mér fannst tilvalið að lifga upp á þá með myndasýningum og datt svo í hug að láta innramma myndirnar og afhenda bændunum, sem áttu hæst dæmdu kýrnar í hverju félagi. Svo voru á sérstökum fundi veitt vegleg verðlaun fyrir þrjár efstu kýrnar í héraðinu. En nú verð ég að játa á mig að hafa staðið að innflutningi kúa! Það var þannig að ég var á ferðalagi erlendis og rakst þá á stytur af kúm úr „gulli“ „silfri“ og „brónsi“ og þannig verðlaun voru veitt í nokkur ár. En síðan hættu þær að fást og í framhaldi af því fékk ég þá í Slippnum til að skera út úr stálplötu eftirmynd af kúm sem síðan voru sprautaðar í gull, silfur og bronslitum.“

Viltu segja eitthvað að lokum?

„Ég fylgist ekki eins mikið með eftir að ég hætti að vinna, en eins og þetta er í dag óttast ég svolítið um mjólkurframleiðsluna. Maður er að heyra það að toppbú með alla aðstöðu og góðar afurðir séu að hætta. Svo getur enginn tekið við því, það þarf svo mikið fjármagn og ungt fólk hefur ekki bolmagn í þetta. Ég tala nú ekki um þegar vextirnir eru svona háir. Ég er svolítið uggandi yfir þessu. En það hafa komið hæðir og lægðir í þetta gegnum árin og maður vonar að úr rætist. Það væri skelfilegt ef ekki næðist að framleiða næga mjólk fyrir landsmenn.“

Viðtal: *Benjamín Baldursson*

Minningar úr barnaskóla

Eftir Benjamín Baldursson



Mynd: Sigurgeir Sigurgeirsson

Barnaskóli Öngulsstaðahrepps var á Syðra-Laugalandi og húsið tiltölulega nýlegt þegar ég steig þar fyrst fæti inn fyrir dyr, þá átta ára gamall. Móðir mín Þuríður Kristjánsdóttir hafði saumað á mig buxur úr drapplitu efni og vélprjónað peysu sem var græn að lit og var ég mjög sáttur við skólabúninginn. Frændi minn Kristján H. Theodórsson, var rétt ófluttur í nýja félagsheimilið Freyvang og fengum við far með skólabílnum sem Theodór faðir Kristjáns ók. Bíllinn var af gerðinni Dodge Weapon og gekk undir nafninu Rauðhetta vegna þess að þakið var rauðmálað.

Þegar í skólann kom vorum við prófaðir í lestri. Þar vorum við á svipuðu róli, hann fékk 4,6 og ég 4,5 í einkunn. Ekki vorum við meira í skólanum þetta vorið en í byrjun október hófst skólagangan fyrir alvöru. Þá tók á móti okkur ung stúlka frá Akureyri, sem hét Sigríður Guðmundsdóttir. Hún var rétt um tvítugt og nýorðin stúdent frá MA. Faðir hennar var þekktur borgari á Akureyri, Guð-

mundur Karl Pétursson yfirlæknir á Fjórðungssjúkrahúsinu, eins og það hét þá. Sigríður þessi kenndi okkur allan þann vetur í forföllum Haralds Þórarinssonar sem hafði veikst af berklum og dvaldi á Kristneshæli. Persónulega líkaði mér vel við Sigríði, hún var glaðleg og lagði sig fram við kennsluna. Aðrir kennarar voru Rósa Árnadóttir á Höskuldsstöðum, sem kenndi handavinnu, leikfimi, sund og dans, presturinn sr. Benjamín Kristjánsson á Syðra-Laugalandi kenndi lestur og biblíusögur og Hreiðar Sigfússon sem líka bjó á Syðra-Laugalandi kenndi okkur strákunum smíðar. Seinna tóku Guðný og Sigurgeir á Öngulsstöðum við handavinnukennslunni. Næsta vetur tók Haraldur aftur við sem aðalkennari skólans.

Nemendunum sem voru um fimmtíu var skipt í tvær deildir, eldri og yngri deild og var eldri deildin á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum og yngri deildin hina virku dagana. Mér eru minnisstæðir

leikfimi- og danstímarnir hjá Rósu. Þeir fóru fram uppi á Sal sem var á efri hæðinni, nokkuð rúmgóður en undir súð sem kom ekki að sök þar sem við vorum ekki há í loftinu. Fyrir leikfimi tímanna fórum við í leikfimi föt og hjá okkur drengjunum voru það bara mittisbuxur og öll vorum við berfætt. Eftir ýmis konar æfingar enduðu þessir tímar á danskennslu! Ekki var haft fyrir því að skipt um föt og man ég eitt sinn þegar Rósa var að kenna okkur masúrka og kallaði einn og tveir og hoppa, einn og tveir og hoppa, hoppa, hoppa, hoppa, hoppa. Við öll þessi hopp kom í ljós að teygjan í buxunum mínum var í slakasta lagi og var daman sem hét Hrafnhildur og var frá Kaupangi, í fullri vinnu við að halda buxunum uppi fyrir mig! En allt gekk þetta slysalaust að mestu. Eitt sinn í miðjum danstíma kallaði Rósa „DÖMUFRI.“ Stúlkurnar létu ekki segja sér það tvisvar og strixuðu yfir gólfid til strákanna. Stúlka utan úr Kaupangssveit kom og bauð mér upp en ég var mjög ókurteis og neit-

aði henni um dans, vildi frekar dansa við frænku hennar sem var jafnaldra mín. En þetta átti eftir að koma í bakseglin. Í hvert sinn sem hún rakst á mig það sem eftir var vetrar kallaði hún yfir alla „Benjamín þú ert svo montinn.” Féll mér þetta ákaflega illa. Á þessum árum var Rósa að eiga börnin sín og var ekki við kennslu næsta vetur og tók þá Haraldur við leikfimi kennslunni. Hjá honum var hún með allt öðrum brag og æfingarnar nokkuð einhæfar. Man ég mest eftir æfingu sem hann kallaði smáhopp.

Hann lagði mikla áherslu á að við færum í sturtu eftir leikfiminna, en í þá daga var bara ein köld sturta niður í kjallara. Eitt sinn hafði ég gripið með mér handklæði sem farið var að slitna og fór að tala um þetta við Harald að það væri ekki nógu gott. Hann taldi að það væri í lagi ef ég bara passaði að typpið á mér kæmi ekki út um gatið, sem var komið á handklæðið. Ef veður var sæmilegt fórum við út í frímínútunum. Oftast var farið í leik sem hét Slagbolti. Tveir foringjar kusu í lið og mig minnir að Gunnvör Björnsdóttir á Syðra-Laugalandi væri

oftst foringi í öðru liðinu en ég man ekki lengur hver var oftast foringi í hinu. Strax og ákveðið hafði verið hverjir væru foringjar sagði Gunnvör: „Allt í lagi ég tek Helga.” (Baldursson á Syðra- Hóli.) Þegar veðrið var vont vorum við inni og ræddum allt mögulegt meðal annars pólitík. Eitt sinn spurði ég Jón Guðna á Sigtúnunum hvar pabbi hans væri í pólitík og Jón svaraði skilmerkilega: „Hann er Alþýðubandalagsmaður en kaus Framsókn af því að hann er á móti kjördæmabreytingunni.”

Við vorum látin læra mörg ljóð utanbókar og gekk nemendum það misvel eins og gengur. Ég álasa mér enn fyrir framhleypli þegar Fanney frænka mín Theodórsdóttir þá tíu eða ellefu ára fór með „Gunnarshólma” Jónasar Hallgrímssonar, reiprennandi og án hiks en þegar hún var komin þar í kvæðinu og þylur: Blikar í laufi birkiþrastasveimur og skógar glymja, skreyttir reynitrájám. Þá er til ferða fákum snúið tveimur... o.s.frv. Þá trufla ég flutninginn og spyr: Haraldur, er það ekki blikar í lofti birkiþrastasveimur? Það er sussað á mig úr

öllum áttum og ég er enn með böggum hildar yfir þessu athæfi mínu. En núna nota ég tækifærið og bið frænku afsökunar, þó seint sé. Hún fór með kvæðið eins og það var skrifað í skólaljóðunum. Inga föðursystir mín hafði deginum áður verið að hlýða mér yfir „Gunnarshólma” og rak þá augun í þessa villu sem einhverra hluta vegna rataði inn í skólaljóðin og ranglega skrifað laufi í staðin fyrir lofti.

Svo ég segi meira frá stúlkunni sem ég vildi heldur dansa við þá voru eitt sinn í frímínútunum umræður um tunglið. Ég var yfirleitt mjög feiminn við jafnöldru mína og talaði sára sjaldan við hana. En hún blandaði sér í umræðurnar um tunglið þegar hún heyrði mig segja að það hefði komið upp yfir Brattahjalla í gærkvöldi. Hún hélt nú ekki, það hefði komið upp yfir Bæjardalnum. Um þetta stældum við nokkra stund og hvorugt gaf sig. Að endingu segi ég við hana og lagði mikla áherslu á orðin: Heyrðu góða mín! Hún leit þá á mig og svaraði með nokkrum þjósti: Hvenær varð ég nú einhver GÓÐA ÞÍN!

Skólahald á Munkaþverá

Mig langar að rifja upp nokkur atriði, þegar við krakkarnir á Borgarhóli, ég og Stefán bróðir minn, vorum í skólanum á Munkaþverá. Skólinn var í samkomuhúsinu á staðnum og var honum skipt í eldri og yngri deild. Var hvor deild í skólanum annan hvern dag. Þetta var áður en nýr skóli var byggður á Laugalandi. Við höfðum góðan kennara, sem hét Árne Rögnvaldsson. Hann var einnig mjög framsýnn í öðru en hefðbundinni kennslu. T.d. fór hann með okkur nemendurna til næsta bæjar til Hallgríms Júlíussonar, sem var organisti í kirkjunni. Lét hann okkur syngja þar. Sagði Árne okkur að það væri gott að syngja því að það hreinsaði

hugann. Árne lét okkur læra mikið af ljóðum og sálmum, sem kom okkur að góðum notum á þessum söngæfingum. Árne lét okkur standa upp í kennslustundum og gera leikfimisæfingar. Hann lagði áherslu á að við hreyfðum okkur og var oft úti með okkur í frímínútum. Þá lét hann krakkana búa til vísur, sem þeir gerðu með misjöfnum árangri. Ég man eina vísuna, sem strákur í bekknum gerði en hún var svona:


„Eitt sinn var ég fullur og átti brennivín.
Datt ég ofaní drullu
Og drattaðist heim til mín“.

Þetta vakti kátínu hjá krökkunum en Árna var ekki skemmt.

Ég man mjög vel eftir því að Árne sagði við okkur: „Krakkar mínir þið skuluð aldrei reykja því það er bæði óhollt og dýrt“. Þessu heilræði hef ég fylgt alla mína ævi. Árne lagði mikla áherslu á að við hefðum hollt og gott nesti með okkur í skólann og hvatti hann okkur óspart til að sjá um að svo yrði. Árne ásamt fleirum hafði forgöngu um að fenginn var skíðakennari til að kenna okkur á skíðum. Fór sú kennsla fram á heimili okkar Stefáns í brekkunni á Borgarhóli en seinna á Laugalandi.
Akureyri 2. desember 2023.
Arnheiður Jónsdóttir

Köld eru kvennaráð - en gjöfult er barnalán

Gísli Sigurgeirsson fer á hundavaði yfir sögu sýslumannssetursins á Grund og prestssetursins í Saurbæ



Vísbendingaspurning: Spurt er um merka staði í Eyjafirði. Fyrsta vísbending gefur þrjú stig: Þar riðu forðum hetjur um grundir á Sturlungaöld til að veга mann og annan. Köld voru þar kvennaráð.

Önnur vísbending gefur tvö stig: Þar hokruðu munkar um árabíl og segir sagan, að stundum hafi þeir iðkað veisluhöld og kvennafar í klaustrinu. Þar bjó eina Frú Eyfirðinga sem bar Frúartilinn með stórum staf.

Síðasta vísbendingin gefur eitt stig: Þar hokruðu búskussar af og til, en oftar bjuggu þar fyrirmenni með reisu. Sumir þeirra voru einnig kirkjunnar þjónar. Þar var símsstöð, þar var skóli, þar var verslun og þar var oft dansað og drukkið þar til dagur rann.

Já, já, hér er að sjálfsgöðu spurt um höfuðbýlin í Eyjafirði, Grund og Saurbæ, sem hvor um sig eiga sér merka sögu. Í Saurbæ var löngum stórbýli og prestsetur. Þar var nafli Saurbæjarhrepps. Talið er að Auðunn nokkur, sonur Þórólfs „smjör“, hafi búið þar fyrstur manna, en kona hans var dóttir Helga magra. Ekki er vitað

mikið um búskap þeirra hjóna, eða hvers vegna staðurinn fékk nafnið Saurbær. Þetta er ekki beint þrifalegt nafn, en sennilega er það dregið frá lýsingarorðinu „sur“ í norskum mállýskum, þar sem það er haft um votlendi, dý, keldu eða jafnvel litla lækjarsytru.

Helga var slóttug kerling

Grund er einnig sögufrægur staður. Þekkt er þjóðsagan um Grundar-Helgu, sem á að hafa haldist við á fjöllum þegar svartu dauði gekk yfir Eyjafjörð. Jafnvel er talið, að hún hafi búið inn við Laugafell og notið jarðhitans þar. Hún átti bræður tvo; Örn sem bjó í Öxnafellu og Eyvind sem bjó á Eyvindarstöðum. Þau systkini þóttu hafa sveitarráð. Helga giftist Þórði, sem var talinn auðugur, en hann réði engu á Grund. Son áttu þau gjörvilegan, sem hélt utan, en ákvað heimferð þegar hann frétti lát föður síns. Eftir hrakninga í hafi kom hann heim í Grund við sjötta mann og krafðist arfs eftir föður sinn. Helgu þótti súrt að missa stóran hluta af gulli sínu og lét húskarla sína gera aðför að syninum og körlum hans þegar þeir voru í svefni. Tókst að veга þá alla, en sonurinn gaf sig ekki fyrir en eftir frækilega vörn. Helga lét heygja þá að fornum sið og heitir þar síðan Danski hóll, segir þjóðsagan.

Sú sögn er líka til um Helgu, að hún hafi haldið Smiði Andrésyni, Jóni skráveifu og Ormi Snorrasyni veislu, þegar þeir settust upp á Grund ásamt 30 manna fylgdarliði. Ætluðu þeir að lækka rostann í Norðlendingum. Helga þóttist taka þeim vel, hélt þeim mikla veislu og veitti vel, þannig að gestirnir gerðust drukknir. En á meðan á veislunni stóð lét Helga safna liði sem gerði aðför að gestum Helgu

eftir að þeir voru komnir í svefn. Varð úr mikill bardagi, sem lauk ekki fyrir en höfuð Smiðs hafnaði í mjólkurtroggi húsfreyjunnar og Jón skráveifa náðist fastur í kamarauganu.

Helga sagði bræðrum sínum, að hún ætlaði að láta grafa sig í hól þeim er stæði upp og ofan við bæinn á Grund með öllu sínu lausafé. Vildi hún að þeir gerðu slíkt hið sama og vildi að þeirra holar yrðu í augsyn frá hólnum við Grund. Helga lifði þeirra lengst og lét hún heygja Örn í Arnarhól og Eyvind í Eyvindarhól. Hún lét einnig grafa hólinn við Grund að innan, þar sem hún lét útbúa stofu mikla og skrautlega. Þar var veglegt sæti, sem varð legstaður Helgu. Síðan var hólinn byrgður.

Grund verður sýslumannssetur

Löngu eftir þetta vopnaglamur settist að á Grund Gunnlaugur Guðbrandsson, sýslumaður Eyfirðinga, en því embætti gengdi hann frá 1805 til dauðadags 1834. Hann fæddist á Brjánslæk, í Barðarstrandarhreppi sonur sr. Guðbrands Sigurðssonar, sem þar var þá sóknarprestur. Hann hafði tekið við því embætti af föður sínum, sr. Sigurði Þórðarsyni. Móðir Gunnlaugs var Sigríður Jónsdóttir, einnig af prestaættum, dóttir sr. Jóns Gunnlaugssonar á Gilsbakka. Gunnlaugi hefur þótt vænt um staðinn, því hann tók upp ættarnafnið Briem og er það af Brjánslæk komið. Hann missti ungar föður sinn og fór þá í fóstur til sr. Björns Halldórssonar og Rannveigar Ólafsdóttur í Sauðlauksdal. Björn var mikill armaður í landbúnaði og jarðabótum, var meðal annars frumkvöðull í kartöflurækt á Íslandi. Björn var jafnframt mikill fræðimaður, en vildi fara sínu fram og þótti harður húsbóndi við hjú sín. Að



Gunnlaugur sýslumaður Briem, myndin sennilega tekin þegar hann stundaði nám við listaháskóla í Kaupmannahöfn með Bertel Thorvaldsen

líkindum hefur hann haldið hugðar-efnum sínum að fóstursyninum. Í það minnsta hafði Gunnlaugur mikinn áhuga á jarðabótum þegar hann bjó að Grund og einnig var hann gefinn fyrir grúsk í fræðibókum og listhneigður var hann.

Listamannseðlið sagði til sín

Þegar Gunnlaugur sigldi utan til náms kom það á óvart, að hann settist í listaháskóla. Þar lærði hann tréskurð, en einnig nam hann latínu og þýsku og náði góðum tókum á þessum málum. Í listaháskólanum kynntist Gunnlaugur Bertel Thorvaldsen, myndhöggvara, sem einnig var nemandi við sama skóla. Þeim varð vel til vana og munu hafa hugsað sér samstarf að námi loknu, sem ekki varð úr vegna ófriðar í Evrópu á þeim tíma. Sitthvað fleira virðist Gunnlaugur hafa lært í Kaupmannahöfn sér til gagns. Hann hefur náð sér í góða þekkingu í latínu, þýsku, stærðfræði og rúmfræði, sennilega utan skóla. Hann skrifar leiðbeiningarit um landmælingar ári áður en hann hefur nám í lögfræði 1797 utan skóla. Hann er síðan skipaður í jarðamatsnefnd árið 1800, sem átti að gera mat á jörðum á Íslandi. Störfin í nefndinni leiddu til starfa og ferðalaga um allt land um sex ára skeið. Nefndin lauk störfum, en niðurstöðurnar voru aldrei nýttar til gagns það best er vitað.

Jarðamatið tók sinn tíma

Ekki liðu margir dagar frá því að Gunnlaugur hafði verið skipaður í jarðanefndina þar til hann kvæntist Valgerði Árnadóttur. Hún var einnig af prestum komin, dóttir sr. Árna Sigurðssonar og Kristínar Jakobsdóttur. Bróðir Kristínar var Jón Jakobsson, sem þá var sýslumaður Eyfirðinga. Hann vildi fá Gunn-



Frúin á Grund Valgerður Árnadóttir, var dád og virt meðal Eyfirðinga á sínum tíma

laug fyrir aðstoðarmann, en það gat ekki orðið vegna starfa Gunnlaugs í jarðanefndinni. Tóku þau störf á ungu hjónin því á sex ára tímabili fluttu þau fimm sinnum búferlum milli landshluta og eignuðust þrjú börn. Áður en þessum störfum í jarðanefndinni var lokið hafði Gunnlaugur fengið veitingu konungs sem sýslumaður fyrir Eyjafjarðarsýslu. Til að hann gæti lokið störfum í jarðanefndinni tók Sigurður Snorrason, sýslumaður Húnavetninga, að sér að sjá um báðar sýslurnar á meðan. Gunnlaugur fékk veitinguna 1805, en það er ekki fyrr en 1807 að jarðamatinu er lokið. Þá setjast þau hjón að í Kjarna og Gunnlaugur gerist sýslumaður. Þar er nú útivistarskógur Akureyringa.

Smámunasamur sýslumaður?

Samkvæmt gömlum heimildum virðist Gunnlaugur hafa verið einstaklega starfsamur og nákvæmur embættismaður, en hann vann sér ekki til vinsælda hjá Eyfirðingum. Hann

hélt sig fast við lagabókstafinn og var rökfastur við allar sínar ákvarðanir. Hann þraukaði jafnvel í málaferlum út af smámunum, t.d. leitaði hann með logandi ljósi að höfundum vísna sem gengu manna á milli í Eyjafirði og Gunnlaugi þótti innihalda klám og níð. Enginn kærði, en Gunnlaugur tók það upp hjá sjálfum sér að rannsaka tilurð vísanna. Sr. Sigurður Jónsson, þáverandi prestur í Saurbæ, gekkst við kveðskapnum, en sagði hann gerðan til að spauga í vini sínum, sr. Jóni Jónssyni í Möðrufelli. Jón vildi nú ekki skrifa undir skemmtanagildi kveðskaparins; hann kvaðst fyrirlíta vísurnar. Gunnlaugur ákvað að fara ekki lengra með málið, en gegn því að sr. Sigurður léti 50 ríkisdali renna til fátækra í sveitinni og að hann lofaði að setja ekki saman slíkan kveðskap oftár. Sr. Sigurður féllst á þetta og skrifaði Geir Vídalín, biskupi, langt bréf til að afsaka kveðskap sinn og skýra tilurð hans. Hann mun hafa óttast um hempuna og Stefán Þórarinsson, amtmaður á Möðruvöllum, skrifaði einnig til biskups og fór þar hörðum orðum um vísaskáldið, en lagði janframt til að ákvörðun Gunnlaugs um sektina yrði samþykkt. Biskup gerði ekki formlega veður út af málinu, en sagt er að hann hafi ýjað að því í bréfi til vinar síns, að sér þætti verst hvað vísurnar voru illa gerðar!

Gunnlaugur elti ólar við fleiri meintar niðvísur, m.a. stóð hann í stappi við sr. Jón Þorláksson á Bægisá, en hefur sennilega ekki lagt í málaferli við hann vegna vinsælda Jóns og vegna þess orðsins sverðs, sem Jón kundi að fara með svo undan blæddi. Ein vísa Jóns var svona:

Hreppstjórunum heiður ber
hýða þeir svo blæðir,
þeirra mestur einn þó er
að hann slær og græðir

Þarna mun Jón vera að höfða til Gríms nokkurs, sem var hreppstjóri, en einnig græðari eða lækni.

Í þá daga lenti það á sýslumönnum eða hreppstjórum, að hýða dæmda glæpamenn ef enginn var böðullinn. En Gunnlaugur lagði ekki í að gera dómsmál út af þessum vísum Jóns, en hins vegar dæmdi hann Sigríði Jónsdóttur frá Hleinagarði í átta ríkisdala sekt fyrir eftirfarandi vísu:

Hreppstjórnir hafa graut
hráan til að sjóða.
Enginn má nú eiga naut,
utan sá þeir bjóða.

Vísa þessi varð til út af þeim vanda sem oft vildi koma upp í sveitum, að kým þarfnaðist nauts. Á þessum árum höfðu ráðamenn meðal bænda áttað sig á þeim sannleik, að kálfarnir sem undan kúnum komu drógu gjarnan dóm af því nauti, sem gagnast hafði kúnni. Þess vegna var bændum uppálagt að nota eingöngu eðalborin naut fyrir sínar kým. Gunnlaugur sýslumaðurur eltist einnig við að sækja Eyfirðinga til saka fyrir last og illmælgis og eyddi miklu púðri í að venja sveitunga sína af þessum löstum, en árangurinn var víst rýr. En ef til vill á þessi boðskapur Gunnlaugs erindi nú sem aldrei fyrr inn í íslenskt samfélag?

Vildi ekki verða þjónn Jörundar

Þrátt fyrir þennan „spardatíning“ sýslumannsins á Grund virðist hann hafa verið röggamt yfirvald, greindur og fjölhæfur. Hann var til dæmis ekki tilbúinn til að verða þjónn Jörundar Jörgensen, hundadagakonungs. Hann ætlaði að halda tryggð við sinn kóng í Kaupmannahöfn, sagði af sér sýslumannsembættinu og afpakkaði allar dúsur frá Jörundi. Aðeins fjórir sýslumenn gerðu slíkt hið sama en hann var sá eini sem útskýrði ákvörðun sína með langri skriflegri greinargerð. Hann vildi nefnilega hafa haldbær rök fyrir öllum sínum ákvörðunum. Jörundur lenti í erfiðleikum með að manna þær stöður sem losnuðu, m.a. setti hann Pál Benediktsson sem sýslumann Eyfirðinga, en sá var einungis 18 ára unglingur. En ekki

kom þó til þess að Gunnlaugur þyrfti að hverfa frá embætti til langframa, þar sem valdatími Jörundar náði ekki nema rétt yfir hundadagana.

„Frúin á Grund“ var mikil kona

Já, eins og hér hefur verið tíundað var Gunnlaugur maður bókstafsins og laganna og vann sér lítillar hylli í héraði. Það sama var ekki sagt um forvera hans, Jón Jakobsson, sem bjó rausnarbúi á Espihóli. Hann var við alþýðuskap, gekk ekki hart eftir greiðslum frá mönnum, sem hann vissi efnalitra. Hann vildi bæta úr vandræðum allra þeirra sem til hans leituðu Engu að síður var hann strangur við sín eigin börn í uppeldinu. Sigríður kona hans þótti vinnuhörð og laus við gjafmildi til umrenninga. Þetta snerist við á Grund þegar Gunnlaugur var fluttur þangað með Valgerði konu sína og börn. Þótt Gunnlaugur væri ekki alltaf við alþýðuskap var Valgerður kona hans var elskuð af Eyfirðingum. Hún var gjarnan nefnd „Frúin á Grund“ og það með stórum staf. Hún hafði um tíma verið í föstri hjá Jóni og Sigríði á Espihóli, en átti þar ekki góða daga. Sigríður lét hana ganga til útivinnu og illa klædda og skædda hvernig sem viðraði, segir sagan. Þá er sagt að sveitungar hennar hafi laumað til hennar sokkum og skóm. Sagt er að hún að hafi þá heitið því, að launa þeim greiðann fengi hún til þess efni og ráð síðar á lífsleiðinni. Bað hún Guð þess í bænum sínum, að hjálpa sér að efna þetta heit. Og Valgerður var bænheyrð, því „Frúin á Grund“ var aflögufær til hjálpar þeim sem illa voru staddir. Margir komu að Grund, því þar var aðalsamkomustaður sveitarinnar og þar um hlað lágu leiðir flestra sem um sveitina fóru. Og þeir víst gengu þeir ekki bönleiðir eða soltnir frá „Frúnni á Grund“.

Sjö börn komust til manns

Gunnlaugur og Valgerður eignuðust tíu börn og komust sjö þeirra til manns. Mörg þeirra áttu eftir að láta að sér kveða. Jóhann fór til Dan-

merkur, lærði til prests og kvæntist Petroline Fransine Snitker. Kona sú mun hafa verið eftirsótt, en sagan segir að annar vonbiðill hennar hafi verið sjálfur H.C. Andersen. En hún valdi drenginn frá Grund. Kristján Gunnlaugur var næstur í röðinni. Hann fór til náms í Danmörku, lærði þar smíðar, hélt síðan til Frakklands, en ekki er vitað hvað um hann varð þar.

Næst í aldursröðinni var Kristjana Jóhanna, sem í tvígang sigldi utan og kom ekki heim úr seinni förinni. Hún naut gestrisni Birgis Thorlacius og konu hans, Benedicte Kall. Með þeim fór Kristjana í ferð um Evrópu, sat veislu í Róm hjá gömlum vini Gunnlaugs, Bertel Thorvaldsen. „Gestirnir urðu hæfilega glaðir og gömnuðu sér með fallegum söngvum og indælum hljóðfærum,“ sagði sýslumannsdóttirin um veisluna í Róm. Í þessari ferð kynntist hún Carl Wilhelm Schutz, doktor í fornámalum. Þau gengu síðar í hjónaband og eignuðust 8 börn.

Þá er komið að Ólafi, timburmeistara eða forsmið, sem var aldrei orðaður við langskólanám. Gunnlaugur mun alltaf hafa hugsað sér, að Ólafur tæki við búskapnum á Grund, sem líka varð. En áður hafði hann farið utan og lært smíðar og alla tíð vann hann mikið við húsasmíði samhliða búskapnum. Hann kvæntist Dómhildi Þorsteinsdóttur og saman eignuðust þau 14 börn. Þau hjón létust með árs millibili rétt liðlega fertug.

Eggert Ólafur kom næstur í aldursröðinni. Hann gekk menntavegin og var eftir það ritari hjá föður sínum og tók við sýslunni tímabundið eftir lát hans. Síðar varð hann sýslumaður Rangæinga, Ísfirðinga og tók loks við Eyjafjarðarsýslu 1848 og settist að á Espihóli. Þá var hann kvæntur Ingi Björgu Eiríksdóttur Sverrissonar, sem þá var sýslumaður Snæfellssýslu. En þar kom að flytja átti sýslumannsembættið til Akureyrar, en þangað vildi Eggert ekki fara. Hann var mikið fyrir búskapinn og hafði stórt bú á Espihóli, sem skilaði honum tekjum á við sýslumannsembættið. Hann sá

fram á að missa spón úr aski sínum ef hann færi með embættinu til Akureyrar. Þá varð úr, að hann sótti um Skagafjarðarsýslu og fékk. Lengst af bjuggu þau hjón á Reynistað. Þar var hann með stórbú; sex hundruð fjár, tuttugu nautgripi og mörg hross. Þau hjón eignuðust 19 börn og mönnuðust 13 þeirra.

Hann greiddi lokka við Galtará

Við höfum sagt frá Kristjönu Jóhönnu, sem dásamaði veisluhöld í Róm, en yngsta dóttir sýslumannshjónanna hét Jóhanna Kristjana, þannig að sýslumannshjónunum hefur greinilega þótt vænt um þessi nöfn. Hún var tvítug gefin sr. Gunnari Gunnarssyni í Laufási, sem á brúðkaupsdaginn var 53ja ára gamall. Þá hafði Gunnar eignast Þóru, sem Jónas á að hafa greitt lokka við Galtará. Hann vildi kvænast Þóru, en Gunnar taldi þau of ung til að eigast. Úr urðu sögusagnir um ástarævintýri aldarinnar, sem lifa enn. Enginn veit þó fyrir víst hvort um gagnkvæma ást var að ræða, en hitt er víst, að Ferðalok er eitt fallegasta ástarkvæði sem samið hefur verið á íslenska tungu. Það hefur þó verið samið löngu eftir umrædda ferð Jónasar, Þóru og Gunnars yfir hálendið frá Reykjavík til Eyjafjarðar. Sama dag og Gunnar kvæntist Jóhönnu giftist Þóra sr. Halldóri Björnssyni, sem hafði fengið veitingu fyrir Eyjardalsárprestakalli í Bárðardal.

Þau Gunnar og Jóhanna áttu tvo góða áratugi saman og eignuðust fimm börn. Elstur var Tryggvi, sem var ármaður í íslensku þjóðlífi á nítjándu öld og fram á þá tuttugustu. Hann hét raunar Gunnlaugur Tryggvi fullu nafni; hann lét til sín taka á flestum sviðum þjóðlífsins um sína daga. Hann var bankastjóri Landsbankans undir það síðasta og mynd hans prýðir hundrað krónu seðilinn, sem sést nú sjaldan orðið í umferð. Tryggvi hvílir einn í sínum grafreit. Hann sá um að rækta upp garðinn við Alþingishúsið, enda átti hann löngum



Sr. Gunnar og Sigríður með drengina sína á meðan allt lék í lyndi

sæti á þingi. Í garðinum var hann borinn til grafar og þar er um hann veglegt minnismerki. Tryggvi fékk því sinn eigin grafreit og segir það sitt um manninn og þá virðingu sem hann naut.

Katrín Kristjana kom næst í heiminn hjá prestshjónunum í Laufási. Hún var um tíma hjá frænda sínum á Espihóli og þar hefur hún sennilega komist í kynni við Pétur Havstein, amtmann á Möðruvöllum. Ekki er loku fyrir það skotið, að amma hennar, Frúin á Grund, hafi haft áhrif til þess að Katrín giftist Pétri. Hann hafði verið tvígiftur áður, þótti skörungur á yngri árum, en sótti í flöskuna með árunum og ekki við allra skap þegar sá gállinn var á honum. Á endanum var hann hrakinn úr embætti og flutti þá í Skjaldarvík. Þeirra sonur var Hannes Hafstein, fyrsti ráðherra Íslands og skáld.

Ekki sama gæfa og gjörvileiki.

Næst eignuðust Laufáshjónin dreng sem fékk nafn föður síns og hann fetaði einnig í fótspor föður síns og lærði til prests. Þá kom Eggert Ólafur, sem lét mikið að sér kveða líkt og Tryggvi bróðir hans. Hann var bóndi á Espihóli og Laugalandi, kaupstjóri á Akureyri um hríð, umboðsmaður Munkaþverárklostursjarða og settur sýslumaður í Skagafirði um skeið. Hann stóð fyrir stofnun Framfarafélags Eyjafjarðar, beitti sér fyrir

stofnun kvennaskóla á Laugalandi og stóð fyrir samtökum til að ræsa fram Staðarbyggðarmýrar. Hann var kosinn á þing fyrir Norður-Múlasýslu 1875. Hann kvæntist Elínu Sigríði Magnúsdóttur Ólsen, alþingismann. Hún lést í janúar 1869 og eftir það virðist Eggert missa fótanna. Hann kemur víða við en staldrar stutt við á hverjum stað. Loks virðist hann hafa verið kominn í skuldafen, sem hann réði ekki við. Hann fór af landi brott



Tryggvi Gunnarsson ræktaði garðinn við sinn vinnustað; Alþingishúsið

1884 og hvarf í Bretlandi. Enginn vissi hvað um hann varð.

Yngstur barna prestshjónanna í Laufási var Geir Finnur, sem var nýorðinn 10 ára þegar faðir hans lést sumarið 1853. Þá var ekkjunni ekki til setunnar boðið í Laufási, en það varð úr að hún flutti með börnin til séra Þorsteins Pálssonar á Hálsi, sem þá hafði nýlega misst Valgerði Jónsdóttur konu sína frá stórum barnahópi.

Þau gengu í hjónaband, að „frænda ráðum“, að því er sagt var. Farnaðist sambúð þeirra Jóhönnu Kristjönu og Þorsteins vel, en ekki áttu þau börn saman. Og eitt leiddi af öðru, því Tryggvi og Halldóra dóttir Þorsteins felldu hugi saman og gengu í hjónaband og hófu búskap á Hallgilsstöðum í Fnjóskadal. Halldóra glímdi lengi við vanheilsu, fór til lækninga í Kaupmannahöfn en fékk ekki heilsu á ný. Hún lést á besta aldri án þess að þau Tryggvi ættu börn saman.

Þá er aðeins ónefnt yngsta barn sýslumannshjónanna á Grund, en þar er um að ræða Jóhann Kristján. Hann er sem sé nafni elsta bróður síns; eftirtektarvert hvað sýslumannshjónin hafa verið hugmyndasnaud um nöfn á börnin sín! Eggert bróðir hans bjó hann undir nám og hélt hann kornungur til Kaupmannahafnar og hafði hug á að læra handlækningar. Komst hann þar í skjól nafna síns og bróður, en eitthvað fór úr böndum með læknanámið. Jóhann kom heim eftir árið og settist í Bessastaðaskóla. Þaðan fór hann aftur til Kaupmannahafnar og lærði guðfræði. Hann þjónaði síðan Hrunaprestakalli heimkominn, í áraradír. Þangað til sín tók hann bróðurson sinn í fóstur; Valdimar Ólafsson Briem, sem síðar átti eftir að verða vígslubiskup og eitt afkastamesta sálmaskáld þjóðarinnar. Hann mun eiga eina 80 sálma í sálmaþókinni okkar og eina 10 sálma í færeysku sálmaþókinni.

Mikill ættbogi frá Grund

Af framansögðu má ráða, að mikill ættbogi kom út frá sýslumannshjónunum á Grund. Þess vegna verður vart þverfótað fyrir „Briemurum“ í samfélaginu, þótt því fari fjarri að allir afkomendur þeirra hjóna hafi tekið upp þetta ættarnafn frá Brjáns-læk. Gunnlaugur lést í febrúar 1834. Frúin á Grund bjó þar áfram í skjóli Ólafs sonar síns og tengdadóttur. Eftir lát þeirra fékk hún afdrep uppi á lofti í gamla bænum á Grund. Hún varð níræð og fjórum árum betur og lést að

Grund í júlí 1872. Hún var jarðsett í grafreitnum þar við hlið eiginmanns, sonar og tengdadóttur.

Jæja, nú er nóg komið um höfuðbylið Grund, þótt margt fleira mætti skrifa um þann merka stað og það mektarfolk er þar hefur búíð. En hverfum aftur til Ólafs timburmeistara Briem, sem tengir Grund við annað höfuðbyli í Eyjafirði; Saurbæ. Ólafur tók við búi á Grund eftir foreldra sína og bjó hann stórt; var oftast með tugi vinnumanna og kvenna. Aukin heldur var hann oftast með nokkra pilta í smíðanámi; þar á meðan frænda sinn, Tryggva í Laufási. Tryggvi var námfús og smíðapökk- ingin átti eftir að reynast honum vel þegar hann reisti sér bú á Hallgilsstöðum, auk þess sem hann kom að smíði Laufáskirkju og kirkjunnar á Hálsi. Tryggvi útskrifaðist sem smíður frá frænda sínum sama árið og faðir hans lést. Þá fór hann heim í Laufás og rak búíð þar með móður sinni þar til hún flutti með börnin í Háls.

Ólafur glæsímenni og gleðimaður

Ólafur timburmeistari á Grund var maður sem margir menn vildu taka sér til fyrirmyndar á hans velmektarárum. Hann þótti manna glæsilegastur, fríður sýnum og bar sig fyrir mannlega, segir sagan. Hann var gleðimaður og hrókur alls fagnaðar hvar sem hann kom, skáldmæltur og orðheppinn. Til eru margar kersknisvísur eftir hann, m.a. þessi:

Brosir Venus, Bakkus hlær.
Burt með sorg og kvíða.
Klingjum, drekkum, kátir vær,
kyssum stúlku blíða.

Öllu söngli læt ég lokið
leggja mig til hvíldar fer.
Óðinshana fjaðrafokið
fellur niður. Búið er.
Því ég missti þankaflug
þegar myrk var nótt í hug.

Ólafur byggði Saurbæjarkirkju árið 1858 og er hún stærst þeirra torfkirkna sem varðveist hafa. Kirkja-

an er með timburstöfnun og þiljuð innan, en torfveggir með langhliðum og einnig er torf á þaki. Kirkjan var friðlýst 1959, en það mun hafa gleymst að þinglýsa þeim gjörningi, þannig að friðlýsingin var ekki talin gild. Þá var hún aftur friðlýst 1. janúar 1990 og sá gjörningur stendur enn. Þjóðminjasafnið sér um vörslu kirkjunnar og viðhald. Hún er í dag í góðu standi, en stundum hefur þó fallið á silfur hennar á undanförunum áratugum. Kirkjan er látlaus og falleg og ber meistara sínum fagurt vitni. Að undanförunu hefur kirkjulóðin verið lagfærð, m.a. hafa verið hlaðnir garðar umhverfis grafreitinn líkir þeim sem þar voru fyrrum. Allt það verk er til mikillar fyrirmyndar.

Helgi magri gerði vel við sína

Um 900 gaf Helgi magri tengdasyni sínum, Auðuni Þórólfsyni „rotnum“ land Saurbæjar. Það var rúmt um Auðun, því land hans var ríflega það sem Saurbæjarsókn varð síðar. Niðjar hans sátu staðinn um tíma, en síðar kom Hlenni hinn skakki og gamli Ormsson til sögunnar. Hann þótti ráðagóður og niðjar hans sátu staðinn eftir hann. Klaustur var stofnað í Saurbæ fyrir árið 1200 og mun hafa starfað í nokkra áratugi. Fáar sögur fara hins vegar af því klaustri og þeim klausturlifnaði sem þar fór fram. En um 1230 sest Þorvarður Þórðarson að í Saurbæ og síðar Þórður sonur hans. Þorvarður var einn helsti forystumaður Eyfirðinga um á 13. öld. Hann var í vinfengi við Sturlunga, Sighvat á Grund og Þórð kakala. Fór hann í herferðir með þeim og tók m.a. þátt í Örlygsstaðabardaga. Eftir lát Þórðar gekk jörðin undir kirkjuna og kirkja mun hafa verið reist í Saurbæ strax á dögum Hlenna hins gamla, sem tók kristna trú áður en hún var lögleidd á Alþingi. En eftir Þórð kemur hver presturinn af öðrum í Saurbæ og gengur svo um aldir uppstyttiltið.

Í Miklagarði var einnig prestsetur og kirkja lengi vel. Þar sat lengi sr.

Hallgrímur Einarsson Thorlacius, sem mikill ættbogi er kominn frá. Hann þótti ekki alltaf varkár í orðum og átti gjarnan í málaskaki við sveitunga sína. Elín dóttir hans var ljósmóðir og stóð lengi fyrir búi föður síns. Synir hans gengu menntavegin og varð Hallgrímur prestur á Hrafnagili og Einar fékk Saurbæ. Hann hafði víða farið áður en hann settist þar að 1823, en hann þjónaði prestakallinu í 47 ár. Hann þótti mikill kennimaður og góður bóndi og kynsæll. Ein dætra hans var Ólöf, sem varð seinni kona Hallgríms Kristjánssonar, gullsmiðs á Akureyri. Þeirra sonur var Einar faðir Hallgríms ljósmyndara á Akureyri, en ljósmyndir hans og sona hans Kristjáns og Jónasar eru ómetanlegar sögulegar heimildir. Systir Ólafar var Elín, sem lengi bjó í Fjörurni á Akureyri og rak þar veitingahús, sem nefndist Elínarbaukur.

Jón var sonur Einars og fetaði hann í fótspor föður sína og lærði til prests. Hann tók við Saurbæjarprestakalli eftir föður sinn og leitaði ekki langt eftir konuefni, því hann kvæntist Ólöfu, dóttur sr. Hallgríms á Hrafnagili, sem var föðurbróðir Jóns. Þau eignuðust Elínu Guðrúnu, sem giftist Kristjáni Hallgrímssyni, gestgjafa á Seyðisfirði og Einar bróðir hennar varð þar sýslumaður. Með seinni konu sinni, Kristínu Rannveigu, átti sr. Jón Thorlacius Ólaf Jón, sem lærði til læknis og þjónaði íbúum í Geithellnahreppi með aðsetri í Búlandsnesi.

Á eftir Jóni komu prestar í Saurbæ og fóru, en þegar leið á tuttugustu öldina tók sr. Jakob Björnsson við prestakallinu. Hann var Borgfirðingur að ætt, en kona hans var Sólveig Pálsdóttir. Meðal barna þeirra var Ragnheiður Jakobsdóttir, sem giftist Árna Hólmi Magnússyni. Þau tóku við búi Jakobs í Saurbæ, en fleiri búendur nytjuðu jörðina á þessum árum upp úr 1900.

Liðtækur við brúargerð

Í upphafi tuttugustu aldar sáu ráða-

menn, að mál var til komið að gera akvegi um landið. Þá þurfti líka að brúa ár og læki. Ungur drengur ættaður frá Einholti í Austur-Skaftafellssýslu kom til náms við Gagnfræðaskólann á Akureyri eftir langt ferðalag frá Hornafirði. Fór hann það ýmist gangandi, með strandferðaskipum eða á hesti. Hann settist í 1. bekk haustið 1912 og varð annar hæstur á inntökuprófi. Meðal kennara hans var Páll Árdal, ættaður úr Saurbæjar-sókn. Þar kom að drengurinn átti að skila ritgerð, sem hann gerði „í hvílandi hvelli“, því á sama tíma var hann að skrifa skáldsögu. Ritgerðinni fylgdi eftirfarandi vísa:

Mér – ég óttast – varla í vil,
verkið nokkur metur.
Ég gaf mér ekki tíma til,
að tala um þetta betur.

Þegar drengurinn fékk ritgerðina frá Páli var skrifað á blaðið með rauðu lettri:

Skarplega þú skilur allt
og skýrir í stuttu máli.
Þú skalt hafa þúsundfalt
þakklæti frá Páli.

Þetta blés byr í segl hins unga námsmanns, sem fór með himinskautum eftir þessa umsögn skáldsins frá Helgastöðum. Hér er átt við Gunnar Benediktsson, sem réði sig í vegagerð eftir fyrsta veturinn í skóla. Kaupið var kr. 3.25 á dag fyrir 10 stunda vinnu. Um sumarið vann flokkur hans við brúargerð í Grundarþingum, gerði brú yfir Djúpadalsá og aðra yfir Skjöldalsá. Einnig voru byggðar brýr eða ræsi á Finnastaðeyrum og hleypt upp vegi á milli þeirra. Átti Gunnar góð samskipti við Eyfirðinga um sumarið, oftast varðandi hirðingu á fatnaði og skrinukost. En kaupíð var lágt og Gunnar óttaðist að þurfa að hverfa frá námi. En með stuðningi og utanskólalestri tókst honum að klára námið í samráði við Stefán Stefánsson, skólameistara.

Víxill var sleginn og þar var Jónas á Hrafnagili ábyrgðarmaður. Gunnar þreytti gagnfræðapróf og varð fjórði hæsti. „Aldrei á ævi minni hef ég verið eins sæll í samfélagi við einkunnir mínar og þetta vor“, segir Gunnar í minningum sínum.

Hvatti Finn til náms og bjartsýni

Sumarið eftir prófið þurfti að vinna fyrir víxlinum og nauðsynjum. Þá fór Gunnar í byggingarvinnu og var við steypuvinnu fyrir kaupfélagið. Þá fékk hann heilar 4 krónur á dag. „Þetta háa kaup“ fékk Gunnar vegna reynslu sinnar við að hræra steypu við brúargerðina sumarið áður. Það fólst í að hræra saman mól, sementi og vatni á þar til gerðum palli. Lengra var nú ekki verkmenningin komin sumarið 1914. Meðal samstarfsmanna hans var Finnur Sigmundsson frá Ytra-Hóli, sem síðar varð Landsbókavörður. Góð vinátta tókst með þeim félögum og síðar þegar þeir hittust í Austurstræti og settust þar á bekk sagði Finnur Gunnari, að bjartsýni hans og velvilji hafi átt stóran þátt í að hann fór til náms, fátækur sveitastrákurinn. Já, það kemur fram í minningum Gunnars, að á þessum árum var hann nokkuð ánægður með sjálfan sig lífið og tilveruna og ákveðinn í að brjótast til náms, þrátt fyrir fátæktina.

Eftir skólagöngu á Akureyri hélt Gunnar suður yfir heiðar til frekari menntunnar. Hann kvæntist Sigríði Gróu Þorsteinsdóttur og fyrr en varði fæddist þeim sonur sem fékk nafnið Þorsteinn. Með þrotlausri vinnu með náminu tókst Gunnari að ljúka háskólaprófi í guðfræði. Hann fékk veitingu fyrir Grundarþingum með aðsetri í Saurbæ. Hann var vígður 27. júní 1920. Þá var bara eftir að koma sér norður. Ferðalög á milli landshluta með heila fjölskyldu og búslóð var ekki einfalt mál. Strandferðaskipin voru að vísu til staðar, en þau þræddu hverja höfn alla strandlengjuna, þannig að það gat orðið æði tafsamlegt ferðalag. Það var Gunnari til láns, að hann fékk far með síldarbát

frá Reykjavík til Siglufjarðar. Þar var fjölskyldunni og búslóðinni hent í land, en viðskilnaður og samstarf við áhöfn skipsins var með ágætum. Það var ekki þeirra sök, að enga gistingu var að hafa á Siglufirði. Prestur staðarins gat ekki hjálpað, en þegar neyðin er stærst er hjálpin næst. Gunnar rakst á gamlan skólafélaga sinn frá námsárunum á Akureyri; Jens Eyjólfsson. Hann var þá sestur að á Siglufirði með konu sinni Guðrúnu Jóhannesdóttur, Rúnu í Gilinu, sem Gunnari hafði þótt fegurst stúlkna á Akureyri þegar hann var þar við nám. Þá var hún að leika þar með Leikfélaginu og naut mikilla vinsælda. Í skjóli þeirra hjóna nutu Gunnar og fjölskylda hlýju og veitinga sem kóngafólk væru í tvo sólarhringa. Þá gafst loks ferð til Akureyrar. Þar fengu þau gistingu á Hótel Godafossi, sem Jóninna Sigurðardóttir stýrði. Eitt fyrsta verk Gunnars var að heimsækja Sigurð Kristinsson, kaupfélagsstjóra, til að ganga í Kaupfélagið og stofna þar reikning, sem átti að taka við launum prestsins. En þar sem pyngja Gunnars var nánast tóm fékk hann heimild til nauðsynlegra útgjalda hjá KEA, þótt launin væru ekki komin.

Eftir það fóru þau hjón inn í Saurbæ og aðkoman þar varð þeim vist áfall. Eftir að forveri Gunnars, Jakob Björnsson, lét af prestþjónustu, var prestakallið sameinað Grundarþingum og féll þá undir þjónustu sr. Þorsteins Briem á Hrafnagili. Þegar hann hætti þjónustu keypti hann prestsetrið á Hrafnagili og Saurbær var þá gerður að prestsetri á ný. En jörðin hafði verið byggð skylduliði sr. Jakobs til næstu fardaga. Þetta kom sér ágætlega fyrir Gunnar, því fjárhagurinn leyfði ekki tilstand við að koma sér upp búi. Árni Hólm tók vel á móti hjónunum í Saurbæ og leiddi þau í gamla bæinn, þar sem þil voru heldur betur tekin að skekkjast. Presthjónin fengu hluta baðstofunnar til afnota, tvær rúmlengdir, en undir rúmstæðunum voru torfbálfar. Þegar þeir voru fjarlægðir til að koma fyrir rúmum prestshjón-



Gamli torfbærinn í Saurbæ var kominn að fótum fram þegar ungu presthjónin riðu þar í hlað sumarið 1920

anna gaus upp mikil flóasveimur sem olli írafári í baðstofunni. En prestfrúin var herská, að sögn Gunnars, og sérlega kæn að ráða niðurlögum þessa herskara. „Óvinirnir voru stráfelldir í einni leiftursókn“.

Herskúa prestfrúin

Presthjónin reyndu að gera gott úr öllu og fólkíð sem fyrir var í Saurbæ var þeim einstaklega hjálplegt. Safnað var saman hrossum og hestvögnum í sveitinni og farið í lestarferð til Akureyrar eftir búslóð prestshjónanna. Einnig réðust sveitungarnir í að byggja timburhús við baðstofuna, þar sem presthjónin gátu komið sér betur fyrir og presturinn fengið góða vinnuástöðu. Gunnar var fyrr en varði kominn á kaf í félagsmálastörf, hann var eindreginn bindindismaður og var virkur í félagsskap templara. Hann lét líka til sín taka á ritvellinum, skrifaði í Akureyrarblöðin og var þar stundum nokkuð stóryrtur að mati sóknarbarna. Hann var einnig að vinna með Framsóknarmönnum og var fenginn til að gera uppkast að samþykktum fyrir Framsóknarfélag Akureyrar. Við þá vinnu uppgötvaði Gunnar að hann var enginn framsóknarmaður, því hann fann að hugur hans var mun róttækari. Eftir það var hann harðsvíraður sósíalisti. Gunnar átti líka gott samstarf við Kristínu Sigfúsdóttur, skáldkonu frá

Helgastöðum, þótt það samstarf væri stormasamt í upphafi. Hún kom til hans með leikritið Tengdamamma, sem hún hafði skrifað og vildi fá umsögn prestsins. Hann sagði henni sína meiningu, en eftir þessa samfundi með Kristínu leið Gunnari ekki vel. Hann óttaðist að hafa gengið of langt í gagnrýni sinni. En hann þurfti ekki að óttast, því Kristín endurskrifaði leikritið og kom með nýju útgáfuna til Gunnars. Hann sendi það til leikfélaganna á Akureyri og í Reykjavík, en fékk lítil viðbrögð. Það varð úr að ungmennafélagið og kvenfélagið sameinuðust um að setja verkið upp í samkomuhúsi sveitarinnar í Saurbæ. Það gerði mikla lukku, var sýnt 18 sinnum í Saurbæ. Einnig var farið niður á Staðarbyggð og sýnt á Þverá í þrígang og síðan í þrígang á Akureyri fyrir fullu húsi.


Gunnar barðist fyrir að fá heimild til að byggja nýtt íbúðarhús á staðnum. Það skilaði árangri og húsameistara ríkisins, Guðjóni Samúelssyni, var falið að teikna húsið ásamt áföstu fjósi. Til eru tvær teikningar merktar honum, önnur frá 1927, en hin frá 1929. Þær sýna reisulegt hús í gamla burstabæjarstílnum. Á eldri teikningunni eru teiknaðar tvær burstir á hvoru húsi fyrir sig, en á yngri teikningunni, sem að líkindum hefur orðið fyrir valinu, eru tvær burstir á íbúðarhúsinu og þrjár á fjósinu.

Prestur að byggja fyrir eigin reikning

Hafist var handa við að byggja húsið, en fjárveitingar ríkisins voru ekki í takt við þann hraða sem Gunnar vildi hafa við bygginguna. Fyrir vikið fór úttektarheimild Gunnars hjá KEA oft yfir rauða strikið, en við því var ekki amast. Undarlegt að uppbygging á prestssetri skyldi vera meira og minna á ábyrgð prestsins, því laun hans voru nú ekki burðug. En upp komst húsið og þótti reisulegt. Gunnar varð síðar að yfirgefa brauð sitt og láta af prestsskap. Upp kom ágreiningur milli þeirra hjóna, sem endaði með hávaðasömum skilnaði. Gunnar yfirgaf prestakallið og starfaði ekki sem prestur eftir það. Þá var hann skuldum vafinn vegna framkvæmda á prestsetrinu, en vinir hans í prestakallinu hlupu undir bagga. Skilnaðurinn var 1931, en Sigríður var áfram í Saurbæ til 1933, með drengina Þorstein, Benedikt og Styrmi. Ekki kom prestur í Saurbæ til búsetu þar eftir Gunnar, en engu að síður var rekið þar stórbú um tíma á síðustu öld. Í lok janúar 1945 kom upp eldur á efri hæð íbúðarhússins og skemmdist hún mikið. Þegar húsið var endurbyggt eftir brunann voru burstirnar brotnar niður og sett valmaþak á húsið. Eftir það þykir húsið fremur kollhúfulegt. Fjosið slapp hins vegar við eldinn, en einhverra hluta vegna voru aldrei settar á það burstir þær sem áttu að vera, samkvæmt teikningunni.

Menningarsetrið Saurbær

Vel mætti gera gamla íbúðarhúsið og fjosið upp og færa þau hús í það reisulega form, sem Guðjón Samúelsson teiknaði á sínum tíma. Síðan mætti koma þar upp lifandi safni um það gróskumikla bændasamfélag sem var í Eyjafirði um og upp úr miðri síðustu öld. Mér er minnisstætt slíkt safn í Lillehammer í Noregi. Maihaugen heitir það, lifandi safn og skemmtilegt. Ég heimsótti það ungur að árum og sé það ljóslifandi fyrir mér enn í dag. Læt fljóta hér með



Guðjón Samúelsson vildi byggja húsin í Saurbæ í gamla burstabæjarstílnum. Eftir því var farið með íbúðarhúsið í fyrstu, en ekki fjosið. Þannig hefðu byggingarnar orðið ólíkt reisulegri en þær eru í dag.



Svona vildi Guðjón Samúelsson hafa prestbústaðinn í Saurbæ

nokkrar myndir þaðan. Þarna er fólk að störfum, klætt í takt við þann tíma sem uppsetning safnsins er að túlka hverju sinni. Torfbæjatímabilinu eru gerð verðug skil á söfnum víða um land, þótt þau mættu gjarnan vera meira lifandi. Það er lítið gaman að ganga innan um dauða hluti. Mikil bragarbót hefur verið gerð í Laufási, þar sem reglulega eru starfsdagar. Þá er líka fin aðsókn. En það er hvergi hægt að sjá lifandi sögu þeirra búskaparháttanna sem við tóku eftir torfbæina. Í Saurbæ mætti mætti skapa dæmigerðan sveitabæ liðinnar aldar með búpeningi, úrvinnslu afurða þeirra, heyskap og öðru tilheyrandi. Búsögu-safnið kæmi þar vel inn í myndina, því tækin þar eru flest nothæf, t.d. gamlar dráttarvélar og heyyvinnslutæki. Með ótrúlegum dugnaði og vinnugleði, án launa, hefur Búsögufólkinu tekist að koma í veg fyrir algjöra niðurlægingu Saurbæjar. Kirkjan, stærsta varðveitta torfkirkjan á Íslandi, yrði svo eins og

kóróna á þessu safnasetri. Þarna gæti verið fjöldi fólks við störf yfir sumarið. Við mjaltir, úrvinnslu mjólkurafurða með gamla laginu, heyskap og önnur störf sem einkenndu sveitalífið hér áður fyrr. Það er enn til fólk sem kann til verka og getur kennt þeim sem yngri eru. Að sjálfsögðu yrðu allir klæddir samkvæmt venju fyrri tíma. Rómantíkin yrði líka með í för, ástir kvikna í heysátunni, Kalli á nikkunni verður ekki langt undan og við brúspallinn bíður hún enn eftir Bjössu á mjólkurbílnum!

Upp með sokkana, Eyfirðingar

Slíkt safnasetur gæti laðað að sér óteljandi ferðamenn, sem gætu gætt sér á framleiðslunni, keypt osta, skyr, rjómaís, lambakjöt, nautakjöt og handverk, svo eitthvað sé nefnt. Þeir gætu líka haft gaman af að grípa í verkin með gamla laginu. Það má horfa til smámunasetursins hans Sverris vinar míns sem ákveðinnar



kjölfestu. Það er einstakt safn á Íslandi og þó víðar væri leitað. Utan um það mætti byggja upp vinnuadstöðu fyrir handverksfólk. Það mætti líka bæta þarna við fræðasetri með vinnuadstöðu fyrir bókamenn, rithöfunda og grúskara. Kjarninn í því gæti verið dýrmætt bókasafn, sem hægt væri að skapa með söfnum sem til eru í einkaeign í Eyjafirði. Á búinu yrðu að sjálf-sögðu hestar, sem gefur möguleika á hestaleigu og hestaferðum um fjörðinn fagra. Það mætti líka koma upp geitastofni og vinnslu úr þeirra afurðum. Þar að auki er mikil skógrækt í grenndinni, sem gefur tækifæri til vinnslu skógarafurða. Það eru ótal möguleikar.

Ég veit að Ríkissjóður á Saurbæ og þeir sem með þau mál hafa farið þar á

bæ hafa víst verið tregir í taumi. Þar á bæ vísa menn hver á annan og enginn pólitíkus hefur enn haft þor til að höggva á þann hnút. Fyrir vikið hafa mannvirki í Saurbæ látið verulega á sjá, en áhugamenn um bústöðusafnið hafa bjargað því sem bjargað verður. Án þeirra aðkomu væru byggingarnar löngu ónýtar. En tog milli sveitarfélags og ríkis má ekki verða til þess að koma í veg fyrir merkilega menningaruppbyggingu á staðnum. Ég hef trú á að nýir eigendur Sólgarðs vilji veg staðarins sem veglegastan og bestan. En þetta safnasetur verður að vera sem sjálfseignarstofnun með sjálfstæða stjórn óháða ríki eða sveitarfélögum, þótt sjóðir safnasetursins verði að sjálf-sögðu opnir fyrir styrkjum úr þeirri áttinni! Það hefur gefið góða raun við uppbyggingu Síldarminjasafnsins á Siglufirði, sem er segull fyrir Siglufjörð; þangað er skemmtilegan fróðleik að sækja á lifandi safni. Saurbæjarsetrið gæti orðið hliðstæður segull.

Hugsíð stærra og hærra kærur Eyfirðingar. Skapið jarðveg fyrir gróskumikla og nærandi menningarstarfsemi í Saurbæ. Það er mikið verkefni, langhlaup, en það skilar ávöxtum til



Kýrin Edda, listaverkið hennar Beate Stormo í Kristnesi, kemur til með að sóma sér vel sem útvörður við safnasetrið í Saurbæ

fram tíðar, sem verða dýrmætir og næringarríkar fyrir komandi kynslóðir.

Gleðileg jóla!

Heimildir:

Eyfirðingar: *Stefán Aðalsteinsson*
Birgir Þórðarson, Kristján Sigfússon
 Stiklað á stóru
Gunnar Benediktsson
Tryggvi Gunnarsson
Þorkell Jóhannesson
 Rit I: *Kristín Sigfúsdóttir*
 Blaðað í gömlum bókum:
Finnur Sigmundsson
 Sjálfstæði Íslands: *Helgi Briem*
 Æviágrip alþingismanna:
Vefur Alþingis
 Briemsætt: *Sigurður Líndal*
 Íslenskar þjóðsögur: *Jón Árnason*



Svona líta bæjarhúsin í Saurbæ út í dag; muna fífil sinn fegurri og reisulegri

Hörður Kristinsson

Minningarorð

Hörður Kristinsson dr. rer. nat. grasfræðingur lést þann 22. júní sl., 85 ára að aldri. Hörður var einn afkastamesti náttúruvísindamaður landsins og spannaði ferill hans við rannsóknir á gróðri landsins um eða yfir 6 áratugi. Hörður var búsettur að Arnarhóli í Eyjafjarðarsveit frá árinu 1988 en þar voru ækustöðvar hans.

Hörður var fæddur þann 29. nóvember árið 1937 í Odda-götu 11 á Brekkunni á Akureyri, fyrsta barn þeirra Kristins Sigmundssonar frá Ytra Hóli og Ingveldar Hallmundsdóttur frá Stokkseyri. Bræður Harðar eru þeir Magnús, Hallmundur og Kristinn Örn. Þegar Hörður var á þriðja ári fluttu þau þar að Arnarhóli í Kaupangssveit í Öngulsstaðahreppi. Þjuggu þau þar í nær hálfa öld og var Kristinn valinkunnur góðbóndi, m.a. annálaður fyrir afurðamiklar kýr og kartöflurækt. Sjálfsgagt hefur Hörður ætíð haft mikinn áhuga fyrir plöntum og fyrirbærum náttúrunnar.

Hörður gekk í Menntaskólann á Akureyri og lauk þar stúdentsprófi árið 1958 og þaðan lá leiðin til Þýskalands, þar sem hann nam grasa- og dýrafræði. Árið 1963 giftist Hörður Önnu Maríu Jóhannsdóttur og eru dætur þeirra Fanney og Inga Björk. Hörður lauk doktorsprófi í grasfræði árið 1966. Eftir það stundaði hann rannsóknir á íslenskum fléttum við Duke-háskólann í Norður-Karólínu í Bandaríkjunum. Eflaust hefði Herði getað hlotnast hinar ýmsu háu og eftirsóttu stöður við virta skóla eða stofnanir þar ytra en hann kaus að halda á heimaslóðir, þar sem hann helgaði starfskrafta sína Náttúrugripasafninu á Akureyri og Lystigarði Akureyrar. Hann gegndi stöðu prófessors í grasfræði við Háskóla Íslands á árunum 1977 til 1987 en fluttist þá norður, þar sem hann gerðist forstöðumaður Náttúrufræðistofnunar Norðurlands sem síðar var Akureyrarsetur Náttúrufræðistofnunar Íslands. Síðustu starfsárin 1999-2007 starfaði hann sem sérfræðingur við stofnunina en þótt hann færi á eftirlaun var hann síður en svo hættur fræðistörfum. Þeim sinni hann svo lengi sem heilsa entist og birtist afrakstur þeirra m.a. á vefnum florislands.is, í Fléttuhandbókinni og síðast en ekki síst, stórvirkinu Flóra Íslands, sem út kom 2019. Þá stofnaði hann og leiddi félagsskapinn Flóruvini, sem stóðu m.a. fyrir degi hinna villtu blóma. Eftir Hörð munu liggja um 150 ritverk og líklega átti hann eitt stærsta safn ljósmynda af íslenskri flóru. Herði var mjög umhugað um að miðla fræðum sínum til almennings. Plöntuhandbókina, sem hann sendi frá sér árið 1986 kannast eflaust flestir við, sem kynnt hafa sér flóru Íslands, eða leitast við að kynna hana fyrir öðrum, t.d. kennarar á öllum skólastigum.

Fyrir fáeinum árum sendi hann svo frá sér sambærilega bók um fléttur en rannsóknir hans sneru ekki aðeins að blómplöntum heldur einnig að fléttum og mosum.

Sá sem þetta ritar var ansi ungur þegar hann tók upp á því, að kynna sér fjöllin, náttúru og örnefni Íslands. Lá þá yfir ýmsum bókum, sjónvarpsþáttum Ómars Ragnarssonar og lærði hæð helstu fjalla landsins, með sérstaka áherslu á Eyjafjarðarsvæðið og hálendið. Samhliða þessu hafði undirritaður óskaplega þörf fyrir að miðla þessum fróðleik með hverjum sem verða vildi, hvort heldur mönnum líkaði það betur eða verr. Á tímabili gat þetta orðið hvítleitt fyrir gesti, einnig þar sem við komum í heimsókn, að strákurinn byrjaði að þusa endalaust um fjöll landsins og staði. En föðurbróðir minn, Hörður Kristinsson, hlustaði alltaf af einlægum áhuga enda var ljóst, að þessi hugðarfeni voru sameiginleg. Og það sem meira var - alltaf gat hann bætt einhverju við þann fróðleik sem ég hafði við- að að mér, oft gegnum bækur eða greinar, ljósmyndir eða kort eða því sem var langskemmtilegast; reynslusögur. Í mínum huga hafði Hörður farið á öll fjöll á Íslandi og kannað hverja einustu þúfu. Hörður og Sigrún Sigurðardóttir, seinni eiginkona hans, fóru með okkur bræðrum og föður upp á Súlur í fyrsta skiptið sem ég fór þangað, 7 ára gamall, og er sú ferð afar minnisstæð. Við höfðum rætt það haustið áður á Arnarhóli, þar sem Súlutindar blasa við út um stofugluggann, að næsta sumar myndu þau fara með okkur þangað upp. Hörður var þar með forlata loftþrýstingshæðarmæli meðferðis og spurði ég hann reglulega (líklega prálátlega) um hæðina, man m.a. 700, 780, 912 og svo 1140 við toppinn. Í þeirri göngu lærði ég einnig að þekkja geldingahnapp og bergganga.

Hann hafði líka skrifað Plöntuhandbókina, sem var og er ein minna uppáhalds bóka. Hvort sem það var planta, skordýr, steinn eða skel sem maður fann úti í náttúrunni, nánast alltaf átti Hörður svar við því, um hvaða fyrirbæri var að ræða. Og ef svo var ekki, leitaði hann þeirra upplýsinga í bókum, gögnum eða sagðist myndu kanna málið frekar, ef svar lá ekki fyrir. Og við það var staðið - hann var ætíð kominn með niðurstöðu næst þegar við hittumst. Það var aldrei komið að tómunum kofanum hjá Herði og Sigrúnu á Arnarhóli.

Góðar minningar lifa um mætan mann.

Akureyri í nóvember 2023

Arnór Bliki Hallmundsson

Jónas Vigfússon

Minningarorð

Í september sl. barst sú harmafregn, að Jónas Vigfússon í Litla- Dal hefði látist við smalamennsku í hliðum Litladalsfjalls. Jónas var tæplega 72 ára, fæddur 13. nóvember 1951 í Reykjavík.

Það var á ritnefndarfundum Eyvindar, að undirritaður stakk upp á því, að nauðsynlegt væri að minnst Jónasar á þeim vettvangi. Jónas Vigfússon þekktu eflaust flestir, ef ekki allir íbúar Eyjafjarðarsveitar, en hann var mikilvirkur í hinum ýmsu embættisstörfum og félagsstörfum, hvort sem var í stjórn hestamannafélaga, ungmenna- og íþróttafélaga eða sveitarstjórna. Jónas gegndi einmitt embætti sveitarstjóra Eyjafjarðarsveitar árin 2009 - 14. Hann var líka annálaður fyrir hrossarækt sína og sérlega óeigingjarnt starf í þágu eýfírskra hestamanna um áratugaskeið. Svo fátt eitt sé nefnt.

Það væri eflaust hægt að skrifa nokkurra binda minningaritverk um Jónas Vigfússon. Jónas og Kristínu Thorberg hef ég þekkt frá því ég man eftir mér. Alla tíð verið sannir höfðingjar heim að sækja, virkilega sterkir persónuleikar sem saman mynduðu einstaka heild. Sérstaklega minnst ég ánægjulegra gangnadaga en ég hef verið þess heidurs aðnjótandi að fara í göngur fyrir Litla-Dalsbændur í tæpan aldarfjórðung. Enda þótt á ýmsu gæti gengið milli Jónasar, Kristínar og gangnamanna var alltaf einhver glaðværð og innileiki umlykjandi. Hverju sem á gekk, var það allt um garð gengið þegar heim var komið. Og þá var jafnan boðið til veglegrar veislu, en Jónas var listakokkur. Nokkur árin voru gangnaveislurnar á heimili Auðar dóttur þeirra og Óskars tengdasonar í Gránufélagsgötu 27 á Akureyri, þá Öldu og síðar í Litla- Dal. Þá hafði Jónas þann sið að bjóða gangnamönnum í sund á eftir, oftast en ekki á Hrafnagili. Einhver gangnadagurinn sóttist hægt og við komin seint niður af Litladalsfjalli og ekki útlit fyrir að við næðum í laugina fyrir lokun. Þetta var á þeim árum sem Jónas var sveitarstjóri. Með einu símtali gat Jónas bjargað því, að við fengjum að komast í laugina og sem mest um vert var, pottinn og gufuna. Og það skal tekið fram, að hann var

ekki að nýta sér stöðu sína eða njóta einhverra forréttinda, slíkt held ég nokkuð örugglega að hann hafi ekki átt til. Nei, hann samdi um það, að opnunartími væri lengdur svo ALLIR gangnamenn Eyjafjarðar og hvern sem fýsti í sund að Hrafnagili fengju að njóta.

Jónas þekkti hverja þúfu Litladalsfjalls og vissi nákvæmlega hvernig landið lá, hvort tveggja í bókstaflegri merkingu og hvað varðaði smölunartækni. Gilti einu hvort um var að grýttar hliðar, klettabönd eða hvers kyns ófærur; ekkert fékk stöðvað Jónas, ef kindur leyndust einhvers staðar. Eitt það eftirminnilegasta úr göngum með Jónasi var þegar við eitt haustið fórum tveir inn á Branda. Þetta hafa líklega verið aðrar göngur eða eftirleitir, því engir gangnamenn voru á Branda norðanverðum. Fórum við aðeins upp fyrir mynni dalsins og tókum svo stefnuna á ána. Þegar niður var komið fórum við yfir. Þarna háttar svo til, að norðanmegin er veggbratt hamraþil, tuga metra hátt. Eftir vandlega umhugsun segir Jónas: „Hérna, ég ætla aðeins að kíkja hérna uppfyrir(!) og svipast um, það er best að þú fylgir bara ánni“. Og áður en ég vissi af var Jónas rokinn upp lóðréttan klettavegginn og það á ríflegum gönguhraða! Og það sem meira var, einhvern veginn gat hann stikað á þessum hraða ekki aðeins upp klettana heldur einnig til hliðar! Mér datt einhvern veginn helst í hug Köngulóarmaðurinn, nema hvað hann er búinn einhverjum sérstökum eiginleikum ásamt ofurhetjubúningi; Jónas var bara í stígvélum og vinnuvettlingum! En Jónas var svo sannarlega gæddur mörgum sérstökum og góðum eiginleikum, sannur öðlingur og góður vinur. Kristínu, Auði og Helgu, tengdasonum, barnabörnum og öðrum aðstandendum sendi ég innilegar samúðarkveðjur. Minningar lifa um mætan mann.

Akureyri í nóvember 2023

Arnór Bliki Hallmundsson

Afríkuferð

Ásta og Arnar Hranastöðum

Við hjónin erum svo lánsöm að eiga sameiginleg áhugamál sem eru útivist og að skoða framandi staði. Best er þegar við getum sameinað þetta og það gerðum við í ágúst síðastliðnum. Við gengum á Kilimanjaro sem er hæsta fjall Afríku og hæsta frístandandi fjall heims og er óhætt að segja að það hafi verið alveg einstök upplifun.

Kilimanjaro er 5.895 metra hátt fjall á sléttum Tansaniu og gengið er í gegnum fjögur gróðurbelti á ferð upp fjallið. Neðst er regnskógur, þá taka heiðarlönd við og síðan alpalandslag en efst uppi er jöklasvæði en jökullinn er nú verulega farin að hopa.

Við fórum þessa ferð með Fjallafélaginu og var Örvar Þór Ólafsson fararstjóri. Við erum virkilega ánægð með að hafa valið að fara með Fjallafélaginu því þar er vant fólk og með alveg einstaklega góða samstarfsaðila í Tansaníu sem skiptir miklu máli í ferð sem þessari.

Ferðin hófst formlega á flugvelli- um í Tansaníu þar sem vel var tekið á móti íslenska hópnum sem var 10 manns, við komum fjögur saman héðan úr sveitinni annars var hópurinn vítt og breitt af landinu. Daginn eftir var lagt af stað upp fjallið en á fjallinu vorum við í 6 nætur í tjöldum.

Fjallið er í Kilimanjaro þjóðgarðinum og var upphaf ferðarinnar við Machame-hlíðið. Spennan var mikil að leggja af stað en mikið skráningarkerfi er í þjóðgarðinum og þurftum við að skrá okkur inn í garðinn og öll kvöld þegar komið var í tjaldbúðir og einnig út úr þjóðgarðinum þegar ferðinni lauk. Eins er tekið strangt á því hversu mikill matur fer með hópnum og er ruslið sem hópurinn kemur með til baka vigtað, þetta er gert til að fylgjast með að fólk skilji



ekki rusl eftir inni í þjóðgarðinum, það er t.d. bannað að hafa einnota vatnsflöskur með á fjallið.

Með hópnum okkar fóru 38 heimamenn sem fylgdu okkur upp í efstu búðir, báru búnað og sáu um eldamennsku, komu upp tjöldum og sáu um leiðsögn á fjallinu. Þetta var einstakur hópur, samheldnin og

sjálf þurftum við aðeins að bera dagpokann okkar með fötum og nasl fyrir daginn en við komumst að því þegar við vorum komin í meiri hæð að það var nóg fyrir okkur og aðeins á færi þeirra sem eru mjög aðlagðir þunna loftinu að bera þungar byrðar í súrefnisleysinu.

Gangan tók sjö daga, fimm og hálfan dag upp en aðeins einn og hálfan niður en það er til komið af því að taka þarf góðan tíma í hæðaraðlögun og er farið hægt upp fjallið og eins þá daga sem farið er upp í mikla hæð og niður aftur. Öll gangan miðar að því að undirbúa hópinn undir síðasta sólarhringinn sem er tekinn til að komast á toppinn en þar er súrefnisstyrkurinn orðin lítill eða aðeins 50% af því sem við erum von.

Fyrsta daginn, 21. ágúst, gengum við í gegnum regnskóg. Það var þurr dagur þrátt fyrir það enda er þurrkátími þarna á þessum tíma árs. Gróðurferið var stórkostlegt mikill og fjölbreyttur trjágróður. Daginn enduðum við í 2.835 m hæð í Machame-búðunum. Þetta kvöld upplifðum við í fyrsta sinn og síðan öll kvöld eftir það, hversu fallett sólsetrið er á fjallinu, það er raunveruleg fegurð.

Við sváfum vel í tjaldinu og



lífsgleðin var svo áberandi, það var mikið sungið af afrískum söngvum á fjallinu og ekki leiddist þeim að reyna að kenna okkur lögin sín og oft var mikið hlegið. Það var skrítið að leggja af stað með alla þessa aðstoðarmenn,



vorum vakin snemma á morgnana og fært heitt te eða kaffi í tjaldið. Það var ótrúlega notalegt að byrja daginn á heitum drykk áður en farið var úr tjaldi sérstaklega eftir þær nætur sem hafði frosið.

Annan daginn tók við meiri bratti og komum við í alpagróður og gresjur, þá nótt dvöldum við í Shira-búðunum í 3.850 m hæð. Það var alltaf tekið vel á móti okkur í búðunum, fengum góðan kvöldverð og mikið lagt upp úr því að við borðuðum vel og trúlega höfum við aldrei innbyrt eins margar kaloríur og þessa daga á fjallinu en þrátt fyrir það fuku nokkur kíló.

Þriðji dagurinn var aðlögunardagur þar sem við gengum upp að hinum fræga Lava tower í 4.600 m hæð en fórum svo í Barranco-búðirnar sem eru í 3.900 m hæð. Í þessari hæð eru allir farnir að finna vel fyrir því hversu loftið er þunnt og algengt að fólk fari að finna fyrir einkennum háfjallaveiki og þess vegna var farið mjög hægt yfir þar sem orkuleysi verður mikið og líkaminn þarf tíma til að læra á þessar aðstæður. Á kvöldin vorum við látin mæla súrefnismettun og vel var fylgst með ástandi hópsins og enginn komst upp með að borða of lítið. Afrísku fylgdarmennirnir leggja mikinn metnað í að allir haldi heilsu og hituðu þeir alltaf vatn til handþvotta

sem var notað áður en borðað var.

Á fjórða degi fórum við Barranco-vegginn sem er brött brekka sem þarf að klifra án þess þó að þurfa nokkurn sérstakan búnað, bara klifra þetta eins og við þekkjum í íslenskum fjöllum. Þetta var virkilega skemmtilegur dagur sem endaði í Karanga búðunum í 3.960 m hæð. Þegar komið var í þessa hæð sást vel að sjóndeildarhringurinn var orðinn örlítið kúptur vegna kúlulögunar jarðar.

Fimmti dagurinn var stuttur en þá gengum við í efstu búðir, Barafu camp, sem eru í 4.680 m hæð. Þangað voru við komin um miðjan dag enda er fyrirkomulagið þannig að við lögðum okkur seinnipartinn og vorum svo ræst kl 11:00 um kvöldið og fengum þá máltíð og lagt var af stað á toppinn um miðnætti. Við gengum alla nóttina í kolsvarta myrkri, kulda og þarna var súrefnisleysið orðið flókið. Við neitum því ekki að þetta er trúlega það mest krefjandi sem við höfum gert og viljastyrkurinn þarf að vera mikill til að halda áfram upp og þurfa að hafa fyrir hverju skrefi og einbeita sér að því að anda rétt, hver andardráttur þurfti að vera djúpur. Efst í brekkum fjallsins kom svo sólin upp, það var dásamlegt, í raun engu líkt sem gaf okkur auka kraft og upp á fjallið fórum við. Þegar upp er

komið erum við á stað sem kallaður er Stella Point og útsýnið þaðan stórkostlegt yfir sléttur Afríku en hærra er hægt að fara eða á Uhuru sem er hæsti punktur fjallsins í 5.895 m hæð og þangað fórum við. Við stóðum á hæsta punkti Afríku að morgni 26. ágúst alsæl og sát.

Eftir stutt stopp á toppnum var haldið af stað niður, farin var önnur leið niður sem er brattari og styttri. Við gengum niður í efstu búðir þar sem við fengum að borða og hvíldum okkur aðeins en svo var haldið af stað áfram niður. Niðurleiðin snýst um að fara hratt niður, að allir komist sem fyrst í sem mest súrefni til að minnka líkur á háfjallaveiki. Þennan toppa dag sem réttara væri að kalla toppa sólarhring enduðum við í Millenium búðunum í 3.950 m hæð.

Sjöunda og síðasta daginn var gangan kláruð og enduðum við í Mweka hliðinu þar sem rúta beið okkar og ók okkur á hótél þar sem langþráð og besta sturta lífs okkar var tekin.

Áður en að heimferð kom eyddum við tveimur dögum í safariferðir þar sem við sáum flest þau dýr sem lifa villt á sléttum Afríku. Einnig heimsóttum við Mashaia þorp en Mashaiar eru hirðingjar sem hafa ekki látið nútímann trufla lífsmynstur sitt en þeir lifa á hjörðinni sinni sem þeir fara um með eftir því hvar vatn og beit er að finna. Það var áhugavert að fá að skyggjast inn í líf þeirra. Þar er auður manna mældur í stærð hjarðar og hversu margar konur þeir eiga, engin vestræn áhrif þar á ferð.

Það er erfitt að lýsa áhrifum svona ferðar á líf manns en að kynnast nýju fólki, upplifa allt aðra menningu og önnur viðmið, að taka á því líkamlega og andlega í svona krefjandi fjallgöngu þar sem maður er umkringdur framandi náttúru og fegurð er bara svo nærandi. Það er ekki hægt að lýsa því með orðum en auðmýkt og þakklæti eru orð sem koma upp í hugann.

Sólgarður

Arnór Bliki Hallmundsson

Sólgarður, fyrrum félagsheimili og skólahús Saurbæjarhrepps, stendur fast við Eyjafjarðarbraut, undir svonefndum Kirkjuhól, um 28 km framan Akureyrar. Síðastliðna tvo áratugi hefur húsið hýst eitt af áhugaverðari söfnum landsins, Smámunasafnið, en nánar um það síðar í greininni. Sólgarður er byggður í áföngum og eru elsti hlutinn byggður 1934 en tveimur áratugum síðar var byggt við húsið og það vígt formlega sem félagsheimili, eftir lögum um félagsheimili.

Sólgarður er þriðja samkomuhúsið, sem reist er á þessum stað neðan við Saurbæ. En fyrst var reist þarna þinghús árin 1897-98. Það reisti Jóhann Jóhannsson í Torfufelli og fór fyrsti fundur þar fram 5. mars 1898. Þinghús þetta reyndist æði skammlíf, því í annáluðu aftakaveðri þann 20. september árið 1900 tók það af grunni og brotnaði í spón. Nýtt hús var tekið í notkun ári síðar og stóð í rúm 30 ár og segir í Byggðum Eyjafjarðar 1990 að „endalok þess hafi verið af mannavöldum en ekki veðurguða“. Það hafa því miður verið örlög æði margra húsa, sem hefðu verið til þróði, ánægju og yndisauka, stæðu þau enn. Síðar í þessari grein verður einmitt vikið að einu slíku.

Sólgarður er einlyft steinsteypuhús með háu risi. Skiptist húsið í þrjár álmur, miðálmur sem snýr N-S og tvær burstir sem snúa A-V. Kvistir með hallandi þökum eru á báðum burstum. Burstaálmurnar skaga eilítið fram til austurs miðað við miðálmur en sú nyrðri er ívið lengri en sú syðri. Miðálmur nær aftur lengra til vesturs en syðri álmur. Húsið er byggt í áföngum á tæplega hálfra aldar tímabili, miðhlutinn um miðjan 4. áratug, suðurálma 1953-54 og norðurálma 1979-80. Afar ónákvæm mæling á



grunnfleti hússins á kortavef gefur til kynna, að suðurálma sé því sem næst 17x10m, miðálma 14x16m og suðurálma 13x10m. Veggir eru múrsléttadír og bárujárn á þaki. Í gluggum eldri hluta hússins eru margskiptir póstar en lóðréttir póstar í yngstu álmunni, þ.e. norðurálmur.

Heimildum ber ekki nákvæmlega saman um byggingarár elsta hluta Sólgarðs. Í Byggðum Eyjafjarðar 1970 er húsið sagt reist 1935-36 en flestar aðrar heimildir segja 1934. Fasteignaskrá segir byggingarárið 1935. En alltént er húsið reist um miðjan fjórða áratug sl. aldar. Þetta tímabil hefur verið nokkurt framfaraskið á þessum slóðum, því ekki aðeins var reist nýtt þinghús, heldur risu í Saurbæjarhreppi, tvær brýr yfir Eyjafjarðará sumarið 1933. Að byggingu hússins stóðu hreppsfélagið og ungmennafélag hreppsins. Hreppsnefnd Saurbæjarhrepps er nokkuð fáorð um byggingu hins nýja þinghúss. Á fundi hennar 27. mars 1934 nefnir þó Valdimar Pálsson að hreppsfélagið ásamt Ungmennafélaginu og Kvenfélaginu skyldu hugsa til þess, að koma upp nýju samkomuhúsi, sem um leið yrði skólastetur fyrir hluta hreppsins. Þetta mál var síðasta mál fundarins, undir lið 4b sem önnur mál og bókað

að málið hafi lítið verið rætt og tekið af dagskrá þar sem fundarmenn voru flestir farnir. Í rúmlega tvö ár minnst hreppsnefnd ekki einu aukateknu orði á þinghús eða samkomuhús, nema hvað, 14. júní 1936 er fundur nefndarinnar haldinn í þinghúsi hreppsins. Mætti þannig álykta, að hreppsþúar hafi einfaldlega látið verkin tala og byggt sér nýtt þinghús án þess að hafa um það mörg orð á blaði. Þá er lítið sem ekkert að finna í dagblöðum þess tíma um nýtt þinghús í Saurbæjarhreppi. Má það heita nokkuð sérstakt, því húsið hlýtur jú að hafa talist nokkurt stórvirki.

Í lok ágúst 1936 er hið nýja samkomuhús brunabótavirt og er þá sagt eftirfarandi: Steinsteypu samkomuhús með tvöföldum veggjum. Húsið er einlyft. Fyrirkomulag hússins: Í norður-enda er samkomusalur með leiksvíði. Í suðurenda er forstofa, skólastofa og eldhús. Tvö eldstæði eru í húsinu og tveir reykháfar, allt samkvæmt brunamálalögum. Stærð 16,7x7,7m og hæð 4 m (Brunabótafélag Íslands, nr. 64, 1936). Húsið er þá virt á 10.000 kr en til samanburðar má nefna, að árið 1936 kostaði þvottaefnispakki 55 aura. Eins og oft tíðkaðist í sveitum landsins varð hið nýja samkomuhús einhvers konar fjölnotahús (löngu

áður en það hugtak varð til) því fljótt var húsið nýtt undir kennslu. Fyrst sóttu skólann börn af næstu bæjum en árið 1946 var húsið nýtt sem skólahúsnæði fyrir allan hreppinn og reyndist það einfaldlega allt of lítið. Árið 1947 voru sett ný lög um félagsheimili og á næsta áratug eftir það voru byggð þrjú vegleg félagsheimili í hreppunum framan Akureyrar, eitt í hverjum hreppi. Freyvangur í Öngulsstaðahreppi var reistur árin 1954-57 og Laugarborg í Hrafnagilshreppi árin 1956-59. En fyrsta félagsheimili Eyjafjarðar, samkvæmt nýju lögum var Sólgarður og var húsið tekið í notkun í lok október 1954. Það má e.t.v. segja, að Saurbæjarhreppur hafi þarna haft ákveðið forskot, því um var að ræða viðbyggingu við hús sem var fyrir, á meðan hin húsin voru nýbyggingar frá grunni. En engu að síður var um stórkostlega framkvæmd að ræða. Þessar byggingarframkvæmdir fólust í því, að byggt var við húsið til suðurs, álma á einni hæð með háu risi. Þá hefur upprunaleg álma líkast til verið stækkuð, því í upprunalegu brunabótamati er breidd hennar sögð 7,7 m en nú mun hún um tvöfalt breiðari. Bæjarblöðin á Akureyri segja mjög ítarlega frá vígslu hússins og byggingarsögu. M.a. er grein í Degi 3. nóv., 1954 sem ber yfirskriftina Fyrsta félagsheimilið í Eyjafirði vígt sl. laugardag og skírt Sólgarður. Er hún ein helsta heimild þessa söguágríps hér.

En það var árið 1948 sem Daníel Sveinbjörnsson í Saurbæ, formaður skólanefndar, hóf undirbúningsvinnu. Sótti hann ítrekað um í félagsheimilassjóði en hafði þó ekki erindi sem erfiði fyrr en fjórum árum síðar. Skipuð var bygginganefnd sem samanstóð af fulltrúum frá hreppsnefndinni, skólanefnd og félögum hreppsins. Það var svo vorið 1953, nánar tiltekið þann 14. maí sem framkvæmdir hófust. Byggingastjóri var Þórður Friðbjarnarson og téður Daníel Sveinbjörnsson formaður bygginganefndar en flestir hrepps-

búar komu að byggingu hússins með einum eða öðrum hætti, hvort heldur sem var með sjálfböðavinnu eða gjöfum. En á meðal verktaka, sem að byggingunni komu voru m.a. Tryggvi Sæmundsson og Pétur Gunnlaugsson sem önnuðust múrverk, Viktor Kristjánsson lagði raflagnir, lagnadeild KEA annaðist pípulagnir og Herbert Sveinbjarnarson málningarvinnu. Trésmíðaverkstæðið Lundur setti upp eldhúsinnréttingar og „terrasso“ annaðist terrassolagningameistarinn Christofferssen. Teikningarnar voru gerðar á Teiknistofunni Ármúla 6, en ekki fylgir sögunni hver hélt þar á blýanti.

Eftir ríflega 17 mánaða framkvæmdir rann vígsludagurinn, 30. október 1954, upp. Voru þar veisluhöf og ræðuhöld, söngur og dans fram eftir nóttu. Þar fór einnig fram



kosning meðal veislugesta um nafn á hinu nýja félagsheimili. Um var að ræða fimm tillögur að nöfnum og varð Sólgarður hlutskarpast. Hinar nafnatillögurnar voru Végarður, Árgarður, Hólmgarður og Miðgarður. Í Degi 1. sept. 1954 birtist lýsing á skipulagi hússins, sem þá var í byggingu. Grunnflötur var sagður 260 fermetrar. Í kjallara var kyndirými, fatageymslur, snyrtingar og fundarsalur. Á „aðalhæð“ forstofa, samkomusalur, leiksvið, kennslustofa, eldhús og bókasafn. Í risi var svo íbúð og kvikmyndaklefi. Kostnaður við húsið um 500 þúsund. Fjárframlög til byggingarinnar skiptust með eftirfarandi hætti: Sveitarsjóður hreppsins

lagði til 105 þúsund kr., Félagshemilassjóður 95.200 kr., Menningarsjóður KEA 10 þúsund kr., Ungmennafélag Saurbæjarhrepps 17 þús. kr., Ungmennafélagið (Bindindisfélagið) Dalbúinn 10.550 kr., Kvenfélagið Hjálpin 5.745.00 kr., Búnaðarfélag Saurbæjarhrepps 5000 kr., (það félag veitti einnig 10.000 kr. lán), Mjólkurflutningafélag Saurbæjarhrepps 10.000 kr. og Slysavarnadeild Saurbæjar- og Hrafnagilshrepps 1000 kr. Þá námu peningajafir frá einstaklingum 10.200 kr. og sjálfböðavinna var metin 30 þúsund. Munaði þar eflaust miklu, að bílstjórafélag hreppsins gaf alla vinnu við flutninga. Og til þess að setja upphæðirnar í eitthvert samhengi má nefna, að 1954 kostaði kílóíð af Jaffa appelsínnum 9,50 kr., döðlur 11 kr. og sveskjur 16 kr. Næstu áratugi fóru hinar ýmsar samkomur hreppsins, dansleikir, leiksýningar, þorrablót, jólaskemmtanir, fundir, markaðir og ýmis konar mót fram í Sólgarði. Auk þess var það skólahús hreppsins. Um 1980 var byggt við húsið til norðurs, sams konar álma og sunnan megin, ein hæð með háu risi. Fékk húsið þá það lag sem það nú hefur, nokkurs konar samhverft burstalag. Þannig fékk skólinn viðbygginguna frá 1954 til afnota og stækkaði kennslurýmið sem því nam, en í nýju viðbótinni voru bókasafn, kaffistofa, anddyri og snyrtingar. Þar var auk þess íbúð skólastjóra. Teikninguna að þessari stækkun gerði Mikael Jóhannsson. Sólgarður hýsti skóla Saurbæjarhrepps allt þar til hrepparnir framan Akureyrar sameinuðust í Eyjafjarðarsveit árið 1991. Og gott betur en það, því í Sólgarði var skóla- sel fyrir yngstu nemendur Hrafnagilsskóla, búsetta fremst í firðinum, allt til 1995. Síðustu ár 20. aldar var nokkurs konar „óvissutímabil“ fyrir félagsheimilin í hreppunum þremur sem saman mynduðu Eyjafjarðarsveit. En fljótlega var mörkuð stefna fyrir framtíð þeirra, Laugarborg skyldi vera tónlistarhús, Freyvangur aðsetur samnefnds leikfélags en í Sólgarð flutti

eitt af áhugaverðari söfnum landsins, Smámunasafnið, og er þar enn.

Smámunasafnið var opnað í Sólgarði í júlí 2003. Safninu er eiginlega erfitt að gera skil í fáum málsgreinum, sjón er sögu ríkari. En það geymir af-rakstur mikillar munasöfnunar Sverrick Hermannssonar, húsasmiðs, sem lengst af var búsettur í Aðalstræti 38. Söfnun Sverrick fólst ekki hvað síst í því, að hann henti aldrei nokkrum sköpuðum hlut; á safninu má m.a. sjá safn blýantsstubba, notaðra nánast upp til agna. Auk handverkfæra, penna, reykjarpípa, hnífa, bora, barmmerkja, smárra heimilistækja og eins og sagt er; „nefndu það bara“ og það má finna á Smámunasafninu. Sverrick kom að endurgerð fjölmargra gamalla húsa og tók þá ævinlega spýt-

ur, nagla eða annað smálegt úr þeim til minja. Á Smámunasafninu er m.a. varðveitt fjöl úr hinu mikla Snorrarhúsi, sem stóð við Strandgötu 29 og var eitt af stærstu timburhúsum bæjarins. Er það eitt þeirra húsa, sem betur hefði farið á, að varðveita og væri þá bæjarprýði hin mesta en var, illu heilli, rífið haustið 1987. Greinarhöfundur mælir eindregið með heimsókn í Smámunasafnið.

Sólgarður er glæst og reisulegt hús, burstirnar setja á það skemmtilegan svip, og er til mikillar prýði í fögru umhverfi. Húsakönnun, sem unnin var um fundarhús og skóla í sveitum landsins metur ekki varðveislugildi einstakra húsa en segir hús á borð við Sólgarð almennt; [...] hafa nánast öll menningarsögulegt gildi fyrir

viðkomandi byggðir, íbúa þeirra og þá sem eiga ættir að rekja til svæðisins. Sameiginlegar minningar tengjast húsunum og því starfi sem þar fór fram. Það eitt er næg ástæða til að réttlæta varðveislu þeirra. Í sumum tilvikum eru skóla- og fundarhús eini áþreifanlegi vitnisburðurinn um samfélag sem nú er horfið eða hefur tekið miklum breytingum (Árni Kjartansson og Pétur H. Ármannsson 2010: 14). Greinarhöfundur tekur að sjálfsgöðu undir hvert orð, sem þarna kemur fram.

*Akureyri í júní 2022,
endurskoðað í okt. 2023*

Innsýn í störf iðjuþjálfna í grunnskólum

Alþjóðlegur dagur iðjuþjálfunar var 27. október síðastliðinn.

Iðjuþjálfun er vaxandi faggrein um allan heim og eru viðfangsefni iðjuþjálfna afar fjölbreytileg. Hugmyndafræði iðjuþjálfunarfagsins byggir á þeirri sýn að iðja sé öllu fólki nauðsynleg og frá örófi alda hafi líf manneskjunnar einkennst af þörf til að stunda iðju og taka þátt í samfélaginu. Rannsóknir hafa sýnt að ef fólk kemst í þær aðstæður að geta ekki sinnt þeirri iðju sem er því mikilvæg, þá hefur það neikvæð áhrif á heilsu þess og líðan.

Í Hrafnagilsskóla er starfandi einn iðjuþjálfari en fagþekking iðjuþjálfna nýtist vel í starfi grunnskólanna.

Iðja nemandans og hlutverkið nemandi í skólanum er t.d. að vera vinur, taka þátt í skólastarfinu, leika í frímínútum, borða hádegismat, lesa, reikna, skrifa, fara í íþróttir og sund o.fl. Það er því eitt að hlutverkum iðjuþjálfna að vinna með börnum sem eiga í erfiðleikum með að taka þátt í skólatengdum athöfnum.



Iðjuþjálfari leggur því áherslu á að vinna með þá þætti sem ýmist styðja við eða hindra þátttöku þeirra í skólaumhverfinu þar sem horft er á samspil einstaklings, iðju og umhverfis. Unnið er m.a. með valdeflingu, áhuga og styrkleika nemandans einnig vanamynstur með því að búa til rútínur, félagsfærni, þátttöku, gróf- og fín-hreyfifærni og skynúrvinnsluvanda. Sem dæmi um skynúrvinnsluvanda þá eru grunnskólabörn með ólíkar þarfir og ólíka skynúrvinnslu. Sum börn eru viðkvæm fyrir áreiti á meðan önnur

sækjast í mikið áreiti, enn önnur eru mitt á milli. Með því að aðlaga umhverfið, t.d. skólastofuna, að þörfum barnsins er hægt að draga úr vanlíðan sem oft brýst út í ákveðinni hegðun. Iðjuþjálfari hjálpar einnig börnum að takast á við sálfræðilega örðugleika, s.s. hegðunarörðuleika af ýmsum toga og tilfinningalegar áskoranir. Einnig veitir iðjuþjálfari starfsfólki og aðstandendum stuðning, ráðgjöf og fræðslu.

*Guðrún Agla Gunnarsdóttir,
Herdís Júlía Júlíusdóttir,
Steinunn Þorsteinsdóttir. (2021).*

Eiga iðjuþjálfar heima í grunnskólum landsins?. Sótt af <https://www.visir.is/g/20212104853d/eiga-idju-thjalfar-heima-i-grunn-skolum-landsins>-Iðjuþjálfafélag Íslands. (e.d.). Um iðjuþjálfun. Sótt af <https://www.ii.is/idjuthjalfun/um-idjuthjalfun/>

Leyningshólar 15. ágúst 2023

Gunnar Jónsson frá Villingadal

Ágætu eldri borgarar – velkomnir í Leyningshóla

Fyrir nokkru síðan spurði Sveinbjörg mig hvort ég ráðgerði að koma hingað í kvöld, því þá gæti ég sagt eitthvað um Leyningshólana. Þegar ég fór að íhuga það mál fæddist fljótt sú hugmynd að gera Hólunum og skóginum einhver skil og líka Leyningshóladeginum, sem hér var haldinn hátíðlegur um langt árabíl. Ég veit að sum ykkar komuð einhvern tímann á Leyningshóladeig, jafnvel oft en einu sinni. Þið getið því leiðrétt mig fari ég með rangt mál og þá ekki síður bætt við þann fróðleik sem ég hef fram að færa. Ég mætti á margar samkomur hér, þá fyrstu fáeinum dögum áður en ég fæddist, eftir því sem Inga systir mín segir. Það hlýtur að hafa verið fyrir eða um miðjan ágúst 1950, því ég er fæddur þann átjándi – reyndar talsvert fyrir áætlaðan tíma. Og það er aldrei að vita nema Leyningshóladegurinn hafi flýtt fyrir fæðingunni. Þá var enginn vegur í Hólana, fólk kom á bílum í Leyning og gekk þaðan upp á samkomusvæðið hérna nyrst á skógarsvæðinu. Inga segir að þegar leið á samkomuna hafi komið úrfelli og fólk orðið að flýta sér í bílana, þar á meðal mamma. Ég vona að hann haldist þurr meðan við erum hérna en sennilega er lítil hætta á fæðingum eftir þetta kvöld þó að rigni.

Nú er tímabært að syngja tvö eða þrjú lög. Við erum svo heppin að Hrund átti lausa stund og er hér mætt með harmonikuna sína. Harmonikutónlist hefur oft hljómað hér í skóginum á Leyningshóladeigi.

Því miður á ég enga heildarmynd frá þessum dögum, þurfti að leita heimilda hér og þar. Fyrir mig var þetta holl og þörf vinna. Ég hef spurt marga og fundið á netinu nokkrar auglýsingar og fréttir í blaðinu Degi.



*Leyningshólar fyrir mynni Villingadals. Torfufellsá og Tjarnargerðisvatn
Mynd: Gunnar Jónsson*

Svo fletti ég fundargerðum og gluggaði í reikninga félaganna sem stóðu fyrir þessum samkomum. En fyrst nokkur orð um Leyningshólana og skóginn.

Hólarnir mynduðust við framhrun úr fjallinu hér ofan við okkur í lok síðustu ísaldar fyrir 8 – 10 þúsund árum og ef til vill er um fleiri en eitt framhlaup að ræða. Halldór G. Pétursson jarðfræðingur segir að einfalda skýringin sé að hliðin hafi fallið fram á jökultunguna sem kom úr Eyjafjarðardalnum og skreidd fyrir mynni Villingadalsins. Og af því að Villingadalurinn var þá sennilega auður hafi jökullinn beint framhlaupinu frekar inn fjörðinn en út, eins og loftmyndin sýnir. Sagt er að hlaupið nái lengst rúma 3 kílómetra frá fjallsrótum, að fallhæðin hafði verið um 800 metrar og rúmmálið sé 80 – 100 milljón rúmmetrar.

Við landnám var talið að Ísland hafi verið skógi vaxið milli fjalls og fjöru. Þær fullyrðingar eru nú dregnar í efa og ég hef séð ýmsar tölur þar að lútandi. Svo sem að birkiskógar og skóglendi hafi verið á 25 – 40% landsins þegar landnám hófst, en um miðja 20. öldina aðeins verið um 0,5

til 1%, það er Ísland var þá nánast skóglaut. Í upphafi síðustu aldar átti skógurinn hér í Leyningshólum mjög erfitt uppdráttar vegna beitar og uppblásturs. Miklar líkur voru á að einu „upprunalegu skógarleifarnar“ í Eyjafirði, sem segja mátti að mynduðu samfelldan skóg, hyrfu að mestu á næstu áratugum.

Skógræktarfélag Eyfirðinga var stofnað 1930. Tilgangur þess var að vernda þann skóg sem fyrirfannst í sýslunni og rækta nýjan. Og Skógræktarfélagið bjargaði skóginum hér í Leyningshólum. Það samdi við bændur í Leyningi og Villingadal, fékk umráðarétt yfir landinu og girti það af með um það bil 3ja kílómetra langri girðingu á árunum 1936 og 1937. Afgirta svæðið tilheyrði Leyningi að miklum hluta. Árið 1972 fékk Skógræktarfélagið meira land frá Villingadal og girðingin þá færð í það horf sem nú er.

Þegar ég fyrst man var skógurinn nær eingöngu í helstu brekkunum, svo sem í Timburdalsbrekkunni þar sem hávöxnustu trén voru, í og við Langadalinn og í Viðarbrekkunni. Hólkollar og melar voru nánast gróðurlausir, hvergi sást á þeim hrísla.



Leyningshóladagur 1967

Jón Hjálmarsson Villingadal og Kristjana Finnsdóttir Ártúni (situr í söðli) í kaupstaðarferð með vorullina

En síðustu 20 – 30 árin hefur gróðurferið gjörbreytt. Birkið er að klæða allt svæðið og nær sú breyting langt út fyrir skógargirðinguna og reyndar víða um sveitina, þar sem tré hafa nánast þotið upp síðustu tíu árin. Villingadalsbændur hafa jafnvel þurft að stunda skógarhögg við veginn upp í dalinn til að verjast snjó. Rannsóknir sýna að vaxtarskilyrði trjáa í framhverfum Eyjafirði eru mjög góð. Við sjáum glögglega gróskuna hér í kringum okkur. Í brekkunni hér ofan við okkur er tæplega 70 ára gamall lerki-reitur sem þroskast hefur afar vel. Við getum rölt upp í hann á eftir ef vilji er til þess. Þar liggur skógarvegur milli Villingadals og Leynings. Hún er nú bara fær að hluta vegna skógarins.

Þá er komið að Leyningshóladeginum sem haldinn var hátíðlegur um langt skeið eins og ég sagði áðan. Skógar hafa löngum þótt fyrirtaks samkomustaðir. Þar er fallett, góður ilmur og skýlt og ef til vill hefur það aukið eftirvæntinguna hve fáir skógar voru á Íslandi. Hvenær fólk fór að koma saman í Leyningshólum veit ég ekki en snemma á síðustu öld voru stundum farnar skemmtiferðir hingað, meðal annars frá Akureyri. Fyrir daga bílanna voru hestar fararskjótararnir og reyndar komu ýmsir á hestum langt fram á bílaöldina. Við girðinguna hér nyrst í Hólunum var afgirt hólf fyrir hesta. Einnig kom

fólk af næstu bæjum oft gangandi. Vegslóði var ruddur uppfrá Leyningi, sennilega 1952. Slóði þessi var minni bílum erfiður og þurfti mikla aðgæslu til að þeir tækju ekki niðri. Árið 1963 var núverandi vegur lagður og með síðari lagfæringum er hann vel fær nánast öllum bílum. Bílastæði var gert á melnum hér rétt sunnan við. Það rúmar nú ekki marga bíla þar sem skógurinn hefur sótt að því á síðustu árum.

Leyningshóladagurinn var fjóröflun fyrir Bindindisfélagið Dalbúann



Á Leyningshóladögum var oft tekið vel á í Hestláginni.

Á Hestlágarmelnum norðan við Hestlágina sést hluti af farkosti samkomugesta, þrír Willys jeppar og tveir Bedford vörubílar, annar með 12 manna boddii. Mynd: Sigtryggur Jónsson Samkomugerði

og Ungmennafélag Saurbæjarhrepps sem skiptust á að halda hann þar til Ungmennafélagið Vorboðinn tók við keflinu 1980. Merki eins og þau sem þið fenguð við komuna hingað voru seld við hliðið inn í skóginn. Fyrir marga í sveitinni, sérstaklega börnin, var Leyningshóladagurinn eina sumarsamkoman sem farið var á. Því var víða beðið eftir þessum degi með eftirvæntingu. Oft var talsvert lagt í dagskrána og svo var líka selt sælgæti og gosdrykkir sem var vinsæll mun aðarvarningur. Langflestir sem komu voru Saurbæjarhreppingar og sumarfólk hér á bæjum, einnig komu alltaf þó nokkrir brottfluttir, einkum frá

Akureyri og svo fólk úr nágrenna-hreppunum.

Enga heimild hef ég fundið um það hvenær fyrsti Leyningahóladagurinn var haldinn en álit að það hafi jafnvel verið fyrir 1940. Hvort þá var greitt fyrir aðganginn veit ég ekki. Ef til vill komu ungmennafélagar bara saman til að hittast og leika sér. Bindindisfélagið Dalbúinn var stofnaður árið 1933 hér í Hólasókninni. Á fyrstu árum félagsins voru aðalfundir þess oft haldnir í skóginum og líka stjórnarfundir yfir sumarið. Ég geri

ráð fyrir að á aðalfundum hafi oft verið sungið og trúlega líka dansað. Fundirnir hafa ef til vill verið fyrsti vísir þessa hátíðardags. Samkvæmt reikningum Ungmennafélags Saurbæjarhrepps 1940 eru tekjur af Leyningshólaballi 17 krónur og tveimur árum síðar kr. 85. Ég sé hvergi hvar þessir dansleikir voru haldnir, tel líklegt að það hafi verið í samkomuhúsinu í Saurbæ og þá er spurning hvers vegna þeir eru kenndir við Leyningshóla ef þeir tengjast ekki Leyningshóladegi. Fundargerðir félagsins veita litlar upplýsingar um einstaka samkomur.



Leyningshóladagur 1973 - lifandi manntafl í Hestláginni. Eftir snarþa baráttu á taflborðinu röðuðu taflmennirnar sér upp til myndatöku. Mynd: Gunnar Jónsson

Stundum var dansað hér í skóginum við harmonikuleik í lok skemmtiatriðanna. Dansleikur var oftast um kvöldið, annaðhvort í samkomuhúsinu í Saurbæ eða í Dalakofanum sem var hermannabraggi við veginn milli Leynings og Jórunnarstaða og félagsheimili Dalbúans frá 1944 – 1954. Árið 1954 var lokið viðbyggingu við samkomuhúsið með styrk úr félagsheimilásjóði og félagsheimilið Sólgarður vígt. Það var fyrsta félagsheimilið framan Akureyrar. Eftir að Sólgarður kom til sögunnar voru alltaf fengnar hljómsveitir. Má þar nefna Hljómsveit Geirmundar Valtýssonar, Hljómsveit Örvars Kristjánssonar, Geisla, Ljósbrá og Faxafjarkann.

Í lokin ætla ég að minnst á það sem haft var til skemmtunar hér í skóginum á Leyningshóladegi. Skömmu eftir 1950 var byggður pallur í skógarjaðrinum þar sem við erum. Eftir það fór fyrri hluti dagskrárinnar venjulega fram þar.

1. Einhver ávarpaði samkomugesti og setti samkomuna fyrir hönd þess félags sem sá um hana.

2. Oft flutti presturinn okkar á Syðra-Laugalandi hugvekju. Það var fyrst Benjamín Kristjánsson og svo Bjartmar bróðir hans. Ef til vill hefur þessi síður lagst af á síðustu árum Bjartmars.

3. Síðan var oft ræðumaður dagsins – stundum var það utansveitarmaður.

4. Svo var yfirleitt einhver söngur, stundum kór og gamanmál flutt.

5. Loks kom fyrir að dansað var á pallinum einhverja stund.

Vafalaust hefur ýmislegt fleira verið á dagskránni við pallinn. Um það vil ég gjarnan heyra frá ykkur.

Síðari hluti dagskrárinnar fór fram í Hestláginni sem er norðan skógargirðingarinnar. Þar var farið í ýmsa hlaupaleiki, yfirleitt keppt í fótbolta – og þá oftast karlmenn, kannski einstaka kona með. Oft kepptu bændur á móti búlausum eða giftir á móti ógiftum. Og einhvern tímann kepptu konur í handbolta. Einnig kom fyrir að keppt var í frjálsum íþróttum. Af hlaupaleikjum má nefna að hlaupa í skarðið, köttur og mús, naglaboðhlaup, eggjaboðhlaup, pokahlaup og tunnulaup. Svo var oft reiptog og einhvern tímann koddaslagur. Stökkgryfja var í Hestláginni og að minnsta kosti einu sinni var keppt þar í stangarstökki og oftast í langstökki. Einnig var einhvern tímann keppt í víðavangshlaupi og hindrunarhlaupi

Árið 1957 var íþróttamót. Keppt var í þremur greinum í unglingsflokk og fullorðinsflokk. Þessar greinar voru; 80 metra hlaup, langstökk og spjótkast.

Úrslitin birtust í Degi skömmu síðar (14. ágúst).

Árið 1973 var lifandi manntafl í Hestláginni. Kepptu þar tveir valinkunnir skákmenn frá Akureyri en yngri kynslóðin stóð vaktina á taflborðinu. Og fyrst minnst er á Hestlágina má nefna að þar renndi fólk sér stundum á skíðum að vetrarlagi.

Af atriðum í og við pallinn má nefna að:

Baldur Brjánsson sýndi listir sínar
Egill Jónasson frá Húsavík flutti gamanmál

Fimleikaflokkur Kára Árnasonar hélt sýningu

Bolli Gústafsson hélt ræðu

Jóhann Konráðsson söng – Eiríkur Stefánsson var einhvern tímann með honum

Sigríður Schiöth söng gamanvísur við harmonikkuundirleik **Hermanns Jónssonar** á Merkigili

Einar Kristjánsson las upp

Rósberg G. Snædal fór með gamanþátt

Birgir Marinósson söng gamanvísur
Bragi Sigurjónsson flutti ræðu, sögulegs efnis úr héraðinu

Kristín Ólafsdóttir og Böðvar Guðmundsson sungu við undirleik Böðvars

Hannes Örn Blandon var með stund fyrir yngstu kynslóðina – raulaði með þeim og fékk þau til að gera eitthvað með sér.



Leyningshóladagur þjóðhátíðarársins 1974 - Helga Hermannsdóttir og Kristján Óskarsson í Steinhólum binda hey í bagga.
Mynd; Gunnar Jónsson

Einhvers konar spurningakeppni var háð og farið í ásadans á pallinum en ekki veit ég hvaða form var á honum.

Einu sinni var Hrói höttur á ferð um skóginn (Sigurður Jósefsson). Mótshaldarar fengu pata af því og hétu þeim konfektikassa sem næðu fjöðrinni úr hattinum hans. Úr varð spennandi leit og konfektíð gekk út.

Tveir heimildarmenn hafa minnst á að glímt hafi verið. Líklegt er að það hafi verið aðkomumenn en hvort um sýningu eða keppni var að ræða mundu þeir ekki.

Einhverju sinni riðu hjón um svæðið á leið til Akureyrar með vorullina á klyfjahesti (Jón Hjálmarsson og Kristjana Finnsdóttir) og í annað sinn var hey bundið í bagga og sett á klakk (Helga Hermannsdóttir og Kristján Óskarsson)

Þá var a.m.k. einu sinni hestaleiga – þar sem teymt var undir börnum og spákonur buðu samkomugestum að skyggast inn í framtíðina (Bjarney Sigurðardóttir og Eygló Sigmundsdóttir). Ekki má heldur gleyma breikdansinum, sú íþrótt var stunduð í Hólasókninni.

Ég held að Leyningshóladagur hafi verið haldinn nokkuð reglulega til 1990, þá féll hann niður í einhvern tíma, svo var reynt að endurvekja hefðina, ef til vill 1993, haldin ein samkoma og svo ekki söguna meir. Mér þætti bæði gaman og fróðlegt ef einhver hér í hópnum vildi bæta við minningum um þennan dag.

Í Leyningshólum var oft dansað. Ég veit ekki hvort við fáum harmonikuhljóma til að dansa eftir áður en við leggjum í veitingarnar en einhverja tónlist fáum við. Eldra fólk hafði stundum kaffi og meðlæti meðferðis en yngri kynslóðin treysti meira á gosdrykkina og sælgætið. Við getum líka valið í kvöld. Kaffi og kaffibrauð er hér á borðum en það er líka hægt að fá sér appelsín og conga sem ég held að hafi fengist hér í sölutjaldinu fyrir mörgum áratugum. Í minni minningu var eldra congað til muna betra en það sem nú er á boðstólnum.

Takk fyrir harmonikkuleikinn Hrund. Nú bíða veitingarnar og svo rölt um skóginn sé vilji til þess. Leyningshóladeginum var aldrei slitið og svo verður ekki heldur nú. Ef þið

viljið æfa ykkur fyrir næsta Leyningshóladag hef ég meðferðis fótbolta, soðin egg og skeiðar, strigapoka og kaðal. Kaðallinn er reyndar frekar stuttur og ekki úr hampi þannig að handfestan mætti sennilega vera betri.

Til lesenda Eyvindar

Textinn hér að framan er lítið eitt uppfærð tala sem ég flutti á göngukvöldi eldri borgara í Eyjafjarðarsveit. Mér þætti vænt um að lesendur bættu vitneskju mína um Leyningshóladaginn. Til dæmis um það hverjir tefldu í Hestláginni 1973. Í gögnum félaganna er ekkert að finna þar að lútandi. Ég hef eytt talsverðum tíma og mörgum símtölum í að fá það upp en ekki haft erindi sem erfiði. Þá væri áhugavert að nafngreina alla taflmennina í Hestláginni, ég þarf hjálp í því efni. Vissulega er hægt að tína til ýmsa fleiri fróðleiksmola um þennan dag. Það er verðugt verkefni sem einhver fróðleiksfús tekur vonandi að sér áður en langt um líður.

Laugardagur í október 1989

Logi Óttarsson frá Garðsá



Kynslóð foreldrar minna upplifðu miklar þjóðfélags breytingar. Mamma var fædd og alin upp í torfbæ. Afar mínir og ömmur fæddust í torfbæjum. Heimsstyrjöldin 1939-1945 breytti Íslandi meira en nokkuð annað. Fólk flutti úr sveitum og þéttbýli tók að myndast. KEA og Sambandið voru með verksmiðjur á Akureyri og þar fengu þeir brottfluttu vinnu. Í sveitum leysti dráttarvélin hestinn af hólmi. Skurðgröfur gerðu mýrar að túnum. Tuttugasta öldin var bílaöld. Með bílnum styttist tíminn sem tók að ferðast. Með bílnum komu líka slys.

Dráttarvélar voru yfirleitt fyrstu vélknúnu tækin sem sveitakrakkar unnu á. Það var ekki þannig í mínu tilviki. Ég man ekki hvort ég var 7 eða 8 ára þegar ég ók Benz vörubílum á Höskuldstöðum. Reyndar bara á milli baggastæðna á túninu. Ég þurfti að toga í stýrið til að koma kúplingunni niður. Vinna á dráttarvélum var ágæt æfing fyrir akstur bíla. Ég var öðru hvoru megin við ferminguna þegar ég fór að aka Land Rovernum á Garðsá. Stundum skrapp ég í Ytra-Hól þegar við Kristinn Pálsson, fórum að veiða í Sökkuskurðinum. Þótt við værum báðir próflausir áttum við

það sameiginlegt að fara varlega. Bílprófið var margt, merki um að maður væri orðinn fullorðinn, svo var það frelsi og sjálfstæði. Á Akureyri hittist unga fólkið í Hafnarstrætinu, eða í Dynheimum. Eftir ball voru margir á Ráðhústorginu. Þeir sem höfðu ekki aldur til að fara á skemmtistaðina, voru á rúntinum eða röltu um. Stundum var stúlkunum boðið upp í bílana og þegar vel tókst til urðu sambönd að hjónaböndum.

Vorið 1987 vorum við fjögur á Garðsá sem höfðum bílpróf. Þá hafði pabbi keypt Lödu Samara. Ég ákvað að kaupa mér bíl. Ingólfur á Höskuldstöðum var tæknilegur ráðgjafi í viðskiptunum og ég keypti Mitsubishi Colt. Hann var rauður á litinn og var með „overdrive“ (Það er auka gir á alla girana.) Þegar búíð var að ganga frá kaupunum, var bílinn váttryggður. Þetta sumar vann ég á Edduhótelinu á Hrafnagili. Skemmtilegur tími í minningunni. Ég fór flestar helgar í Sjallann þótt ég hefði ekki aldur til að vera þar. Logi sundlaugarvörður var stundum syfjaður þetta sumar. Þegar fór að hausta, fór ég á dekkjaverkstæði. Það voru bara til tvö nagladekk sem pössuðu undir bílinn minn. Bílinn var framdrifinn og ég setti nagladekkin að framan. Það var á sunnudegi í byrjun vetrar, skömmu fyrir hádegi. Ég ákvað að fara í kaupstaðin til að kaupa bensín. Ofarlega í Grafarklaufinni var þverskaff, bílinn snérist og í staðinn fyrir að gefa í, steig ég á bremsuna. Bílinn valt útaf veginum og endaði á hjólunum.

Það var ekki kartöflugeymsla á Garðsá. Við fengum að geyma kartöflur á Ytra-Hóli. Fljótlega eftir að ég fór að heiman, lagði pabbi á stað til að sækja kartöflur. Hann var með kaðal og dró mig upp á veginn og ég ók heim. Ég sagði mömmu hvað hefði

gerst. Hún trúði mér ekki fyrr en hún sá beyglurnar á bílnum. Þegar Samvinnutryggingar höfðu borgað bílinn, keypti ég Daihatsu Charade. Það var bíll sem reyndist mér vel. Hann var sparneytinn og eina viðhaldið á honum voru olúskipti. Vorið 1988 útskrifaðist ég sem sjókokkur. Mig langaði að vinna við eitthvað sem tengdist náminu. Ég sótti um starf á Uppanum sem var veitingastaður við Ráðhústorg á Akureyri. Staðurinn bauð upp á eldbakaðar pizzur, það var nýjung í matarmenningu Norðlendinga. Eldhúsið var opið í hádeginu og á kvöldin. Ég ásamt nokkrum öðrum bökuðum pizzur frá 11 á morgnana til 23 á kvöldin. Kokkurinn var yfirmaður pizzubakaranna. Hann var frá Selfossi og heitir Gunnar Páll.

Sumarið 1989 vann ég heima á Garðsá, það var gaman að taka aftur þátt í heyskap. Það vor seldi ég Daihatsuinn og keypti annan Colt, það fór andvirði hests í milligjöfina. Bílinn var tveggja ára og vel með farinn. Ég spilaði fótbolta með Ároðanum og var í kabarettnefnd. Kabarett var í þá daga fjárfloflun fyrir ungmennafélagið og leikfélagið. Við Garðsárbræður og Ingi á Uppsölum og einhverjir fleiri vorum fulltrúar Ároðans. Það höfðu farið mörg kvöld í að semja atriðin og svo hófust æfingar. Það var ráðgert að sýna snemma í nóvember. Vilberg Jónsson fyrrum póstur var leikstjóri. Vilberg ákvað að hafa æfingu á laugardegi. Kannski var það laugardaginn 21 október. Mig minnir að æfingin hafi átt að hefjast kl 15. Einhver tíma hafði ég spurt Gunnar kokk úti úrbeiningu, hann bauðst til aðstoða mig. Þennan æfingalaugardag sótti ég hann klukkan 11 til Akureyrar. Eftir kaffi og spjall hófum við kjötskurðinn. Þegar við vorum búnir, ók ég Gunnari í kaupstaðinn. Þegar



hann steig út úr bílnum var klukkan 14:40. Mér er illa við að láta bíða eftir mér, finnst það argasti dónaskapur. Þess vegna flýtti ég mér. Ég ók hraðar en ég hafði áður gert. Þetta var fallvegur dagur, snjór í fjallatoppum og sól. Nokkrum dögum áður hafði mig dreymt að ég var staddur neðan við Kristnes. Þar var beinagrind sem andaði. Ég sagði mömmu drauminn og henni leist illa á hann. Hún bað mig um að fara varlega.

Þegar ég var á móts við Teig, sá ég fram á að ég næði að mæta á réttum tíma. Þegar ég var fyrir neðan Kristnes sá ég bíl ögn norðan við Kropp. Það kom slinkur á bílinn og hann hentist upp í loftið, fór hring og lenti á farþegahliðinni. Ég var í öryggisbelti og sleppti stýrinu og ýtti af öllu affi upp í toppinn á bílnum. Bílinn fór aftur upp í loftið og annan hring og aftur lenti hann á farþegahliðinni. Ég hugsaði með mér „Ætli sé komið að því?“ Þegar bílinn hentist upp í þriðja skipti flaug hann yfir syðri Kristnesaf-

leggjarann og endaði á hjólunum í skurðinum. Ég klifraði út úr bílhræinu og gekk í átt að bílnum sem hafði stoppað. Stúlkan sem var á bílnum heitir Sunna Jónsdóttir og er frá Arnarfelli. Ég spurði hvort hún gæti skutlað mér upp í Kristnes. Henni var brugðið og spurði hvort ég væri ómeiddur. Ég sagði að það væri ekkert að mér. Hún ók mér upp í Kristnes og ég þakkaði henni fyrir. Hún spurði hvort væri örugglega í lagi með mig. Mér datt í hug að segja að það væru deildar meiningar um það.

Þór Aðalsteinsson í Kristnesi og pabbi voru báðir út af Sigurlaugu og Helga á Botni. Mér var boðið inn á Kristnesi og ég fékk að hringja í pabba sem sagðist koma á jeppanum. Ég spurði Þór hvort hann gæti dregið bílinn upp úr skurðinum. Hann tók vel í það og við fórum á traktor niður heimreidina. Á leiðinni sá ég að nokkrir bílar höfðu stoppað á þjóðveginum og það hlupu einhverjir meðfram árbakkanum. Mér datt í

hug að fólkíð væri verið að leita að öikumanninum. Ég rölti til þeirra og benti þeim á að það væri óþarfi að leita að mér. Við Þór náðum bílnum upp úr skurðinum og þá var lögreglan komin. Ég sagði eins og var, að bílinn væri ekki kaskótryggður og það hefði enginn tapað á óhappinu nema ég. Lögregluþjónarnir ráðlögðu mér að fara á sjúkrahúsið.

Við feðgar drógum bílinn yfir í Garðsá og ég fékk Löduna lánaða og dreif mig á æfinguna. Einhverjir sögðu að ég ætti að búa mig undir að fá sjokk, það er ekki enn komið. Á æfingunni gerði ég allt sem ég átti að gera. Þegar æfingin var búin, voru einhverjir sem sögðu að ég yrði að fara á sjúkrahús og láta líta á mig. Á endanum gafst ég upp og gerði það. Það eina sem að mér fannst, var mar eftir öryggisbeltið. Um kvöldið fór ég í Sjallann. Á sunnudagskvöldinu sofnaði ég út frá þeirri hugsun að hafa tapað aleigunni á nokkrum sekúndum. Mamma sagði að þarna hefði beinagrindardraumurinn komið fram. Á þessum árum var ég sá eini af félögum mínum sem hafði ekki fengið hraðaksturssekt. Ég lofaði sjálfum mér að aka aldrei aftur Mitsubishi Colt og við það hef ég staðið. Það sem er mér minnisstæðast frá þessu atviki er hvað tíminn leið hægt. Hvað ég náði að hugsa mikið meðan þetta gerðist. Löngu síðar sá ég þátt um afstæðiskennninguna. Þar kom fram að við vaxandi hraða liði tíminn hægar. Ég tengdi við það. Ég fékk einhverjar krónur fyrir hræið af bílnum. Fyrir þær keypti ég Lödu Sport. Það var engin hættu á að maður æki of hratt á þannig bíl.

Laugarborg

Arnór Bliki Hallmundsson

Laugarborg, sérlegt tónlistarhús Eyjafjarðarsveitar og fyrrum félagsheimili Hrafnagilshrepps stendur um 13 km framan Akureyrar skammt ofan Eyjafjarðarbrautar vestri. Laugarborg var byggð á svonefndum Reykárreyrum, í landi Hrafnagils, beint undir Reykár-gili en það skartar m.a. myndarlegum fossi. Laugarborg, félagsheimili Hrafnagilshrepps, var vígð vorið 1959 og leysti af hólmi þing- og samkomuhús hreppsins, sem tekið var í notkun 1925. Það hús stendur enn, spólkorn norðan Laugarborgar og er nú leikskólinn Krummakot. Laugarborg telst standa nr. 2 við götuna Laugartröð en nærri lætur, að Laugarborg standi inn í miðju Hrafnagilshverfi. Þegar húsið var byggt voru næstu hús hins vegar bærinn að Hrafnagili og Þinghúsið. Að frátöldum fáeinum bröggum, sem enn stóðu eftir af miklum „kampi“ setuliðsins á stríðsárunum.

Það er ekki endilega ljóst hvenær nákvæmlega íbúar Hrafnagilshrepps ákváðu að þinghúsið frá 1925 væri orðið ófullnægjandi til frambúðar samkomuhalds en það hefur verið um eða uppúr miðri öldinni. En það var árið 1956 sem ákvörðun var tekin um byggingu nýs félagsheimilis og hófust byggingarframkvæmdir 1. október það ár. Ýmsar staðsetningar komu til greina en það var að lokum jarðhitinn við Hrafnagil sem réði úrslitum um staðarvalið. Þarna eru nefnilegar volgrur og laugar, sem síðar hafa verið virkjaðar til hitaveitu, og nýttust þær einmitt til upphitunar hins nýja félagsheimilis. Undir brekkunum skammt norðan Laugarborgar var sundlaug Hrafnagilshrepps frá árunum um 1935 og fram til 1961. (Löngu síðar var sá sem þetta ritar oft á vappi



þarna sem barn og stóð þá myndarleg fjárrétt á fyrrum laugarstæðinu. Er mér það minnisstætt, hversu ótrúlegt og hreinlega fjarstæðukennt mér þótti, að þarna hefði einhvern tíma verið sundlaug!)

Laugarborg mætti skipta í þrjár álmur, austurálmur er tvílyft á kjallara og með lágu risi og snýr stöfnum N-S. Þar, austanmegin, er aðalinngangur í húsið, sem og inngangur í húsvarðaríbúð og fundarsal á efri hæð. Miðálma, sem einnig er tvílyft á lágum kjallara, snýr stöfnum A-V. Vesturhluti hennar er einn geimur, þ.e. samkomusalur hússins. Norður úr austurálmunni er einlyft álma með lágu risi og er þar eldhús. Það orkar e.t.v. tvímælis að kalla þann hluta hússins álmu en ekki útskot. Inngönguskúr til norðurs er úr salarálmu og svalir til vesturs á efri hæð suðurálmu. Laugarborg er byggð úr steinsteypu, múrhúduð með bárujárn á þaki. Gluggar eru ýmist með þverpóstum eða póstlausir og háir og mjóir gluggar eru í sal. Syðst í húsinu eru anddyri og snyrtingar og úr anddyrinu gengið inn í sal annars vegar og hins vegar kaffistofu. Kaffistofan er austasti hluti miðálmu, aðskilin frá meginsalnum með upphækkun og handriði. Þaðan er gengt inn í eldhúsálmu. Í mjög ítarlegri og greinargóðri frétt Íslendinga þann 8. maí 1959 af hinu nýja félagsheimili

Hrafnagilshrepps er húsið sagt 350 fermetrar og skiptast eftirfarandi: Salur 120 fermetrar, leiksvið 60 fermetrar, kaffisalur 40 fermetrar, fundarsalur ofan hans annað eins, anddyri og snyrtingar 30 fermetrar, eldhúsálma 42 fermetrar og húsvarðaríbúð 83 fermetrar. Í Byggðum Eyjafjarðar 1990 er salurinn sagður taka 170 manns í sæti. Sem áður segir hófust byggingarframkvæmdir við Laugarborg haustið 1956 og stóðu þær yfir í tvö og hálf t. Hönnuðir hússins voru þeir Gísli Halldórsson og Ólafur Júlíusson. Gísli Halldórsson (1914-2012) var fæddur og uppalinn á Kjalarnesi, lauk prófi í húsasmíði frá Iðnskólanum í Reykjavík 1935 og hélt í kjölfarið til Danmerkur þar sem hann nam byggingarverkfræði og arkitektúr. Hann stofnaði, á fimmta áratugnum, teiknistofu með Sigvalda Thordarsyni og ráku þeir hana saman til 1948. Eftir það starfrækti Gísli teiknistofu sína einn og síðar í félagi við aðra. Gísli á heiðurinn af mörgum félagsheimilum og þekktum stórbyggingum. Má þar nefna Hótel Esju, Hótel Loftleiðir, Lögreglustöðina við Hverfisgötu í Reykjavík en einnig íþróttamannvirki á borð Laugardalshöll og íþróttavöllinn þar. Þá teiknaði Gísli einnig félagsheimili Öngulsstaðahrepps, Freyvang, sem stendur nokkurn veginn beint andspænis Laugarborg, austan

Eyjafjarðarar. Auk þess teiknaði hann og samstarfsmenn hans á teiknistofunni fjölmörg íbúðarhús, einbýli og fjölbýli. Gísli hlaut Fálkaorðuna 1963 og Stórriddarakross sömu orðu árið 1974. En að byggingarframkvæmdum Laugarborgar. Skipuð var átta manna bygginganefnd og í henni sátu þau Aðalsteina Magnúsdóttir (Grund), Svanhildur Eggertsdóttir (Holtsseli), Jón Heiðar Kristinsson (Ytra Felli), Óttar Skjöldal (frá Ytra Gili), Hallgrímur Indriðason (við Kristneshæli), Snæbjörn Sigurðsson (Grund), Frímann Karlesson (Dvergsstöðum) og Halldór Guðlaugsson (Hvammi). Yfirsmiður við bygginguna var Þórður Friðbjarnarson, en hann hafði einnig stýrt byggingu Freyvangs í Öngulsstaðahreppi og Sólgarðs í Saurbæjarhreppi. Bygging var sameiginleg framkvæmd hreppsins, ungmennafélagsins og kvenfélagsins og skiptist eignarhaldið þannig, að Hrafnagilshreppur átti 60%, Ungmennafélagið Framtíð 20% og Kvenfélagið Iðunn 20%. Við byggingu Laugarborgar lögðu margir hönd á plóg, sveitungar sem og verktakar og margt var unnið í sjálfboðavinnu svo sem tíðkaðist hvarvetna við byggingu félagsheimila. En helstu verktakar, sem komu að einstaka verkefnum við byggingu Laugarborgar voru eftirfarandi: Múrarmeistari var Jón Bachmann Jónsson, Þorvaldur Snæbjörnsson rafvirki og Ólafur Magnússon pípulagningameistari sáu um rafloagn, pípulögn og miðstöð og vatnsleiðslu, á vegum fyrirtækja KEA en Slippstöðin sá um útihurðir, glugga og ýmsar innréttingar. Friðrik Kristjánsson smíðaði einnig hurðir, afgangsluborð, auk þess sem hann innréttaði húsvarðaríbúð. Málningarvinnu önnuðust Kristján og Hannes Vigfússynir frá Litla-Árskógi. Byggingarframkvæmdir leiddu þeir Snæbjörn Sigurðsson á Grund og Halldór Guðlaugsson í Hvammi og tók sá síðarnefndi við af hinum um leið og húsið var fókheld. Þá tóku konur í hreppnum sig saman um saumaskap gluggatjalda og gáfu þau. Eftir

um tveggja og hálfis árs byggingarframkvæmdir rann loks vígsludagurinn upp, 30. apríl 1959. Frá víglunni var sagt mjög ítarlega í blöðunum Degi og Íslendingi og eru þær greinar meginheimild þessar greinar.

Fyrstu húsverðir og íbúar Laugarborgar voru Bernharð Pálsson, sem einnig var mjólkurbílstjóri, frá Torfufelli og Guðrún Sveinbjörnsdóttir frá Kolgrímastöðum. Guðrún kenndi m.a. handavinnu við Barnaskóla Hrafnagilshrepps, starfaði í mötuneyti Hrafnagilsskóla eftir stofnun hans og vann síðar í mötuneyti Dvalarheimilisins Hlíðar. Bernharð lést árið 1969 en Guðrún bjó hér áfram og sinnti húsvörslu til ársins 1980. Hafa síðan margir átt heima, og sinnt húsvörslu í Laugarborg. Þegar Laugarborg er flett upp á timarit.is birtast 1367 niðurstöður. Sé þeirri tölu deilt á aldursár hússins, 63, fæst það út, að Laugarborg hefur að jafnaði komið fyrir í prentmiðlum 22 sinnum á hverju ári; það er næstum tvisvar í hverjum einasta mánuði frá maí 1959. Á fyrstu árum ber nokkuð á vormótum stjórnmalaflokka, ásamt héraðsmótum, að ógleymdum dansleikjum. Hafa ófáar hljómsveitir sem og kórar, söngvarar og skemmtikraftar stigið á svið í Laugarborg á þessum rúmum sex áratugum. Hrafnagilsskóli nýtti Laugarborg löngum sem kennsluhúsnæði, þar fór t.d. fram ípróttakennsla áður en núverandi ípróttahús var tekið í notkun og heimilisfræði var kennd í eldhúsi Laugarborgar. Þá hafa árshátíðir skólans um áratugaskeið verið haldnar í Laugarborg.

Þegar hrepparnir þrír framan Akureyrar sameinuðust undir nafni Eyjafjarðarsveitar féllu hinu nýja sveitarfélagi þrjú félagsheimili í skaut: Freyvangur Öngulsstaðahrepps, Laugarborg Hrafnagilshrepps og Sólgarður Saurbæjarhrepps. Var sú stefna tekin, að þau skyldu hvert þjóna sínum hlutverkum. Freyvangur yrði nýttur sem aðstaða og sýningarhús samnefnds leikfélags og Laugarborg sem tónlistar- og viðburðahús en

Sólgarður varð safnahús. (Nú munu blikur á lofti hvað varðar framtíð Freyvangsleikhússins, samhliða mögulegri sölu hússins en félaginu mun einmitt hafa boðist Laugarborg til afnota). Um aldamótin var þannig ráðist í endurbætur á húsinu, miðaðar að því, að bæta aðstaður til tónlistarflutnings. Tónlistarhúsið Laugarborg var formlega tekið í notkun í byrjun árs 2002. Var Laugarborg raunar eina slíka húsið, sérhannað til tónlistarflutnings, á Eyjafjarðarsvæðinu til ársins 2010 er Hof á Akureyri var tekið í notkun. Laugarborg er enn nýtt sem félagsheimili og þar haldin þorablót, jólasemmtanir og hinir ýmsu tónleikar og viðburðir. Þá er húsið eftirsótt fyrir hinar ýmsar veislur og mannfagnaði s.s. afmælisveislur, fermingar, brúðkaup o.s.frv. Þá hefur Karlakór Eyjafjarðar æfingaaðstöðu í Laugarborg.

Laugarborg er að ytra byrði nokkurn veginn óbreytt frá upphaflegri gerð og í grófum dráttum hefur upprunalegu lagi ekki mikið verið breytt innandyrá. Húsið er reisulegt og stórbrotið og til mikillar prýði og stendur á áberandi stað við fjölfarinn þjóðveg. Og enda þótt höfundur hafi hvorki forsendur né þekkingu til að meta varðveislugildi bygginga leyfir hann sér, venju samkvæmt, að lýsa álitinu sínu á því. (Það er öllum frjálst). Laugarborg og önnur félagsheimili til sveita hljóta að hafa hátt varðveislugildi eða jafnvel verðskulda friðun. Enda þótt húsið teljist ekki mjög gamalt (m.v. aldursfriðun húsa miðast hús byggð 1923 og fyrr) hlýtur menningarsögulegt gildi þess að vera ótvírætt. Þá eru félagsheimili mörg hver ansi skemmtilegar byggingar hvað varðar útlit og arkitektúr og Laugarborg sannarlega engin undantekning þar.

*Akureyri í maí 2022,
endurskoðað í okt. 2023*

Laugafell ferðasaga

Arnór Bliki Hallmundsson



Hjólreiðar hafa löngum verið minn helsti samgöngumáti. Hvers vegna ég á ekki bíl, og hef aldrei átt, á sér svosem enga rökrétta skýringu, hefur kannski einna helst með nægju-semi í bland við sérvisku að gera.

Ekki er ég andstæðingur einkabílsins nema síður sé og ekki dettur mér í hug, að allir geti tileinkað sér hjólreiðar. Lengst af voru hjólreiðarnar bundnar við sumartímamann og þéttbýlismörk Akureyrar en um 2018 fór ég að leggja í vana minn, að hjóla áleiðis að Hrafnagili og prófaði svo alltaf lengri og lengri leiðir, áleiðis fram í fjörð. Það var síðan 29. ágúst 2020, að ég hjólaði að Halldórsstöðum, öðrum fremsta bæ Eyjafjarðarsveitar, 45 km framan Akureyrar og horfði fram Eyjafjarðardalinn: Næsta sumar skal það verða Laugafell! Á svipuðum tíma fékk minn sérlegi hjólafélagi, Árni Már Árnason, sömu hugmynd og veturinn 2020-21 ræddum við þetta fram og til baka, spáðum og spekúleruðum: Við skyldum sko fara, þrátt fyrir úrtöluraddir, en margir hváðu og töldu þetta óðs manns æði hjá okkur, að ekki sé minnst á þann ójafna leik, að annar okkar var á rafmagnshjóli en hinn ekki. En við skyldum fara!

Klukkan 10, þann 11. ágúst 2021,

lögðum við félagarnar af stað frá Leirunesti. Heiðskírt var og sólskin og einhver hitamælir sýndi 21 stig. Ferðin gekk tíðindalaust framan af, við gættum þess að fara ekki of hratt til þess að eiga næga orku inni. Við stoppuðum við Botnsreit, við brúna yfir Djúpadalsá, tókum myndir og supum af vatnsflöskum en við urðum ansi þyrstir í sólinni. Um hádegisbil-



ið áðum við undir suðurvegg Saurbæjarkirkju og Árni fékk að hlaða rafhlöðuna sína á Smámunasafninu. Hann var nefnilega á rafmagnshjóli en ekki ég. Ójafn leikur, en það tafl átti nú eftir að snúast laglega við þann daginn! Eftir málsverð héldum við áfram, hægt og sígandi. Fylltum á vatnsflöskur við svonefnt Klif, norðan við Leyningshóla. Um hálf þrjú-leytið fórum við framhjá Hólsgerði, fremsta byggða bóli í Eyjafirði. Þá vissum við, að við vorum hálfnaðir með vegalengdina. En hvað varðar

ferðatíma upp að Laugafelli, vorum við rétt að byrja!

Kaffihlé tókum við í skógarjaðri við eyðibýlið Úlfá, sem er um 1,5 km sunnan Hólsgerðis. Það eru mjög skörp skil á gæðum vegar við Hólsgerði, þegar komið var suður undir bæjarhólinn er vegurinn stórgrýttur og á mörgum stöðum renna þar lækir yfir. Nú þurfti ég að leiða hjólið, afturendinn orðinn nokkuð aumur eftir 5-6 klukkustunda samfellda setu og þungur bakpokinn seig verulega í, svo ég réð orðið ekkert við minnstu brekkur. Ekki leist mér á blikuna, miðað við þá vegalengd og hækkun sem eftir var. En hvað um það; kröftum myndi ég safna við næsta stopp. Á þessum kaffla er hækkunin ekki mjög skörp og skástu metrar vegarins slaga jafnvel hátt í gæði sæmilegra malarvega. Okkur þótti sláandi líkindi með Eyjafjarðardalsslóðanum og efsta hluta Fálkafellsvegar, en við erum báðir skátar og höfum farið þangað ófár ferðirnar. Við svonefndan Brúshvamm, um 10 kílómetra frá Hólsgerði er há og brött brekka þar sem vegurinn sveigir undir og fyrir brekkubrún mikla. Efst í þeirri brekku, ákváðum við að taka okkur annað nestisstopp, gæddum okkur m.a. á normalbrauði með rúllupylsu, kaffi, safa og kexi. Þá rann upp fyrir okkur skelfileg staðreynd!

Árni hafði verið við öllu búinn, hafði meðferðis auka rafhlöðu, fullhlaðna. Eftir 55 kílómetra vegalengd og tæplega 500 metra hækkun var hleðslan nokkurn veginn búin og hugðist hann skipta um. En það var alveg sama hversu gramsað var í bakpoka, enginn fannst lykillinn, sem nauðsynlegur er til að skipta um rafhlöðu. HANN HAFÐI GLEYMST! Nú voru góð ráð dýr. Það er ekkert grín að rogast með straumlaust raf-



magnshjól og hvað þá upp bratta fjallvegi. Ég man ekki hvort við ræddum um að snúa við, en það var þá ekki lengi, því við ákváðum nánast samstundis að halda áfram. Þar gildi einfalt reikningsdæmi: Það voru 55 kílómetrar heim og 30 kílómetrar í Laugafell. Og svo vorum við búnir að borga fyrir gistinguna. Það var þó ljóst, að við myndum þurfa að leiða hjólin töluverðan hluta leiðarinnar. Leið, sem jafngilti riflega tvöfaldri vegalengdinni milli Akureyrar og Hrafnagils. Að ekki sé minnst á, að á leiðinni yrðum við að hækka okkur hátt í hæð Súlutinda. En áfram var haldið, löturhægt. Klukkan var hálfjö og sólin farin að lækka í vestri. Ægífagurri gulleitri birtu sló á austurhlíðar Eyjafjarðardals og áin ótrúlega tær og blá með bláum hyljum í bland við flúðir. Það eina sem skygðði á, var

óskapa mývargur við lygnu hyljina! Við drukkum kynstrin öll af vatni, en þarna lá við, að við gætum teygt okkur með flöskurnar út frá vegslóðanum og fyllt á, enda brekkurnar undirlagðar uppsprettum og litlum bunulækjum, sumir eins og skrúfað væri frá litlum krönum inn í brekkunni. Kvöldverð; kaldar kótiletur og brauð, snæddum við skammt frá vaðinu, þar sem vegurinn hlykkjast upp veggbratta hlíðina upp á hálendisbrúnina, allt upp í tæplega 1000 metra hæð.

Eyjafjarðarleið liggur yfir ána á vaði efst á dalnum. Er hann þar svo þröngur, að nær væri að tala um gljúfur frekar en dal. Þangað náðum við rétt fyrir klukkan níu. Það var útséð, að við næðum í skálann fyrir myrkur. Við vorum tæpar tvær klukkustundir að klífa hrygginn háa, sem ég veit því miður ekki hvað heitir, en man eftir



að hafa séð nafnið Runu á korti nálægt þessum slóðum. Í svona ferðum er auðvitað upplagt að nýta björtu nætur sumarsins. Eyjafjarðarleið, hins vegar, er þeim ósköpum gædd að hún opnast yfirleitt ekki fyrr en eftir miðjan júlí, þegar fáir albjartir sólarhringar eru eftir af sumrinu. En hins vegar var óviðjafnanlegt að fylgjast með sólinni setjast yfir hálendinu í vestri og varpa gylltri birtu yfir Eyjafjarðardalinn, á meðan við paufuðumst upp hlykkjóttu leiðina. Við vorum enn að hækka okkur þegar fór að rökkva verulega.

Myrkrið var dálítið sérstakt; alltaf sáum við roða við sjóndeildarhringinn í vestri og greindum alltaf næstu fáeinu metra en sáum aldrei lengra frá okkur en það. Við tókum aðeins eina sandöldu fyrir í einu. Stundum var hægt að láta sig renna og ná góðri ferð niður þá tók önnur brekka við, upp í mót. Vegurinn þarna var sannkölluð hátíð í samanburði við stórgrýtisurðina á Eyjafjarðardalnum, nema hvað stundum lentum við í grunnum sandsköflum. Einhvern tíma sáum við útlínur stöðuvatns en engin leið að átta sig á, hvort það væri við vegbrúnina eða langt í burtu. Þetta var algjörlega óborganlegt, fjarlægðarskynjunin rugluð og þögnin algjör. Stundum þóttist ég heyri í fuglum í sandinum en það var þá í raun hjólið að strjúkast við vegkantinn. Og lognið svo algjört, að hægt var að láta loga á eldspýtu. Og það var svo hlýtt, að þetta var í raun svipað því að vera innandyra. En þess má geta, að sumarið 2021 var eitt það hlýjasta og sólríkasta í manna minnum og þarna hafði verið samfelld hitabylgja yfir Norðurlandi í rúman mánuð! Af og til duttum við í símasamband og vorum þá í sambandi við skálavörð í Laugafelli. Klukkan var þarna komin yfir miðnætti og 14 klukkustundir liðnar frá því við lögðum af stað frá Leirunesti. Við fullvissuðum Laugfellinga um, að ekkert amaði að okkur en ef mögulegt væri, myndum við þiggja að vera sóttir. Sem var ekki hægt. Og áfram héldum við „inn í eyðimerkur-

nóttina“ eins og segir í söngtexta Helga Björns. Mikið óskaplega var þetta allt saman magnað, töfrandi og dásamlegt en mikið ansi sem þetta var langt! Sandalda eftir sandöldu, upp og niður, niður og upp. Ég var alltaf töluvert á undan Árna, sem átti fullt í fangi með sitt straumlausa hjól, en ég stóðst ekki freistinguna að láta mig renna þar sem það var hægt. Yfirleitt stansaði ég og beið uns ég sá ljósið frá Árna. Eitt var það sem hrjáði okkur umfram annað á þessum áfanga leiðarinnar: Við vorum vatnslausir! Á dalnum gátum við bókstaflega gengið að rennandi vatni í næstu brekku en hér voru engar lindir. Það er ótrúlegt hvað 16 klukkustunda gamalt, kalt kaffi og óblandað djúspykkni geta verið svalandi við þessar aðstæður!

Loksins, loksins (!) sáum við glitta í vegprestinn á bognu stönginni þar sem stendur m.a. Laugafell 4 og Eyjafjörður 37[km]. Armbandsúrið sýndi 2.36. Á slaginu þrjú um nóttina sáum við loks móta fyrir skálunum fjórum í Laugafelli. Þá voru liðnar 17 klukkustundir frá því við lögðum af stað og 12 klukkustundir frá því við fórum framhjá Hólsgærði, ríflega hálfnaðir með vegalengdina. Við áttum pantaða gistingu á svefnlofti snyrtihússins og vorum við einir um hituna. Sjaldan hefur verið jafn notalegt að skríða ofan í svefnpokann!

Nú förum við hratt yfir sögu. Staðið hafði til, að halda aftur til byggða daginn eftir, en ljóst að það næðist ekki. Í fyrsta lagi tókst okkur að sofa eins og unglingar langt fram undir hádegi, enda vonlegt þar sem ekki var farið að sofa fyrr en um fjögurleytið. Í öðru lagi þurfti að hlaða rafhjólið en það var háð því, að tækist að koma bensínrafstöð af stað. Það tókst. Hins vegar tæki það fimm til sex tíma að fullhlaða hjólið. Svo við urðum að dvelja aðra nótt. Ekki hefðum við fyrir nokkurn mun viljað missa af þeim dýrðardegi. Við slökuðum á, tókum í spil, fórum í laugina, slökuðum svo aðeins meira á, spiludum meira og fórum svo aftur í laugina. Fórum í



létta göngutúr um næsta nágrenni skálans, skoðuðum m.a. Þórunnarlaug. Veðrið var með besta móti. Við hugsuðum þá hugsun einfaldlega ekki til enda hvað hefði gerst, hefði Árni ekki getað hlaðið hjólið þarna.

Við lögðum af stað hálfnú morguninn eftir. Það var gaman að virða fyrir sér þann hluta leiðarinnar í sólskini og heiðríkju, sem hulinn var myrkri á uppleiðinni. Og gaman að láta sig renna niður í Eyjafjarðardal og niður að vaði; við vorum 15 mínútur sömu leið og tók okkur tvo klukkutíma á uppleiðinni! Það var líka sérstakt, að finnast maður vera „rétt ókominn“ heim við Hólsgærði, og mikill léttir að vera kominn til byggða. Um 10 kílómetra frá Laugafelli hafði ég farið að heyra eitt-hvert sarg úr pedalahúsinu sem ágerðist mjög. Vissi ég ekkert af hverju þetta stafaði en hvítleitt var þetta. Hugkvæmdist mér að hella smurólú inn fyrir og lagaðist þetta eitthvað. Reyndi lítt á þetta niður að byggð, því lítið þurfti að stíga. Þegar komið var svo að segja á jafnsléttu sagði þetta til sín, hjólið var ægilega þungstigið og breytti þá engu í hvaða gír ég var, svo mesti hraði sem ég náði var um 18-20. Þá gengu pedalarinnir einhvern veginn til hliðanna, líkt og þeir ætluðu af, svo maður þurfti að stíga þá inn og út. Það kom svo í ljós, að lega hafði farið og líklega bara tilviljun að þeir duttu ekki af! En ferðin sóttist fyrir vikið agalega seint. Við komum að Smámunasafninu í Sólgarði um

fjögurleytið og fengum okkur vöflur með rjóma og skoðuðum safnið í rólegheitunum en Árni fékk að bæta þar straum á rafhlöðuna. Lögðum við af stað aftur um fimmleytið eða um það leyti, sem safninu var lokað. Vegna pedalavandræða og rasssæris sóttist mér ferðin afar seint á meðan Árni geystist áfram á rafmagninu. Hafði þessu einmitt verið öfugt farið síðari hluta uppleiðar. Það er dálítið gaman hvernig heildarlengd ferðar breytir vegalengdarskyninu. Við Grund, rúma 20 kílómetra frá Akureyri, var ég orðinn verulega framlágur en hugsaði með mér, að þetta færi nú allveg að hafast! Vissi af miklum brekkum á næstu kílómetrum þar sem ég gæti náð góðri ferð niður en viti menn - kvöldgolan sem blés á móti eyðilagði það að mestu leyti. Síðustu 15 kílómetrana, framhjá Hrafnagili og áleiðis í bæinn gat ég orðið ekki stigið nema nokkur hundruð metra í einu án þess að taka stuttar pásur. En þetta hafðist.

Við afleggjarann að Kjarnaskógi skildu leiðir okkar Árna í þessari mögnuðu ferð, hann hélt heim upp á Brekku, en ég áleiðis eftir Drottningarbrautarstígnum heim á Oddeyrina. Og þangað náði ég klukkan hálfnú. Heimferðin tók þannig 12 klukkustundir. Enda þótt þessi frásögn virðist lítið annað en upptalning á hrakföllum og erfiðismunum er það nú svo, að þetta var með því skemmtilegra og ávintýralegra, sem ég hef reynt.

Krossinn á Hólakirkju

Ingibjörg Jónsdóttir Villingadal



Haustið 1852 hófst bygging timburkirkju í Hólum. Var hún reist á grunni forvera síns, síðustu torfkirkju staðarins og áþekkt að stærð. Yfirsmiður var Ólafur Briem timburmeistari og bóndi á Grund. Þann 7. nóvember 1853 fór fram fyrsta vísitasía hinnar nýbygðu kirkju undir handleiðslu Guðmundar E. Johnsen prófests Eyja-fjarðarsýslu. Vísitasían hefur að geyma mjög greinargóða lýsingu á innviðum og ásýnd kirkjunnar. Prófastur fór einnig lofsamlegum orðum um hús þetta, sagði það prýðilega byggt og umhirt. Frá þessari fyrstu úttekt eru liðin 170 ár og allan þann tíma hefur kirkjan þjónað sínum sóknarbörnum, jafnt í blíðu sem stríðu. Hvað framtíðin ber í skauti sér er á huldu en von mín er sú að Hólakirkja gegni enn um sinn hlutverki sínu.

Á hina nýbygðu kirkju vantaði kross. Nokkrir áratugir liðu og vafalaust hafa sóknarbúar af og til imprað á því að úrbóta væri þörf. Og óvænt atvik geta skipt sköpum. Sigtryggur Guðlaugsson, Þingeyingur að ætt

og uppruna, var bóndi á Halldórsstöðum 1915 – 1947. Eitt haustið heimti hann ekki hrúta sína og öllum göngum var lokið. Hvarf þeirra olli honum þungum áhyggjum og hann ígrundaði hvað væri nú helst til ráða. Eftir nokkrar vangaveltur var áheit á kirkjuna líklegast til árangurs. Kross skyldi koma á kirkjuna ef hann heimti hrúta sína heila á húfi. Brátt bárust fregnir af þeim í Kræklingahlíðinni eða á Þelamörkinni. Fréttirnar glöddu bónda en jafnframt örlaði á þeirri hugsun að betra hefði verið að doka aðeins við. Áheit var loford sem bar að efna. Nágranni Sigtryggs, Þorsteinn Magnússon bóndi á Jökli, var smiður góður. Á hans fund fór Sigtryggur og greindi frá málavöxum. Þorsteinn tók böninni vel. Er krossinn var fullgerður kom hann boðum í Halldórsstaði. Sigtryggur spennti hest fyrir kerru og tók stefnuna á Jökul. Þorsteinn varð klumsa við er hann sá kerruna. Loks sagði hann. „Þú getur ekki flutt krossinn í skítakerrunni.“ Sigtryggur sagði fátt en greip striga-

poka sem hann hafði meðferðis og stakk krossinum ofan í hann. Að því búnu hélt hann ferð sinni áfram út í Hóla og afhenti kirkjueiganda gripinn. Allar götur síðan hefur Hólakirkja skartað krossi.

En tíminn eirir engu og á þessum 170 árum hefur margt verið gert fyrir Hólakirkju. Árin 1989 – 1997 fór fram viðamikil viðgerð á kirkjunni. Þar var fremstur í flokki úrvalsfólks þúsundþjalasmiðurinn Sverrir Hermannsson (1928 – 2008). Allvíða voru fúaskemmdir sem þurfti að lagfæra og krossinn svo illa farinn að Sverrir smíðaði nýjan, eftirmynd hins gamla. Í dag er Sverrir þekktastur fyrir sitt einstaka safn muna af ýmsu tagi sem varðveitt er í Sólgarði. Á því safni er gamli krossinn og má enn um sinn líta hann þar í Smámunasafni Sverris Hermannssonar.

Söguna um tilurð krossins sagði mér fyrir margt löngu nágranni minn, Sigurður Jósefsson bóndi í Torfufelli 1949 – 1989.

Hringrásarhænsn

Alfred Schiöth dýralæknir



Í leit að skemmtilegu verkefni til að sinna með barnabörnum í ellinni fékk ég þá hugdettu að flytja inn tvö ný hænsnakyn sem hafa reynst vel úti í hinum stóra heimi sem þægileg bakgarðshænsn; hvort sem er í þéttbýli eða í sveit. Bakgarðshænsn nýta ágætlega ýmsan matarúrgang sem fellur til í heimilishaldi og umbreyta í egg og kjöt. Þannig styðja hænur við sjálfbærni (draga úr matarsóun) og hringrásarhagkerfið og eru þess utan til ánægju og yndisauka fyrir börn og fullorðna.

Sótt var um leyfi til að flytja inn frjóg egg af stofnunum Rhode Island Red (rauðir fuglar) og Plymouth Rock (gráir fuglar). Á hverju ári flytja atvinnubændur til landsins yfir 200.000 frjóegg af stofnunum Lohmann White (hvítir fuglar sem byggja m.a. á hvítum Ítölum), Lohmann Brown (rauðir fuglar sem byggja á m.a. á Rhode Island Red) og Ross 308 (hvítir holdakjúklingar sem byggja m.a. á White Plymouth Rock) og þannig eru skýr fordæmi fyrir reglubundnum innflutningi erlendra stofna.

Í stuttu máli fékk umsókn mín jákvæðar undirtektir hjá Matvælastofnun með fyrirvara um heilbrigðisvottorð, einangrun, sýnatökur, aðbúnað og eftirfylgni m.t.t. smitvarna. Þegar

leið á ferlið leitaði Matvælastofnun eftir álitum Erfðanefndar landbúnaðarins og klofnaði nefndin í sinni afstöðu, minnihluti var jákvæður og meirihluti neikvæður og niðurstaða Matvælastofnunar var að hafna umsókn með vísan til meirihlutaálits Erfðanefndar landbúnaðarins. Athygli vekur að ekki er leitað eftir álitum Erfðanefndar landbúnaðarins vegna innflutnings á vegum atvinnubænda (rekstur verksmiðjubúa) og um leið vakna spurningar um framkvæmd yfirvalda á jafnræðisreglu stjórnsýslulaga. Þannig fór um sjóferð þá; vinna og kostnaður við að koma upp aðstöðu og finna birgja erlendis (norski genabankinn) og uppsetning á innra eftirliti m.t.t. smitvarna fór að óbreyttu fyrir lítið.

Í framhaldi af höfnun Matvælastofnunar kannaði ég nánar hvaða efnivið er að finna hér innanlands og þá kom ýmislegt áhugavert í ljós, s.s. Silkihænur, Brahmahænur, Easter egger, Papahænur, Sussex hænur og fjölbreytileg íslensk haughænsn (margir litir, stundum með fjáðraskrúð á fótum og stundum með topp). Upphaflega hugmyndin með fyrrnefndum nýjum stofnum var að nýta svokallaðar kyndbundnar litaerfðir til að vinsa út hanana strax á fyrsta sólarhring. Við nánari skoðun á þeim efnivið sem er til í landinu kom í ljós að möguleiki er á kyndbundnum litaerfum með því að nýta Lohmann Brown hana á móti Sussex hænnum. Með þessum hætti er hægt að sjá um leið hvaða ungar eru kvenkyns (dekkri) og hvaða ungar eru karlkyns (ljósari). Þetta var reynt s.l. vor og fram eftir sumri og alinn upp talsverður fjöldi af gylltum hænnum og slíkar unghænur seldar víða um land.

Lohmann Brown stofninn hefur eiginleika Rhode Island Red stofns-



ins, þ.e. að vera forvitnar og gæfar að eðlisfari og þess utan verpa þær vel. Sussex stofninn er sömuleiðis gæfur og rólegur stofn og verpa þökkalega og er ágætlega holdugur (gefur bæði egg og kjöt). Blandhænur af þessum stofnum eru bráðþroska (vegna blendingsþróttar), stórar og yfirvegaðar og auðvelt að gæfa þær og henta ágætlega sem bakgarðshænsn. Þá er ekkert því til fyrirstöðu að nota Sussex hana á móti Lohmann Brown hænnum og fá fugla með sömu eiginleika; gallinn við þessa aðferð er að kyndbundnu litaerfðirnar glatast (bæði hanar og hænur eru hvít/svartar/silfraðar með lopapeysumunstur).

Hugsanlega eru enn frekari möguleikar á kyndbundnum litaerfðum með því að nota gen sem gefur gráa fugla og er stefnt á að bjóða upp á gyllta (Lohmann Brown x Sussex), silfraða (Sussex x Lohmann Brown) og gráa unga (grár hani x Lohmann Brown/Sussex) næsta sumar.

Hægt er að fylgjast með þessu fjölskylduverkefni á fésbók undir nafninu Hringrásarhænsn.

Bestu kveðjur, Alfred Schiöth, dýralæknir á eftirlaunum og áhugamaður um bakgarðshænsn.

Hrafnagilsskóli 50 ára

Gunnar Jónsson, kennari við Hrafnagilsskóla árin 1971 - 1979

Ritnefnd Eyvindar hafði samband við mig í október 2022 og fór þess á leit að ég skrifaði um Hrafnagilsskóla fimmtugan. Skólinn hefur frá stofnun verið eins konar miðja og sameiningartákn sveitarinnar framan Akureyrar og hefur vafalítið flýtt fyrir því að þéttbýli myndaðist á Reykárreyrum. Vissulega er það verðugt verkefni að gera Hrafnagilsskóla betri skil en hér er mögulegt á fáeinum blaðsíðum og vonandi verður skólasaga Eyjafjarðarsveitar einhvern tímann rituð.

Hrafnagilsskóli var vígður við hátíðlega athöfn 3. desember 1972. Rúmu ári fyrr höfðu fyrstu nemendurnir úr hreppunum fjórum sem að byggingu hans stóðu komið inn á heimavistarherbergin. Það var mikil gleðistund fyrir íbúa Hrafnagilshrepps, Saurbæjarhrepps, Öngulsstaðahrepps og Svalbarðsstrandahrepps (síðustu nemendur af Svalbarðsströndinni útskrifuðust 1996). Ungmennin hreppanna gátu nú lokið skyldunáminu úr „sínnum skóla“. Til þess tíma höfðu þau raunar hvergi forgang að skólavist en fengu þó oft inni í einhverjum héraðsskólanna, Gagnfræðaskólanum á Akureyri eða miðskóladeild Menntaskólans á Akureyri, sem starfrækt var frá 1930 – 1964.

Sem betur fer er þetta ekki alveg rétt. Haustið 1963 hófst kennsla í unglíngadeildum í barnaskólunum í Sólgarði og á Hrafnagili. Á báðum stöðum var kennt námsefni 1. bekkjar gagnfræðastigsins eftir því sem tók voru á. Ári síðar hófst svo samvinna þessara skóla. Veturinn 1964-1965 var í Sólgarði kennt námsefni 2. bekkjar og lauk fyrsti nemendahópurinn unglíngaprófi vorið 1965. Árin 1964-1966 var svo öðrum hópi úr báðum hreppum kennt sama efni á Hrafnagili. Var þessu skipulagi haldið



Svona lítur skólasvæðið út í dag. Bygging leikskólans er komin af stað og til stendur að stækka grunnskólann enn frekar

þar til Hrafnagilsskóli tók til starfa. Í Öngulsstaðahreppi var unglíngadeild haldið úti í Freyvangi frá 1967-



Sigurður Aðalgeirsson, skólastjóri, heldur ræðu við vígslu skólans 3. desember 1972

1971. (Áður hafði verið þar unglíngakennsla 1963-1964 en á hana er ekki minnst í skólanefndarfundargerðum). Þennan tíma gátu því ungmenni

sveitarinnar tekið unglíngapróf og lokið skyldunáminu í heimabyggð. Þeir sem héldu áfram námi þurftu þá aðeins einn vetur annars staðar til að taka miðskólapróf / landspróf og annan vetur til, þeir sem fóru í gagnfræðaprófið.

Umræðan um nám fyrir unglíngana í sveitinni framan Akureyrar var þó miklu eldri, líkt og í öðrum sveitarfélögum. Á síðari hluta 19. aldar og fram eftir þeirri 20. kenndu margir í sveitum landsins, sem hlotið höfðu einhverja framhaldsmenntun, unglíngum / ungmennum hluta úr vetri án þess að um formlegt skólastarf væri að ræða og það var líka gert í Framfirðinum. Magnús Sigurðsson bóndi og kaupmaður á Grund var mjög framfarasinnaður og hafði mörg járn í eldi. Fyrir aldamótin 1900 hóf hann umræðu um nauðsyn þess að byggja skólahús fyrir hreppana þrjá, bauð land undir það á Grund og veglega fjárhæð frá sér. En ekki varð af byggingunni, jafnvel þótt Magnús byðist 1907 eða 1908 til að greiða um það bil 2/3 af byggingarkostnaðinum á móti landssjóði með því skilyrði að



Fyrsti starfsmannahópur skólans. Aftari röð frá vinstri: Stefán Aðalsteinsson, Guðrún Sveinbjarnardóttir, Svandís Hannesdóttir, María Sigurbjörnsdóttir, Sæunn Laxdal og Gunnar Jónsson. Fremri röð: Angantýr Hjörvar Hjálmarsson, Sigurhanna Jóna Salómonsdóttir og Sigurður Aðalgeirsson

hver búandi í héraðinu legði fram 3-5 dagsverk við bygginguna. Síðan liðu rúm 60 ár þar til fyrstu nemendurnir gengu inn í unglingskóla í sinni heimabyggð. Velta má fyrir sér hvaða áhrif skóli á Grund eða annars staðar í sveitinni hefði haft á menntun og mannlíf í Framfirðinum þessi 60 ár. Efalaust hefðu fleiri ungmenni sótt sér einhverja menntun að skyldunámi loknu og mörg heimili sparad verulegar upphæðir vegna skólakostnaðar annars staðar.

Stofnun skóla er alltaf mikið vandaverk. Honum þarf að setja stefnu og markmið og skapa hefðir sem að ýmsu leyti taka mið af um-

hverfi og mannlífi samfélagsins sem hann þjónar. Um tíma komu nemendur Hrafnagilsskóla úr mörgum skólum eins og Björk minnst á í sinni upprifjun hér á eftir.

Og starfsfólkið hafði líka margvíslegan bakgrunn, hafði ekki unnið saman áður í skóla, nema skólastjórihjólinn Sigurður og Hanna. Nemendur og starfsfólk komu heldur ekki að fullbúnum skóla. Fyrsta árið fór kennslan fram í heimavistarhúsnæðinu, íþróttirnar voru kenndar nokkur ár í félagsheimilinu Laugarborg og sundlaug ekki á staðnum fyrr en 1980. Því var í mörg horn að líta hjá Sigurði og skólanefndinni og

alltaf sýndu hrepparnir mikinn metnað í uppbyggingunni.

Lög og reglugerðir móta skólastarf á margan hátt. Má þar nefna fræðslulögin 1907 og 1946 og lög um grunnskóla 1974. Ákvæðum laga var af ýmsum ástæðum yfirleitt fyrr framfylgt í þéttbýli en í dreifbýli þar sem aðstæður til skólahalds voru oft erfiðari, til dæmis samgöngur og sveitarfélög fengu stundum tímabundnar undanþágur frá því að uppfylla fræðsluskylduna. Þeir sem vilja kynna sér þessa sögu betur geta flett bókunum „Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007“.

Heimildir:

Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007, síðara bindi, Skóli fyrir alla 1946-2007,

ritstjóri *Loftur Guttormsson*

Fundargerðir skólanefndar Hrafnagilshrepps 1961–1965

Fundargerðir skólanefndar Saurbæjarhrepps 1962–1965

Fundargerðir skólanefndar Öngulsstaðahrepps 1966–1968

Dagar Magnúsar á Grund, *Gunnar M. Magnúss*

Saga Menntaskólans á Akureyri 1880-1980, 2. bindi, *Gísli Jónsson*

Saga skólahalds í Saurbæjarhreppi 1880–1980, ritgerð óársett, *Auður Eiríksdóttir*

Munnleg heimild um unglingskennslu í Öngulsstaðahreppi:

Benjamín Baldursson og Emíla Baldursdóttir

Greinin er endurbirt vegna mistaka í síðustu útgáfu.



Andlitsmyndir gerðar í myndmennt af árgangi 1964

Á Inkaslóðum í Perú

Elín M. Stefánsdóttir



Nína og Elín

Nú á haustdögum fór ég í ævintýraferð til Perú á vegum Fjallafélagsins og langar mig að deila upplifun minni af ferðinni í nokkrum orðum.

Ég fór í þessa ferð ásamt Ninu Baastad sem er tengdamamma sonar míns, en það er næstum ár síðan þetta var ákveðið.

Við byrjuðum á að fljúga frá Keflavík til New York og þaðan til Lima í Perú og loks til Cusco sem er borg í 3.400 m hæð við Andesfjöllin. Cusco var höfuðborg Inkanna á 13. til 16. öld. Þetta ferðalag tók u.þ.b. sólarhring og klukkan var í kringum hádegi þegar við lentum þarna. Maður var samt ótrúlega lítið þreyttur því það gekk ágætlega að sofa í flugvélunum og ferðalagið var allt frekar stresslaust.

Á flugvellinum tók Haraldur Örn Ólafsson leiðsögumaður og eigandi Fjallafélagsins á móti okkur ásamt Kötju sem er annar perúski leiðsögumaðurinn sem var með okkur í ferðinni. Fyrsti dagurinn fór í að skoða sig um í borginni en þar voru mikil hátíðarhöld og skrudgöngur á vegum kaþólsku kirkjunnar sem tók

yfir eftir fall Inkaveldisins á 16. öld. En það var greinilegt að okkar leiðsögumenn höfðu ekki mikinn áhuga á kaþólskum hefðum. Þeirra trú var á Móður jörð og Sólföðurinn eins og Inkarnir trúðu á.

Á degi 2 vorum við sótt á hótelið og farið í skoðunarferð um borgina, við fræddumst um sögu hennar og skoðuðum merkar minjar. Edy (hinn perúski leiðsögumaðurinn) og Katja voru með okkur ásamt Haraldi og fræddu þau okkur mikið um sögu staðarins og sögu Inkanna sem er um margt merkileg. Ein af merkustu byggingum Inkanna er virkið Sacsayhuaman sem stendur ofan við Cusco og hefur að geyma gríðarstóra steina sem þurfti að flytja um 18 km leið.

Það er algjörlega óskiljanlegt hvernig þetta var gert á þessum tíma. Eins er með ólíkindum hvernig steinunum var raðað saman, það er eins og þeir hafi verið laser-skornir því það er ekki millimetri á milli þeirra. Einnig skoðuðum við hofið Quenco, Tambomachay rústirnar og virki sem heitir Puca Pucara. Allt eru þetta staðir frá tímum Inkanna. Einnig skoðuðum við stærstu kirkjuna í Cusco þar sem m.a. má finna gríðarstórt málverk af síðustu kvöldmáltíðinni þar sem á borðum má sjá naggrís sem er þjóðaréttur og aðalveislumatur Perúbúa enn í dag.

Þá var komið að því að yfirgefa Cusco og tékkuðum við okkur út af hótelinu eftir morgunverð og héldum



Eldhústjaldið



Eyðimörkin

af stað til Sacred Valley eða Hins helga dals Inkanna. Það er mikið landbúnaðarhérað og þar er t.d. ræktað mikið af lárperu, maís, hinar ýmsu tegundir af korni og einar 2.000 tegundir af kartöflum!!

Eftir að hafa snætt hádegisverð í þorpi sem nefnist Urubamba, þar sem okkur gafst m.a. tækifæri til að smakka naggrís, héldum við til Pisac þar sem víða má sjá heillegar minjar um veldi Inkanna, t.d. mikið af merkum stöllum þar sem landbúnaður var stundaður. Þar er einnig markaður þar sem kaupa má minjagrip og góða hatta sem eru handgerðir í Ekvador. Margir úr hópnum gripu tækifærið og keyptu sér slíka hatta sem gott er að hafa til að skýla sér fyrir sólinni. Undirrituð hefur einstakt lag á að þefa uppi garnbúðir og fann ég eina slíka og stóðst ekki mátið að kaupa ekta alpakka garn í eins og eina peysu. Að lokum héldum við til Ollantaytambo (tók nokkurn tíma að læra að segja þetta) sem er fallett þorp í um 2.600 m hæð og er nálægt upphafspunkti göngunnar eftir Inkastígunum.

Að morgni fjórða dags var komið að því að hefja gönguna um Inkastígin. Eins og áður sagði er saga Inkanna merkileg en þeir réðu ríkjum í Perú í tæplega 100 ár á fimmtánda og sextánda öld. Á þeim tíma byggðu þeir upp stórkostlegt veldi sem virðist hafa verið hugsað til að vera sem best fyrir fólkið þeirra. Þeir trúðu á sólina, jörðina og vatnið. Þeir byggðu

upp Cusco og Macchu Picchu ásamt stígunum á milli og mörgum áfangastöðum á leiðinni þar sem greinilega hefur verið mikil ræktun og mikið mannlíf. Það er með ólíkindum hversu miklu þeir hafa áorkað á þessum tæplega 100 árum. Veldi þeirra leið undir lok árið 1533 þegar Spánverjar réðust inn í landið og hrifsuðu til sín völdin. Spánverjarnir voru ekki



Katja með naggrís á teini

ýkja margir, en náðu að yfirbuga Inkana því þeim fylgdu drepsóttir sem höfðu ekki áður verið í Perú og innfæddir því ekki með mikla mótstöðu gagnvart þeim. Það er jafnframt talið að þeir hafi aldrei fundið Inkastígin og Macchu Picchu og því hafi þau mannvirki fallið í gleymsku næstu aldirnar.

En aftur í nútímann, við upphaf göngunnar um Inkastígin hittum við burðarmennina okkar. Fyrir þessa 9 ferðamenn og 3 fararstjóra eru 18 burðarmenn. Þeir bera allan mat sem þarf fyrir 4 daga, tjöld, svefnpoka, dýnur ásamt aukafatnaði sem hver og einn þurfti með sér. Eina sem við þurfum að bera sjálf er vatn og smá snarl fyrir daginn og ef maður þarf einhvern aukafatnað. Áður en maður fer inn á stígin þarf að sýna vegabréf og staðfestingu á að maður sé með gilt leyfi til að fara, því það eru einungis 500 manns sem fá að fara á dag, þar af eru trúlega u.þ.b tveir þriðju burðarmenn og fararstjórar. Það fer enginn þarna um nema vera með innlendan fararstjóra með sér. (Kannski eitt-hvað sem mætti taka til athugunar á hálendi Íslands!)

Þá hófst gangan og var þennan fyrsta dag gengið um svæði þar sem mikill landbúnaður er stundaður og algengt að sjá einn til tvo uxu bundna fyrir utan hús eða við vinnu á ökrum þar sem þeim var beitt fyrir plóg. Einnig algengt að sjá fólk vinna á ökrum með haka og skóflu. Ég sá ekki eina einustu dráttarvél á þessu svæði. Gangan var til að byrja með meðfram ánni Wilca Mayo og þar liggur einnig járnbraut þar sem lest ekur um á 20 mínútna fresti og þurftum við á smákafli að ganga á lestarteinunum. Þau voruð okkur við að ef lestin kæmi þyrftum við að vera alveg upp við klettavegginn því annars lentum við í ánni! En því betur sluppum við framhjá án þess að mæta lestinni. Fyrir ofan okkur blöstu við snævi þaktir tindar Andesfjalla í öllu sínu veldi.

Í fyrsta hádegisstoppinu, sem var í þorpinu Tarayoc, fór að renna upp fyrir okkur hvers konar þjónusta er falin í því að hafa alla þessa burðarmenn. Þeir voru með volgt vatn, sápu og handklæði fyrir hvern og einn þegar við komum til að þvo hendur og andlit fyrir matinn. Búið var að leggja á borð með dúk, borðskreytingum og servéttubrotum sem íslenskar húsmæður höfðu aldrei séð. Svo hófst



Hópurinn ásamt leiðsögu- og burðarmönnum

nú borðhaldið, í forrétt var afar ljúffeng grænmetisúpa, sem í sjálfu sér hefði dugað sem hádegisverður, en svo fóru aðalréttirnir að birtast einn af öðrum, fiskréttur, eggjaréttur, hrísgrjón, salat, pastaréttur og ýmislegt fleira. Allt var þetta skreytt svo fallega að sómt hefði sér vel á borðum finustu veitingahúsa. Seinni part dagsins var gangan aðeins meira á fótinn og í lok dags komum við á fyrsta tjaldstað sem nefnist Wayllabamba og er í um 3.000 m hæð. Mjög flott tjaldstæði og útsýnið stórkostlegt. Þegar við komum voru burðarmennirnir okkar búnir að tjalda fyrir okkur og búa um, við þurftum ekki einu sinni að taka svefnpokana upp, hita vatn til að þvo okkur og svo fengum við te og popp meðan við vorum að bíða eftir kvöldmatnum sem var af svipuðum toga og hádegismaturinn nema öllu íburðarmeiri. Við fórum því södd og sæl að sofa eftir fyrsta göngudaginn.

Næsta dag vorum við vakinsnemma og fengum heitt te úr kóka-laufum í rúmið og fljótlega á eftir var morgunmat af stærri gerðinni borinn fram í veitingatjaldinu. Katja leiðsögumaður stjórnaði svo yoga- og öndunaræfingum áður en haldið var af stað. Gangan lá um langa brekku í gegnum regnskóg að sléttunni Llulluchapampa sem er í 3.800 m

hæð og þar fengum við hluta af hádegisverðinum, því kokkurinn vildi ekki að við borðuðum of mikið fyrir erfiðasta hluta ferðarinnar sem var framundan. Áfram héldum við eftir stígnum sem er að stórum hluta steinlagðar tröppur upp í skarð sem nefnist Warmihuanusca eða Dead Woman's



Dead Womans Pass

Pass og er í 4.215 m hæð. Óneitanlega fann maður vel fyrir hæðinni á göngunni og mæddist fljótt, en Haraldur fararstjóri passaði vel upp á að enginn ofreyndi sig. Gekk alltaf á undan í hægum takti og stoppaði reglulega og lét alla gera öndunaræfingar. Það var stórkostleg upplifun að koma upp í skarðið og horfa yfir þessi stórbrotnu fjöll og dali allt í

kring. Eftir stuttan stans þar sem voru teknar myndir og stiginn dans undir flautuleik hjá Edy fararstjóra, en hluti burðarmannanna beið eftir okkur til að dansa, var haldið niður hinu megin þar sem tekur við fallegur dalur við Pacasmayo ána. Það var ekki ýkja löng leið sem við áttum eftir í áfangastað og þegar þangað var komið voru burðarmennirnir að sjálfsögðu búnir að tjalda og búa um þannig að við gátum strax farið að teygja úr skönkunum áður en við fengum seinni hlutann af hádegismatnum, sem hefði í sjálfu sér verið nóg fyrir daginn, en þá var kvöldmat eftir. Á þessu tjaldsvæði var ekki almenningsklósett, en burðarmennirnir komu með klósett með fyrir okkur sem var tjaldað utanum svo aðbúnaður allur var til fyrirmyndar. Um kvöldið gerði mikið þrumuveður með eldingum sem lýstu upp tjaldið og í kjölfarið fylgdi úrhellisrigning, en tjöldin héldu vel vatni svo enginn blotnaði.

Eftir morgunte, æfingar og morgunverð næsta morgun héldum við af stað og yfir Runquracay skarð sem er í 3.930 m hæð. Eftir það tekur við regnskógur þar sem vatnið bókstaflega rennur úr fjallinu jafnvel þótt það sé búið að vera þurrkatímabil. Nú skilur maður hvað regnskógur þýðir og ástæðu þess að þessir skógar eru lífsnaðsynlegir fyrir allt líf á jörðinni. Öll leiðin sem við vorum að ganga í gegnum skóginn er steinlagður stígur sem er í rauninni höggvinn í fjallið sem er himinhátt og snarbratt bæði upp og niður. Sem betur fer sá maður ekkert hvað var hátt niður fyrir trjám og gróðri, annars hefði maður mögulega orðið lofthæddur.

Í lok dags var tjaldað á fallegum hrygg fyrir ofan Phuyupatamarca rústirnar í 3.680 m hæð. Það var því miður skýjað þannig að útsýnið var ekki upp á marga fiska. Þókan var svo þétt að það var varla að það væri ratljóst á klósettið þótt maður væri með höfuðljós. Þetta var kaldasta nóttin í tjöldunum og burðarmennirnir okkar og fararstjórnir buðu okkur að

hita vatn til að setja í flöskur ofan í pokana til að yla þá. En grjótharðir Íslendingar létu nú ekki hafa fyrir því, vanir köldum júlínóttum á Íslandi.

Nú var komið að lokadegi göngunnar eftir Inkastígnum og vorum við vakin snemma (kl 5:30) með hefðbundnu tei úr kókalaufum. Meiningin var að njóta sólarupprásar, en því miður var svarta þoka og rigning svo útsýnið var svipað kvöldinu áður. Eftir morgunverðinn var smá athöfn þar sem við kvöddum burðarmennina okkar og kokkinn. Einnig greiddum við þeim aukalega þjófú sem safnað hafði verið saman hjá öllum hópnum og þeir höfðu svo sannarlega unnið fyrir. Síðan héldum við af stað og eftir stutta göngu komum við að rústum sem heita Phuyupatamarca og eru frá tímum Inkanna. Þar var óvænt uppákoma þar sem einn af burðarmönnum beidd eftir okkur og í ljós kom að hann er Sjamali (Inkaprestur) og er afkomandi Inka sem flúðu upp í fjöllin þegar Spánverjar réðust inn í landið. Hann og leiðsögumennirnir okkar Edy og Katja voru þarna með dásamlega athöfn sem fékk jafnvel fullorðna karlmenn til að tárast. Þetta snerist um að þakka æðri máttarvöldum fyrir lífið og tilveruna. Þá eru kókalaufin og ilmolíur mikilvægur þáttur í athöfn sem þessari. Að þessu loknu héldum við af stað, mun hressari á sál og líkama, niður hin frægu Inka þrep. Það er tveggja kílómetra stigi niður á við þar sem er óviðjafnanlegt útsýni til hárra fjalla og yfir djúpa dali. Hluti af leiðinni er í gegnum regnskóginn og ég hefði ekki orðið hissa þó ég hefði mætt Paddington eða frænku hans á þeirri leið! Náttúrufegurðin er ólýsanleg. Eftir um klukkustundar göngu komum við að Sólarhliðinu þar sem við blasir týnda borgin Machu Picchu. Þetta var stórkostleg stund og varla hægt að lýsa með orðum fegurðinni sem fyrir augu ber.

Þá tók við síðasti hluti göngunnar niður að Machu Picchu, við stöldrúðum ekki lengi við þar, því til stóð að



Hópurinn við Regnbogafjallið

fara aftur þangað daginn eftir til að skoða borgina betur. Við tókum því rútu niður snarbrattar hliðarnar til Aguas Calientes. Þá var maður virkilega þakklátur fyrir að bremsurnar á rúturni væru í góðu lagi! Þar gistum við á sæmilegu hóteli og það var virkilega gott að komast í sturtu og sofa í rúmi eftir þrjár nætur í tjaldi, þrátt fyrir að það væru nú ansi margar pöddur með í herberginu.

Næsti dagur byrjaði snemma, eins og reyndar flestir aðrir í þessari ferð og við fórum með rútu aftur upp fjallið til Machu Picchu. Þó svo að það væri sunnudagur og klukkan rétt um hálf-sjö var röð í rúturnar upp alla götuna þar sem við gistum. En þetta gekk allt furðu fljótt fyrir sig. Við gengum um rústir borgarinnar og Edy leiðsögumaður lýsti menningunni sem þarna var á tímum Inka með sinni einstöku frásagnartækni.

Eftir skoðunarferðina tók við fjallganga (enn á ný) á fjallið Huyana Picchu (Nýja fjallið) sem er rétt við hliðina á Machu Picchu (Gamla fjallið). Það er upplifun sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara sem fer á þessar slóðir. Þegar horft er á fjallið er ekki hægt að gera sér í hugarlund hvernig venjulegt fólk getur gengið þarna upp. Það er snarbratt á allar hliðar. En að sjálfsgöngu er þarna stígur alveg upp

á topp, að miklu leyti steinlagður og víða handrið eða kaðlar til að halda sér í. Uppi er stórkostlegt útsýni yfir fjöllin og dalina í kring ásamt týndu borginni. Þar eru einnig rústir frá Inkatímunum, einskonar hof held ég að það sé.

Þegar við komum niður aftur til Aguas Calientes tókum við lest (þá sömu og við þurftum að passa okkur á fyrsta göngudaginn) til Ollantaytambo. Á leiðinni var ýmislegt til skemmtunar sem kom svo í ljós af hverju var. Fyrst var boðið upp á hinar ýmsu veitingar, m.a. 9% bjór og aðra áfenga drykki. Fjótlega birtist svo trúður með dans og skrípalæti og fékk farþega til að dansa við sig, svo var tískusýning þar sem lestarstarfsfólkið sýndi afskaplega fallegar flíkur úr alpaca ull. Við vorum svo uppnúmin af þessu skemmtilega ferðalagi að ég held að flestir í hópnum hafi keypt einhverja flík. Svo tók við rútuferð til Cusco þar sem við gistum á sama hóteli og í upphafi ferðar.

Næsta dag sem var 9. dagurinn í ferðinni vorum við sótt á hótelið kl 5 um morguninn, en það var svo sem orðinn venjulegur fótaferðatími, og héldum af stað að hinu fræga Regnbogafjalli (Vinicunca). Keyrslan að upphafsstað göngunnar tók um 3 tíma eftir hlykkjóttum vegum og eins



Systur sem vinna sem burðarmenn

eru alveg ótrúlega mikið af hraðahindrunum í Perú. Það var ekki laust við að maður fyndi til bílveiki, sérstaklega þar sem maginn var búinn að vera með einhvern uppsteyst sl. daga og matarlystin ekki góð. En þetta slapp án teljandi vandræða. Stuttu áður en við komum að upphafsstað göngunnar var stoppað á grasbala við veginn og þar voru mættir kokkurinn okkar góði hann Julio Sesar ásamt aðstoðarkokknum og þjóninum sem voru með okkur á Inkastígnum. Þar töfrudu þeir fram enn eina stórkostlegu máltíðina svo að við værum nú vel nærð áður en gangan upp fjallið hæfist. Þarna var hitastigið nálægt frostmarki og snjóföf í fjöllum svo það veitti ekki af að vera vel klæddur og gott að fá heitan drykk. Síðan tók gangan við sem er u.þ.b. tveir tímar og ég verða að segja að hún tók verulega í þó hún væri ekki lengri. Það var valkostur að leigja hest og láta teyma undir sér þarna upp, en mér fannst það þínu svindl og svo fannst mér þessir hestaræflar ekki mjög burðugir. Þegar upp er komið erum við komin í rúmlega 5.000 m hæð og þunna loftið farið að segja vel til sín. En þetta hafðist allt, skref fyrir skref og algjörlega fyrirhafnarinnar virði. Myndirnar ljúga engu um stórfengleika þess

sem fyrir augum blasir þegar upp er komið.

Það var mikil örtröð þarna uppi og þurfti að bíða í röð til að komast á toppinn og bíða í röð til að komast á aðalmyndatökustaðinn. Þarna var fólk með lamadýr þar sem maður gat látið taka mynda af sér með þeim fyrir smá tips. Einnig voru allskonar sölubásar og greinilegt að þetta er mikill ferðamannaíðnaður í kringum þetta.

Síðan tók við gangan niður og þar beið rútan eftir okkur og keyrði okkur að grasalanum þar sem kokkurinn og hans lið beið með dýrindis hádegisverð sem einnig var kveðjumáltíðin með perúsku fararstjórunum þeim Edy og Kötju sem voru búin að passa okkur eins og ungbörn síðustu daga.

Eftir þennan dag var dvöl okkar í Cusco á enda og við fórum (eldsnemma) með flugi til Lima höfuðborgar Perú. Þar vorum við sótt á flugvöllinn og fórum í skoðunarferð um borgina. Sáum m.a. katakombur undir stórri kirkju þar sem liggja bein mörg þúsund manna frá öldum áður. Það var hætt að leggja fólk þar til hinstu hvílu þegar lyktin í borginni var orðin óbærileg vegna allra rotandi líkana. Það er merkilegt í Lima að þar rignir aldrei og er nánast aldrei sól! Alltaf nokkurs konar mistur sem liggur yfir borginni. Leiðsögumaðurinn sagði okkur að þess vegna væru húsin máluð í glæðlegum litum til að lyfta þeim úr grámanum. Það er mikið um gul og blá hús þarna. Fyrr á þessu ári voru mikil mótmæli í Lima og margir létu lífið, en þarna hefur mikil spilling viðgengist í stjórnerfingu og t.d. hafa verið þarna 6 forsetar á jafnmörgum árum og allir fyrirverandi forsetar sem eru á lífi eru í fangelsi.

Seinni partinn höfðum við frjálstan tíma og þá gengum við Nina niður að ströndinni og stungum tánum aðeins í Kyrrahafið. Leiðsögumaðurinn hafði sagt okkur að sjórinn væri rosalega kaldur þarna, bara 12-14 gráður! Okkur fannst þetta nú frekar hlýtt. Það er mikið um brimbretti þarna, en

þetta er ekki aðlaðandi sólbaðsaðstaða (enda nánast aldrei sól).

Næsta dag vöknudum við á okkar venjulega fótaferðatíma og vorum sótt kl. 5:30 og við tók um 6 tíma akstur í suður frá Lima til smábæjarins Paracas þar sem við fórum í bátsferð með Kyrrahafsströndinni og skoðuðum friðað dýralíf við Ballestas eyjar sem hefur verið líkt við Galapagos. Þar má m.a. sjá sæljón, pelikana og mörgæsir.

Á u.þ.b. 6 ára fresti er hópur fólks sendur þarna út til að moka upp skítnum sem þarna safnast upp. Eftir því sem mér skildist á leiðsögumanninum er skíturinn nýttur til að vinna úr honum fosfór í áburð.

Eftir hádegisverð við höfnina héldum við til Huacachina sem er vin umlukin eyðimörk. Þar fórum við í böggýbíliferð um eyðimörkina og renndum okkur á brettum niður sandöldurnar. Afskaplega fallegur staður og á hótelinu þar sem við eyddum síðustu nóttinni eru sundlaugar og fallegur gróður svo það virðist vera nóg vatn þó eyðimörkin sé allt í kring og það rigni aldrei.

Næsta dag var komið að heimferð en við gátum þó notið þess að liggja á sundlaugarbakkanum fram eftir degi, sem var afskaplega gott til að hvíla lúin bein eftir dagskrána síðustu 12 daga. Um kl 15 lögðum við af stað til Lima, en keyrslan tók um 6 tíma. Þar fórum við beint á flugvöllinn og við tók flug til New York þar sem við Nina höfðum ákveðið að eyða næstu þremur dögum áður en haldið var heim til Íslands þar sem við lentum beint í appelsínugula viðvörun. Það var bara hressandi eftir ævintýrin í Perú og gott að koma heim. Það er margt sem maður lærir af svona ferðalagi til annarra menningarheima, meðal annars að maður metur meira þau þægindi sem maður býr við alla daga.

Nóvember 2023

Elín M. Stefánsdóttir

Fellsblíð

Bollakerti - Heiðuljós

Laugheiður Gunnarsdóttir



Laugheiður Gunnarsdóttir á Bjargi hefur um nokkurt skeið útbúið allskonar kerti og auglýst til sölu. Hún og eiginmaður hennar Bolli Ragnarsson, eru til þess að gera nýflutt í sveitina aftur eftir tuttugu ára búsetu á Akureyri. Við Eyvindur hittum Heiðu að máli í gömlu fjárhúsunum sem tengdafaðir hennar Ragnar Bollason byggði á sínum tíma yfir kindurnar sínar. Því hefur nú verið breytt í einkonar listhús.

Hvernig fékkstu þessa hugmynd?

„Ég fór bara að leika mér en svo óx þetta og óx og Bolli bað mig vinsamlegast að fara að selja eitthvað af þessu áður en við hreinlega drukknuðum í kertum. Það má segja að áhugamálið hafi farið svolítið úr böndunum. Ég hafði þessa aðstöðu hérna og fannst um að gera að nota hana.”

Eru margir sem stoppa og versla við þig?

„Það er búið að vera reytingur. Í fyrra var það mjög gott en heldur minna í sumar. Ég hef ekki verið með fasta opnun en menn sjá þetta á netinu og koma við ef þeir hafa áhuga.”

Er þetta tímafrekt hobbí?

„Það getur verið það ef þetta eru mjög flókin kerti en ég geng nú ekkert fram af mér í þessu.”

Hvað ertu að gera margar tegundir af kertum?

„Ég bara veit það ekki mig minnir að það séu eitthvað í kringum fimm-tíu en svo er alltaf hægt að bæta við ef maður fær góða hugmynd. Mér finnst þetta gefandi og skemmtilegt. Áður var ég að mála og fór í Myndlistarskólann en svo fékk ég meiri áhuga á þessu. Ragnar sonur minn er byrjaður að mála og fær að nýta aðstöðuna hér. Svo lumar karlinn að mér allskonar verkfærum, ljósaborði, borvélum og fleiru sem kemur að góðum notum. Ég fæ fjölmargar tegundir af glösum og bollum í Fjölsmiðjunni.”

Já, auðvitað gerir þú bollakerti. Heiða skellihrer og játar fúslega að hún geri bollakerti. Þó það nú væri. Þið bjugguð allengi á Akureyri en fluttu aftur í sveitina.

Hvernig líkar ykkur að búa hér?

„Mér líkar það vel, það mætti ganga betur að klára húsið og gera það upp eftir brunann. En það kemur.



Hér er maður frjálss eins og fuglinn. Karlinn hefur líka nóg að dunda svo ekki þarf ég að vera hrædd um hann. Já, það er mjög gott að vera komin í sveitina á ný. Þetta er bara dásamlegt. Svo er aldrei að vita nema að maður fari að mála svolítið aftur, það kemur að því þegar ég er orðin leið á kertunum. Ég er svolítið stórtæk, þegar ég var að mála var ég alltaf með þrjár myndir í takinu í einu.”

Hvaða verð er á kertunum?

„Þau eru mörg á þúsund krónur og upp í sjö þúsund þau dýrustu.”

Hráefnið í kertin er það dýrt?

„Kertaþræðirnir eru dýrir en fólk kemur oft og laumar kertastubbum í kassann hjá mér sem ég hef hérna úti. Svo tek ég kerti sem ekki seljast og endurvinn þau í öðru formi þannig að þetta er allavega og mjög skemmtilegt annars væri ég nú ekki í þessu.”

Viðtal: *Benjamín Baldursson*



Stíflubré og Hringmelsbrú

nírað samgöngumannvirki í fullu fjöri

Það dylst engum, sem leið eiga um fremri byggðir Eyjafjarðar, svokallaða „Eyjafjarðarhringi“ að brýrnar sunnan Melgerðismela annars vegar og bogabruúin við Sandhóla eru ekki nýlegar. Svo skemmtilega vill til, að þær eru jafngamlar og eiga stórafmæli á árinu 2023! Kannski kunna einhverjir að hvá við þegar þeir heyra hvað þær eru gamlar en þær eru 90 ára í ár, voru báðar byggðar árið 1933. Kannski kann einhverjum að þykja orka tvímælis, að segja þær „í fullu fjöri“ enda má ljóst vera, að þær eru tæpast hannaðar fyrir nútíma umferð bíla, trukka og tækja. Engu að síður er það nú svo, að þær eru enn í fullri notkun á þjóðvegum Eyjafjarðar.

Það má líklega með sanni segja, að sumarið 1933 hafi verið sannkallað „brúasumar“ í Saurbæjarhreppi, en þá voru reistar tvær veglegar brýr yfir Eyjafjarðará, skammt sunnan við Melgerðismela, steinsnar frá Möðruvöllum en hin nærri Sandhólum á svokölluðum Hringmel. Hvenær mönnum hugkvæmdist fyrst að brúa á þessum stöðum er höfundi ekki kunnugt um en það er ekki ósennilegt, að menn hafi verið að lengja nokkuð eftir brúarmannvirkjum fremra þegar líða tók á 20. öldina. Veglegar brýr höfðu risið víða um sveitir og árið 1923 var Eyjafjarðará brúuð á óshólmunum sunnan Akureyrar. Sjálf-sagt má skrifa langar greinar, ef ekki heila bók, um forsögu, skipulag og bollaleggingar vegna brúasmíðanna sumarið 1933 í Saurbæjarhreppi en hér látum við duga að grípa niður í nokkrar samtímaheimildir.

Laugardaginn 29. apríl 1933 kom hreppsnefnd Saurbæjarhrepps, einu sinni sem oftast, saman á fundi. Þann dag fæddist líka í Texas-ríki í Bandaríkjunum sveitasöngvarinn góðkunn

Willie Nelson en það er aldeilis önnur saga. Þá bókaði hreppsnefnd eftirfarandi: „[...] Einnig samþykkir hreppsnefndin endanlega að veita fé til að byggja brýrnar á Eyjafjarðará og taka lán til þeirra. Nefndin telji það æskilegt, og ekki ósanngjarnt, að hún fengi að hafa úthlutunarrétt v. ráðninga manna til vinnunnar og með útborgun vinnulauna þar sem hún ásamt fleiri hreppsþúum útveggar féð að láni handa ríkissjóði“. (Hreppsnefnd Saurbæjarhrepps 1933).

Svo mörg voru þau orð. Og ekki var tvínónað við hlutina, brýrnar risu þá um vorið og sumarið. Innan við fjórum vikum eftir téðan fund hreppsnefndar, þ.e. 25. maí, segir Akureyrarblaðið Dagur frá því, að verið sé að leggja tvær steinbrýr yfir Eyjafjarðará, frammi í Saurbæjarhreppi, aðra milli Saurbæjar og Melgerðis, sunnan við Stíflu og hina við Núpá. Fram kemur þar, að af þessum brúm sé mikil samgöngubót. Það fer hins vegar fáum eða engum sögum af brúavígslum eða öðru slíku í staðarblöðunum.

Brýrnar; stutt lýsing

Stíflubré er steinsteyp, 43 metra löng



Stíflubré

og stendur á steinstöplum. Einn stöpuull er undir henni, eilítið nær austursporðinum. Austanmegin liggur vegurinn á flata neðan Möðruvalla en að vestan liggur töluvert brattur og stuttur vegstubbur niður af Eyjafjarðarbraut að brúnni. Heitir þarna Stífla og Stífluhóll.

Hringmelsbrú er steinsteyp bogabré, undirstöður og gólf bogadregin. Undirstöðurnar eru nokkurs konar steypitir, bogalaga „kjálkar“ með þverbitum, sem brúargólfið hvílir á. Brúin er 27 metrar að lengd. Hversu mikill hallinn er á brúargólfinu kann ég ekki að nefna, en hann gæti verið nærri 5% (Til samanburðar má nefna, að Bakkaselsbrekka á Þjóðvegi 1 er 8% og er hún miklu brattari en brúargólf Hringmelsbrúar). Það ku skapa meira burðarþol miðað við efnismagn, að hafa brýr bogalaga en ekki kann greinarhöfundur að útskýra verkfræðina á bakvið það.

Löngum munu menn hafa haft af því gaman, að koma á miklum hraða inn á Hringmelsbrú og nota hana sem eins konar stökkpall, og koma „á flugi“ niður hinu megin. Að sjálf-sögðu er slíku athæfi alls ekki mælt bót heldur þvert á móti; það er vægast

sagt stórhættulegt, þarna má lítið út af bera á mjóum malarvegum og á enn mjórri, einbreiðri brú. Greinarhöfundur er ekki kunnugt um alvarleg slys á fólki við þennan áhættuleik en eitt-hvað mun hafa verið um tjón á farartækjum við slíkt.

Samgöngubót fyrir alla - eða hvað?

Vissulega voru þessar brýr mikil samgöngubót en þær gögnuðust hins vegar takmarkað íbúum fremst í hreppnum; frá bæjunum Hólsgarði er t.d. lengra að Hringmelsbrú en milli Akureyrar og Hrafnagils! Hins vegar eru aðeins rúmír tveir kílómetrar á milli brúnna tveggja. Í Villingadal bjó hagrýðingurinn Hjálmar Þorláksson. Kvað hann um þetta svokallaða Brúa-bögu:

Sveitin búum sínum býr
sífelld meira næði.
Þeir hafa fengið, brautir, brýr,
bíla og fleiri gæði.

Eyjafjarðaráin nú
ekki lengur tálma kann,
því ríkissjóður byggði brú
bara fyrir hreppstjóran.

Aðra brú fékk oddvitinn
yfir til að skálma,
sýsluvegasjóðurinn
sendi hana Pálma.

En fram í Eyjafirði menn
fara um grýtta vegi,
og getur skeð í ánni enn
einhver gláninn deyi.

Það háttaði nefnilega svo til, að Stíflubró var nokkurn veginn í túnfætinum hjá hreppstjóranum Valdemar Pálsyni á Möðruvöllum og á næsta bæ við Hringmelsbrú, austanmegin, bjó oddvitinn Pálmi Þórðarson. Þess má líka geta hér, að í þessum kveðskap fólst aðeins góðlegt og vinallegt háð. Þó má greina alvarlegan undirtón í lokin þar sem minnt er á, hvers konar háskaspil það gat orðið að fara yfir óbrúuð vatnsföll. Hvað þá



Hringmelsbrú

í vatnavöxtum. En í þessu samhengi megum við auðvitað ekki gleyma ferjumönnum en sú stétt tryggði samgöngur yfir vötn fyrir tíma brúa. Í Saurbæjarhreppi var t.d. lögferja við Sandhóla.

Fremst í Saurbæjarhreppi þurftu menn að bíða lengi eftir brú fyrir bílaumferð. Síðar voru reistar göngubrýr við Hóla, á milli Ártúns og Skáldstaða og við Vatnsenda. Sú fyrrnefnda stóð fram yfir 2000 og enn standa staurar, sem brúin hékk á, á austurbakka árinna. Kallaðist hún Hólalabru. Munaði mestu um þessar göngubrýr fyrir kúabændur austanmegin; þeir þurftu nefnilega að koma mjólkurbrúsum yfir ána því mjólkurbíllinn fór aðeins um vesturkjálkann. Það var svo ekki fyrr en haustið 1966 að vegasamband komst yfir ána milli „kjálkanna“ þegar brú var reist við Vatnsenda.

Hringmelsbrú og Stíflubró hafa verið gríðarlegt stórvirki á sínum tíma. Það er til marks um það, að eftir 90 ár standa þær enn undir allri bílaumferð um Eyjafjarðarbrautirnar og Hólaveg. Um áratugaskeið hafa þær eflaust borið margfalda þá þyngd, sem hannað burðarþol þeirra er, enda getum við rétt ímyndað okkur muninn á farartækjum ársins 1933 hins vegar og 2023 hins vegar. Brýrnar eru að sjálfsögðu einbreiðar og varasamar eftir því og standast eflaust fáa þá staðla, sem gerðar eru til brúarmann-

virka í dag. Það er vonandi, að þegar kemur að aldarafmæli Hringmelsbrúar og Stíflubrúar, hafi þær öðlast hvíld frá umferð þjóðvega og ný brúarmannvirki hafi leyst þær af hólmi. Þær munu eflaust, þegar að því kemur, áfram nýtast gangandi, ríðandi eða hjólandi vegfarendum á sínum ferðum en einnig verða vegfarendum til ánægju og yndisauka sem söguleg samgöngumannvirki.

ES: Þegar greinarhöfundur gerði opinbert, að hann hygðist gefa út rit um brýrnar yfir Eyjafjarðará var hann mikið inntur eftir því, hvort fjallað væri um Hólalabru. En bók undirritaðs, Brýrnar yfir Eyjafjarðará tekur aðeins fyrir þær brýr, sem liggja yfir ána á því herrans ári 2023. Það er hins vegar ljóst að full þörf er á því, að taka saman grein eða umfjöllun um Hólalabru, því hún er greinilega ofarlega í huga margra, sem alið hafa manninn í Saurbæjarhreppi. Þrátt fyrir góðan vilja til hvort tveggja fræðigrúks og skrifa telur sá sem þetta ritar, að einhver með haldbetri þekkingu á svæðinu og tilurð brúarinnar væri betur til þess fallinn en undirritaður, að skrifa sögulegan þátt um Hólalabru.

*Akureyri í október 2023,
Arnór Bliki Hallmundsson*

Félagsheimilið Freyvangur

Arnór Bliki Hallmundsson

Skammt ofan Laugalands í fyrrum Öngulsstaðahreppi, um 14 km framan Akureyrar, er að finna eina af helstu menningarmiðstöðvum Eyjafjarðarsvæðisins. Freyvangur, í upphafi félagsheimili Öngulsstaðahrepps, vígt 1957, hefur sl. áratugi verið aðsetur samnefnds leikfélags, sem sett hefur á svið hverja stórsýninguna á fætur annarri. Freyvangsleikhúsið hefur löngum verið orðlagt fyrir metnað og sýningar jafnan lofaðar í hástert af gagnrýnendum. Og það verðskuldað. Voríð 2022 voru viðruð áform um sölu Freyvangs og svo gæti því farið, að leiksýningar og samkomur í Freyvangi heyri sögunni til. Þannig hillir undir viss vatnaskil í sögu þessa ágæta húss, enda þótt það muni standa áfram en hlutverk þess og kannski útlit og yfirbragð breytast. En vonandi verður Freyvangur og Freyvangsleikhúsið við lýði um ókomna tíð.

Fyrri hluta síðustu aldar sóttu íbúar Öngulsstaðahrepps samkomur sínar í ýmist í þinghús hreppsins eða hús sem Ungmennafélagið átti að Munkaþverá (rifið á milli 1980-90). Voru það að öllu jöfnu íbúar sunnanverðs hreppsins sem sóttu samkomur á Munkaþverá. Þinghúsið var reist um 1905 og stóð í víðum hvammi sunnan Þverár, undir Þverárhöfða. Um miðja öldina var sú bygging komin að fótum fram og þótti orðið með öllu ófullnægjandi. Það var því snemma árs 1953 að með hreppsnefnd funduðu öll þau félög hreppsins, sem komið gætu að byggingu nýs félagsheimilis. Hófust nú samningaviðræður um hlutdeild hvers félags og lauk þeim í ágúst sama ár. Þau félög sem komu að byggingu hússins voru kvenfélögin Aldan og Voröld, Slysavarnarfélagið Keðjan, umgmenntafélögin Ároðinn,



Ársól og Væringjar ásamt Framfarafélaginu (Búnaðarfélaginu). Framkvæmdanefnd skipuðu þeir Garðar Halldórsson á Rifkelsstöðum, Jónas Þórhallsson á Stóra-Hamri og Kristinn Sigmundsson á Arnarhóli. Þess má geta að sá síðasttaldi var föðurafi þess sem þetta ritar.

21. nóvember 1953 hófst jarðvinna fyrir nýtt félagsheimili. Nýja félagsheimilinu var valinn staður í landi Ytra Laugalands, í aflíðandi hlíð ofan Þjóðveggarins, neðan Stekkjarhalla (skv. Örnefnakorti LMÍ). Margir komu að byggingu hins nýja félagsheimilis en byggingu stýrðu þeir Sigfús Hallgrímsson og Þórður Friðbjarnarson. Tók sá síðarnefndi við af hinum fyrrnefnda. Tryggvi Sæmundsson sá um járnabindingu og þeir Jóhann Þórisson og Jóhannes Pétursson um múrverk. Miðstöðvar- og raflagnadeildir KEA sáu um þær framkvæmdir, sem að því laut, Ólafur Magnússon sá um uppsetningu miðstöðvarkerfis en Ingvi Hjörleifsson um raflögnina. Bræðurnir Kristján og Hannes Vigfússynir önnuðust málningarvinnu en innréttingar voru smíðaðar í Lundi og Slippstöðinni. Í upphafi var ákveðið að kostnaðurinn skyldi skiptast milli félaganna átta og hreppsins á þá leið að hreppurinn

legði til 52 % á móti hinum félagasamtökunum. Við vígslu skiptust þeir fjármunir, sem þessir aðilar höfðu lagt til á þessa leið: Hreppurinn 370 þúsund krónur, félögin átta 195 þúsund, frjáls framlög voru 90 þúsund, Menningarsjóður KEA kr. 5000. Þá hafði félagsheimilaskjóður lagt til 170 þúsund og fylgdi sögunni, að sá sjóður væri langt á eftir með sínar lögboðnu greiðslur. Fullbúin kostaði byggingin 1,5 milljónir. Ekki kann höfundur að snara þessari upphæð á núvirði, en til þess að setja upphæðina í eitt-hvert samhengi má nefna, að á þessum tíma kostaði kílóíð af sveskjum um 10-12 krónur. Nú munu skráðir eigendur hússins vera Eyjafjarðarsveit, Búnaðarsamband Eyjafjarðar, Kvenfélagið Voröld og ungmennafélagið Samherjar en raunar ríkir ákveðin óvissa um eignarhaldið. Freyvangur er steinsteypuhús í tveimur álmum, önnur þeirra tvílyft með lágu, aflíðandi risi og sú fremri ein hæð með aflíðandi, einhalla þaki. Samkomusalur og húsvardaríbúð er í hærri álmunni en í lægri álmunni m.a. anddyri, búningsherbergi, salerni, fatahengi og eldhús. Nú kann einhver að gera þá athugasemd, að samkomusalur með 7m lofthæð teljist vitaskuld ekki tvílyftur; með tvö loft, en hluti álm-

unnar er sannarlega á tveimur hæðum. Veggir hússins eru múrhúðaðir og bárujárn á þaki en einfaldir lóðréttir póstar í gluggum. Gólfliötur hússins mun 445 m² og lofthæð í sal 7 metrar. Í upphafi var leiksvið 60 m², salur 115 m² og veitingastofa 50 m². Húsið mun að mestu óbreytt að ytra byrði frá upphaflegri gerð, þó mun þaki á framálmum hafa verið breytt lítillega um 1990. Á bakvið stendur geymsluhúsnæði, sem byggt mun árið 1963.

Vígsluhátíð Freyvangs var haldin á sumardaginn fyrsta, 25. apríl 1957. Um var að ræða mikil hátíðahöld, en þar voru samankomnir 350 manns. Veislustjóri var „yfirvald sveitarinnar“, Árni Jóhannsson hreppstjóri en athöfnin hófst með guðsþjónustu sr. Benjamíns Kristjánssonar. Héldu margir ræður og var mikið sungið og borð svignuðu undan kræsingum. Hið nýja félagsheimili Öngulsstaðahrepps, Freyvangur, var komið í gagnið. Eftir hafði verið til samkeppni innan sveitarinnar um nafn á nýja félagsheimilið og var tillaga Sigurpáls Helgasonar á Þorustöðum, um nafnið Freyvang, hlutskörpust. Fyrstu íbúar Freyvangs og húsverðir voru þau Theódór Kristjánsson og Guðmunda Finnbogadóttir. Þjuggu þau hér frá 1957 til 1965. Þess má líka geta, að tveir synir þeirra, Kristján Helgi og Ólafur Helgi gegndu einnig stöðu húsvarðar, Kristján frá 1972 til 1974 og Ólafur frá 1981-88.

Ef „Freyvangur“ eða „Freyvangi“ er flett upp á gagnagrunninum timarit.is birtast alls um 2500 niðurstöður, mestmegnis auglýsingar um hina ýmsa viðburði og leiksýningar. Ef þessari tölu er deilt með aldursárum Freyvangs (65) fæst út, að nafn Freyvangs hefur að jafnaði birst í prentmiðlum 40 sinnum á ári alla tíð. Svo ljóst má vera, að alla tíð hefur verið nóg að gerast í Freyvangi. Á fyrstu árum má sjá þar auglýsta dansleiki, sem og héraðsmót. Þá stóðu bæði Sjálfstæðis- og Framsóknarmenn fyrir mótum, fundum og viðburð-

um þarna, þannig að segja má, að Freyvangur hafi verið þverpólítískur samkomustað. Líkt og tíðkast með félagsheimili var Freyvangur auðvitað miðpunktur samkvæmis- og félagslífs Öngulsstaðahrepps: Þorablót, jólaskemmtanir, árshátíðir, tónleikar og aðrar slíkar samkomur. Með sameiningu hreppanna þriggja framman Akureyrar um áramótin 1990-91 breyttust forsendur alls þessa nokkuð. Freyvangur var einnig nýttur sem skólahúsnæði um nokkura ára skeið, eða veturna 1967-69 og 70-71. Um var að ræða sérstakan unglingskóla Öngulsstaðahrepps en honum var sjálfhætt 1971 þegar Hrafnagilsskóli var stofnsettur. Þess má geta, að á þeim tíma var vegalengdin milli Freyvangs og Hrafnagils um 30 kílómetrar, þar eð næstu brýr yfir Eyjafjarðará voru Hólmabryrnar við Akureyrarflugvöll eða Stíflubru við Möðruvelli fram. Miðbrautin, milli Laugalands og Hrafnagils, kom löngu síðar en með henni styttist þessi leið h.u.b. tífalt.

Það sem e.t.v. hefur haldið merkjum Freyvangs hæst á lofti hin síðari ár, og raunar áratugi er hið rómaða Freyvangsleikhús. Leikverk hafa verið sett upp í Freyvangi frá byggingu hússins en stofnfundur leikfélags í hreppnum var haldinn þann 9. apríl 1962. Leikfélag Öngulsstaðahrepps var nokkurs konar fyrirrennari Freyvangsleikhússins. Það yrði auðvitað allt of langt mál að telja upp öll þau verk sem Freyvangsleikhúsið hefur sett upp gegnum tíðina, en síðustu ár og áratugi hefur leikfélagið sett upp mörg sígild og vinsæl verk. Má þar nefna t.d. Dagbók Önnu Frank, Góða dátann Svejk, Fiðlarann á þakinu, Fló á skinni auk þess sem leikfélagið er ötult við að setja upp barnasýningar en m.a. hafa Lína Langsokkur, Emil í Kattholti og Dýrin í Hálsaskógi farið á fjalir Freyvangsleikhússins á sl. áratug eða svo. Þegar þetta er ritað sýnir Freyvangsleikhúsið Kardemommubæinn. Að auki hefur Freyvangsleikhúsið sett upp ýmis frumsamin leik-

verk, eða leikrit samin sérstaklega fyrir leikhúsið og frumsýnd í Freyvangi. Freyvangsleikhúsið hefur löngum verið rómað fyrir metnað og sýningar þess jafnan hlotið einróma lof og notið mikilla vinsælda. Höfundur fullyrðir, að Freyvangsleikhúsið sé ein af helstu menningarstofnunum Eyjafjarðarsvæðisins og jafnvel Norðurlands alls.

En nú munu blikur á lofti. Tíðindi hafa borist af hugsanlegri sölu Freyvangs og framtíð þessa stórmerka og rótgróna leikfélags jafnvel teft í tvísýnu. Félaginu mun raunar hafa boðist önnur aðstaða, nánar tiltekið Laugarborg við Hrafnagil, en starfseminni mun þó svo gott sem sjálfhætt, ef félagið missir húsið. (Það þætti nú líklega sérstakt, ef selt yrði ofan af Þjóðleikhúsinu og því gert að gera sér Hörpuna eða Háskólabíó að góðu!). Auðvitað er það skiljanlegt, að sveitarfélagið leiti leiða til fjárflounar við uppbyggingu innviða og auðvitað margt hægt að gera, íbúum Eyjafjarðarsveitar til hagsbóta, fyrir andvirði Freyvangs. Það væri hins vegar synd ef Freyvangsleikhúsið legði upp laupana vegna sölu hússins.

Freyvangur er látlaust en glæst hús og í góðri hirðu. Túnið framman við er umgirt trjágróðri en á síðustu árum hafa trjágróður og skógar sett æ meiri svip á grösugar sveitir Eyjafjarðar, sem voru þó blómlegar fyrir. Freyvangur og öll hin gömlu félagsheimili um sveitir landsins eiga að sjálfsögðu að hljóta hátt varðveislugildi, ef ekki friðun. Oft er um að ræða stórkostlegar byggingar hvað byggingarlist varðar en menningarsögulegt gildi Freyvangs og sambærilegra húsa hlýtur að vera ótvírætt. En auk þess sem friða ætti bygginguna Freyvang væri ekki síður mikilvægt að varðveita þá merku menningarstofnun sem þar á skjól og tryggja þar áframhaldandi starf.

Akureyri í apríl 2022, endurskoðað í október 2023

Arnór Bliki Hallmundsson.

Handboltinn á Þveráreyrum – Félagsmiðstöð

Þuríður Baldursdóttir



Eyjafjarðarmeistarar í handbolta kvenna 1966, lið Ársólar og Árröðans. Standandi frá vinstri: Svala Stefánsdóttir, Katrín Ragnarsdóttir, Oddný Snorraddóttir, Ólöf Tryggvadóttir og Sigurlína Hreiðarsdóttir. Sitjandi frá vinstri: Emilia Baldursdóttir, Ragnheiður Snorraddóttir og Hrefna Hreiðarsdóttir. Myndin tekin í Freyvangi við afhendingu viðurkenninga, sennilega af Þóroddi Jóhannssyni

Sumir eru heppnari en aðrir. Ég var svo heppin að fá að alast upp í góðu samfélagi á góðum tímum. Þó margt væri mótdrægt og lífsbaráttan krefjandi á árunum upp úr miðri síðustu öld þá horfðu menn björtum augum til komandi tíma. Mig langar að lýsa örlítið félagskap sem hafði mjög mótandi áhrif á mig í uppveixinum, kenndi mér margt í félagslegum samskiptum og gaf mér um leið góðar minningar sem ylja.

Í minni sveit, Kaupangssveit, var gott fólk. Sumir meira drífandi en aðrir eins og gengur og ég held að það hafi verið Hörður nágranni minn á Garðsá og Ytra-Hóls systkin, Ólöf og Óli, ásamt Friðrik í Brekku sem hóuðu fyrst til þess fagnaðar að æfa handbolta á Þveráreyrunum. Þá voru eyrarnar öðruvísi útlits en nú er og var notað þokkalega slétt og gróíð svæði norðan og vestan við gamla Þinghúsið sem, þegar þessi félagskapur skópst, stóð ennþá og gegndi

sínu hlutverki. Partur þessa hluta eyranna er nú hestahólf. Völlurinn var mjög harður, stutt niður á mól, og maður fann vel fyrir byltum. Engu að síður var þetta hið vistlegasta svæði og betri völlur ekki í boði.

Til að byrja með voru ekki margir sem tóku þátt í æfingunum. En það sem einkenndi þær frá byrjun var að ALLIR voru velkomnir. Engin aldurstakmörk í sjálfu sér, þeir krakkar sem treystu sér og fengu leyfi foreldra voru velkomnir. Ég þarf ekki að fjölyrða um það hvað mér fannst, 10-11 ára gamalli, mikil upphefð í því að fá að taka þátt í leik með fullorðnu fólki sem hafði sumt hvert getið sér gott orð sem íþróttafólk og hafði mikinn íþrótaáhuga. Þetta var mjög hvetjandi. Svo var félagskapurinn einstakur og alltaf komið fram við mann sem jafningja. Hér var ekki flokkað í hópa, hvorki vegna æsku né elli.

Því miður get ég ekki munað nákvæmlega hvenær þetta fór af stað, en held að það hafi verið sumarið 1955,

get samt ekki fullyrt um það, og nú eru ekki margir sem muna þetta gjörlla. En ég var snemma skýrslusækinn og sumarið 1956 byrja ég að skrifa hjá mér hverjir mættu á æfingarnar, hverjir voru „fyrirlíðar“ og hvernig lið skiptust, en það var alltaf kosið í lið á hverri æfingu. Þessu skýrsluhaldi hélt ég í ein fimm ár. Það gefur svolitla mynd af því hvernig hópurinn var samsettur og hvernig hann þróaðist. Og hann óx, heilmikið, og þroskaðist að hæfni í handboltaleik og þegar fram í sótti varð til hið ágætasta handboltalið stúlkna, en þá var ég ekki lengur með en fylgdist með stelpunum sem gerðu garðinn frægan. (Sjá mynd). Því miður fann ég enga mynd af þeim frækna hópi sem bar þetta uppi fyrstu árin.

Það fyrsta sem ég get séð af mínum pappírnum er að 1956 er mæting frá 12 bæjum, fyrirferðarmestir hvað höfðatölu varðar eru þar Garðsá, Þverá og Þórustaðir. En það segir ekki alla söguna. Langötulust í mætingum

vorum við sem næst vorum Þveráreyrunum, þ.e. frá Hólsbæjunum, Ytri og Syðri, Hjarðarhaga, Garðsá og Þverá. Strax árið eftir hefur þátttaka aukist til muna, fólk kom þá frá 19 bæjum á svæðinu frá Austurhlíð að Ytri-Tjörnum, og enn eiga Þverá, Þórustaðir og Garðsá vinninginn hvað fjöldann varðar.

Eins og gefur að skilja var þetta ærið sundurleitur hópur að aldri og getu, þó þeir yngstu væru ekki endilega þeir slökustu. En fyrst og fremst var hér um að ræða það að fólk hittist, blandaði geði í leik sem ekki var tekinn allt of alvarlega. Ef mjög illa var mætt svo ekki náðist að skipta í lið var bara farið í leiki, og reyndar stundum þó vel væri mætt. Hér komu sumir bara í eitt skipti, aðrir misstu ekki úr æfingu. Vinnupiltar og kaupakonur á bæjunum gátu þarna kynnst heima-fólki og öfugt. Þarna sköpuðust oft mjög góð kynni.

Strax árið 1957 tókum við stelpur svo þátt í keppni í Árskógi, sunnudaginn 28. júlí, og höfðu þá náðst 15 æfingar það sem af var sumri. M.a. var aukaæfing í samfloti við fót-boltaæfingu mánudaginn á undan og var hún haldin á Munkaþverá. Jón á Þverá keyrði okkur þangað suðureftir á boddybílnum sínum. Á þessa æfingu mætti Einar Helgason, íþróttakennari, og tuskadi okkur eitthvað til. Það varð svo til þess að hann var fenginn á 3 æfingar í viðbót um sumarið, góður kennari, skemmtilegur og skeleggur.

Í Árskógi var keppt við úrvalslið stelpna frá Hjalteyri og Dalvík. Spilað var 15 mínútur á mark og unnum við með 3:0. Ólöf á Ytra-Hóli var í marki, Rósella á Þverá var fyrirliði og spilaði „fram“ og aðrir leikmenn voru Anna María Sigurgeirsdóttir, sem hafði verið kaupakona í Hjarðarhaga, Magga á Garðsá, Þuríður Jóna á Tjarnarlandi, Ragnheiður á Öngulsstöðum og svo ég. Katrín Sigurgeirsdóttir, kaupakona í Hjarðarhaga, var varamaður en spilaði ekki. Mörkin skorðu þær Rósella, Anna María og Magga.

Ég tel að það hafi haft mikið að segja að strákarnir æfðu alltaf með okkur og liðin voru alltaf blönduð, ekki skipt eftir kynjum, heldur völdu fyrirliðarnir til skiptis úr hópnum þá sem þeir vildu hafa með sér. Þeir voru ekkert að hlífa okkur piltarnir og við urðum harðar í skallann, létum okkur ekki allt fyrir brjósti brenna. Og ekki vantaði kappið.

Árið eftir, 1958, er aftur blásið til keppni og höfðum við þá náð 9 æfingum, þar af mætti Einar Helgason á 3, en hann kom 7 sinnum til okkar það sumarið. Keppnin var haldin sunnudaginn 20. júlí á Jónasarhátíð að Steinsstöðum og Þverá í Öxnadal. Keppt var við Þór á Akureyri. Liðið okkar var þannig skipað: Markmaður: Ólöf, framherjar: Rósella, sem var fyrirliði, Þuríður Jóna og ég. Bakverðir: Magga á Garðsá, Ragnheiður á Öngulsstöðum og Kata í Hjarðarhaga. Varamenn (skipt inná): Unnur í Kaupangi, Halla Sigurðardóttir í Gröf, Helga á Staðarhóli og Ásta Gísladóttir í Kaupangi. Línuverðir: Hörður og Pétur á Garðsá. Dómari: Einar Helgason. Þór vann, 4:2, Rósella gerði mörkin fyrir okkar lið. Ég verð að skjóta því inn að Rósella var mjög góður leikmaður, spretthörð og nösk á tækifærin.

Sumarið 1959 kemur Stefán Magnússon frá Árgerði á 6 æfingar og þjálfar og var mikill fengur í að fá hann. Hann kemur svo aftur árið eftir, 1960, og þjálfar í 5 skipti. Kostnað af þjálfun hljóta ungmennafélögin að hafa greitt. Yfirleitt hófust æfingar í júníbyrjun og stóðu fram undir miðjan september. Síðari árin mín í þessum félagsskap var síðasta „æfing“ sumarsins flutt í gamla Þinghúsið sem gegndi þá hlutverki heyllöðu Þverár-bænda, trúlega var ekki beðið leyfis eigenda fyrir þessu, en aldrei urðu eftirmál. Orðið var aldimm á þessum síðsumarskvöldum og voru sagðar draugasögur og margt spjallað.

Fyrstu árin voru æfingar tvisvar í viku en 1960 er bara æft á þriðjudagskvöldum, þá nást bara 12 æfingar

í stað t.d. 30 æfinga 1957. En 1960 er mun fleira fólk farið að sækja í þetta og æfingar fjölmennar, yfirleitt vel yfir 20 manns, og íþróttin þróaðist í rétta átt. Og þráðurinn slitnaði ekki, nýjar stúlkur bættust í hópinn og þetta varð meiri alvara.

Möguleikar fólksins til að mæta á æfingarnar voru mikið háðir fjarlægð heimilis frá Þveráreyrunum, sem skýrir að við sem næst bjuggum áttum besta mætingu. Yfirleitt komu menn gangandi, stundum á hjóli og einstaka á ökutækjum. Við Syðra-Hóls og Hjarðarhaga krakkarnir áttum hauka í horni þar sem þau Hörður og Magga á Garðsá voru, en þau komu alltaf á Ferguson með skúffu aftaná sem hægt var að troða býsna mörgum í. Seinna kom svo í Garðsá forkunnar finnn Ford Junior bíll og tók við hlutverkinu.

Mig langar að minnast á það hvað það var yfirleitt jákvætt hugarfar á bæjunum gagnvart því að vinnufólk og heima-fólk fengi að eiga þessar kvöldstundir fríar, það hefur ekki alltaf verið alveg sjálfsagt mál, sérstaklega yfir háannatímamann í heyskap. Ég minnst kvölds eftir langan heyskapardag og ekki búíð að ná öllu í hlöðu, að við Viðar frændi minn fengum að yfirgefa streðið þó haldið væri áfram af þeim fullorðnu. Og ég held að mjög víða hafi þetta þótt sjálfsagt mál. Allt svona styður við. En eina athugasemd hef ég þó punktað hjá mér hvað þetta varðar, það er 1. september 1958 „mikill þurrkdagur“ þá dettur mæting niður í 9 en var yfirleitt milli 15 og 20 eða þar yfir. Sjálfsagt hefur þarna legið óvenju mikið við, kannski síðustu forvöð að ná inn góðu heyi.

Ég kann ekki að segja þessa sögu mikið lengri, en þegar komið var fram á 7. áratuginn fór sólin fyrst að rísa hvað íþróttina sjálfa varðaði og vaskar stelpur unnu til alvöru íþróttafreka og urðu sinni sveit til sóma, urðu m.a. þrisvar Eyjafjarðarmeistarar, er mér tjáð. Það er efni í annan pistil og því gef ég boltann yfir, á einhvern sem man og veit.

Það er ekkert grín að lenda á sjúkrahúsi

Reynir Hjartarson



Nú rakst ég á gamla frásögn er ég skrifaði að mestu liggjandi á Sjúkrahúsinu á Akureyri fyrir um 25 árum, en þá var fyrri löppin á mér söguð sundur neðan hnés og rétt af til að geta frestað liðskiptum. Þessa frásögn skrifaði ég jafnóðum til að létta sjálfum mér stundirnar meðan á þessu stóð því þetta var kvalafull aðgerð og við tóku 3 mánuðir í gífsi upp í nára en ég er búinn að leggjast á skurðarborðið rúmlega 20 sinnum og hlýt því að vera með mest skornu mönnum en það ku vera flott í vaxtarræktinni að vera „mikið skorinn“. Ég sendi nokkrum vinum þetta pír á sínum tíma og þar á meðal Palla vini mínum og frænda á Höllustöðum og hann bað mig síðan um leyfi til að leyfa Davíð Oddssyni að sjá þetta til að skemmta sér við en hann lá þá á sjúkrahúsi og auðvitað var það sjálfsgt en nokkrum vikum síðar kom Davíð í sjónvarpið hjá Gísla Marteini og barst þá sjúkrahúslega hans í tal og má segja að hann hafi notað meirihlutann af þessari sögu til að slá um sig og hafi ég ekki vitað það fyrir að sá maður væri drullusokkur þá staðfestist það hjá mér og hefi aldrei verið í vafa um það síðan.

Það er mikil blessun að sama aðferð er ekki notuð á menn og skepnur þegar kemur að heilsufarsmálum, ég get svo sem vel sætt mig við að dýralæknar þjónusti mig og hef reyndar góða reynslu af því. En það er hins vegar það sem upp kemur þegar tilvikin reynast erfið og talið er að það svari varla kostnaði að reyna að koma viðkomandi til heilsu, þá eru skepnurnar aflifaðar – en við förum til sérfræðinga. Það var einmitt þangað sem ég fór þegar lappirnar hættu að bera mig og brennivín dugði ekki lengur til að minnka verkina. Leiðin lá sem sagt á Bæklunardeild Sjúkrahússins á Akureyri.

Oftast byrjar hörmungar ganga þeirra sem koma til O-deildar, eins og bæklunardeildin er kölluð, á því að heimilislæknir þeirra er orðinn verulega þreyttur á viðkomandi sjúklingi og vísar honum til bæklunarsérfræðingsins með misgáfulegum athugasemdum um hvað geti verið að, sé það ekki augljóst. Þannig var það allavega hjá mér.

Gömul kona í Húnavatnssýslu sagði einu sinni að heilbrigður maður sem sem færi til læknis þyrfti á guðs hjálp að halda – ég er að byrja að skilja núna hvað hún átti við.

Það er ekki að orðlengja að það var tekin ákvörðun um að saga sundur á mér löppina og snúa henni eitthvað og láta gróa þannig saman aftur, en það er eiginlega algert aukaatriði hvað að mér var, eða er, því ég ætla fyrst og fremst að tíunda lífið á deildinni burtséð frá sjálfum mér. Enda hef ég lofað sjálfum mér að vera bæði sanngjarn og sannorður um það sem þarna gerist. Það fyrsta sem ég meðtók við skoðanir læknanna var að ég færi aldrei meira á hestbak og hefði átt að vera búinn að banna mér það fyrir löngu. Reyndar var margbúið að því

en ég gleymdi því jafnharðan.

Einum til tveim dögum fyrir innlögn eru allir aðgerðarsjúklingar látnir mæta í svokallaðar rannsóknir, þar sem í raun ekkert gerist. Maður mætir með birtingunni á spítalann og fer í blóðrannsókn, þar er alltaf sagt „þetta hefur ekkert breyst síðan síðast“. Þá er næst tekið hjartalínurit en það týnist gjarnan og virðist enginn hafa áhyggjur af því. Ég held að það sé svipað með hjartalínurit og jarðskjálftamælingar, það menntar sig fólk til að lesa úr þessum pappírnum sem gefa þó aldrei ákveðna niðurstöðu. Ef talað er við jarðskjálftafræðinga eftir að skjálftar koma fram á mælum þá segja þeir alltaf að annað hvort komi stóri skjálftinn eða ekki. Eins held ég að það sé með hjartalínuritina þau sýna að annað hvort slær hjartað áfram eða ekki.

Næst koma svo röntgenmyndatökurnar, þar er maður látinn standa í skítakulda, hálfnakinn og sagt að halda niðri í sér andanum, röntgentæknarnir smella af og fara svo bak við til að framkalla myndina og spjalla saman og fá sér jafnvel kaffi, maður stendur þarna skjálftandi án þess að anda eins lengi og lungun leyfa. Loks springur maður og er passlega búinn að ná eðlilegum lit eftir andnaðina þegar komið er fram og sagt að allt sé óbreytt og maður megi fara upp á O-deild.

Hafið þið hugsað af hverju þessi deild er kölluð O-deild? Handlæknisdeildin er H-deild, Lyfjadeild er L-deild og svo framvegis, en O-deild fyrir bæklunardeild, hvaðan úr skrambanum er það eiginlega fengið. Ég fór að velta þessu fyrir mér meðan ég beið eftir viðtölunum uppi á deildinni fyrir innskriftina. Nafnið O-deild? Ég held að O-ið sé notað af því að það er hringur og táknar eilífðina. En hvað minnir á eilífðina þarna

inni á deildinni? Heldur er það nú fátt fyrir utan sumt af húsgögnunum og nokkrir starfsmenn sem gleymst hafa þarna inni síðan á forsögulegum tíma. Og svo eru það auðvitað líka blaðabunkarnir sem eru á biðstofunni, þar sem yngsta blaðið núna var skítug Vika frá Surtseyjargosinu 1973.

Það þurftu margir að tala við mig fyrir aðgerðina, hjúkrunarforstjóri, yfirhjúkrunar(kona)fræðingur, aðstoðarlæknir, aðgerðarlæknir sem krassaði með tússpenna á löppina sem saga átti, svæfingalæknir, hjúkr-unarnemi og ég held nánast allir starfsmenn sjúkrahússins hafi komið að undirbúningnum að frátalinni lík- og krufningadeildinni og svo kokkn-um. Þó sá ég einhverja starfsmenn hlaupa eftir göngunum með hvít lök og tommustokk. Þeir töluðu ekki við mig en horfðu samt einkennilega á mig.

Þessi dagur fer sem sagt allur í bið-þarna er maður undirbúinn undir það að stundum gerist ekkert á deildinni. Þessum degi má alls ekki sleppa fyrir aðgerð, því hann fyllir mann fullkomnu vonleysi og örvinglan, þannig að maður verður miklu meðfærulegri fyrir vikið meðan á legunni stendur.

Jæja, þá er það aðgerðardagurinn. Stóri dagurinn. Ég fékk piparmintu eða annað líkt undir tunguna og sagt að vera rólegum það væri verið að brýna hnífana og þræða nálnar. Svona upplýsingar eru afar uppbyggjandi fyrir einstakling sem verður óttasleginn ef hann heyrir minnst á sláturgerð, hvað þá uppskurð.

Svæfingalæknirinn byrjaði á að trilla mér inn í aflokað herbergi og fór að segja mér að ég yrði ekki svæfður, heldur mænudeyfður og bætti við „að það gengi oftast bara vel” við þessi huggunarorð hressist ég allur eða hitt þó heldur. Læknirinn var með grímu fyrir andlitinu þannig að ég gat ekki séð hvort hann glotti eða ekki. Það var þarna sem ég fattaði að grímurnar hafa ekkert með sóttvarnir að gera, heldur eru þær einungis til að fela

meinfýsið glottið á starfsfólkinu þegar sjúklingarnir eru að breyta undan álaginu og opinbera vesöld sína. Enda nota dýralæknar ekki svona grímur.

Jæja, inn kom hjúkrunarkona sem sagðist ætla að stinga mig í handarbakið og setja upp nál, hún stóð við það, en hún minntist aldrei á að hún ætlaði að gera það í fimm atrenum. Ekki kvartaði ég þótt kominn væri gráti nær af hræðslu. Þau taka síðan tal saman þarna yfir mér og svæfingalæknirinn minnst trekk í trekk á STASA og STASI, ég var kannski orðinn eitthvað skritinn af lyfjunum en það eina sem mér kom í hug þarna var, að þau væru að tengja mig austur-þýsku leynipjónustunni, og rifjaðist þá upp fyrir mér að foreldrar mínir höfðu í ungdæmi mínu keypt sér Moskowitx bíl austan fyrir tjald. Hart þótti mér að slíkt væri enn í persónulegum upplýsingum um mig kominn á efri ár og ég ætti enn að gjalda þess að hafa verið hallur undir kommúnista sem barn og varð hugsað til Halldórs Laxness og hve hjalið við kommúnismann hefur fylgt honum. Þó vona ég aldrei fari svo illa fyrir mér, hvorki látnum né lifandi að Hannes Hólmsteinn skrifi ævisögu mína.

Loks var ég tilbúinn og settur á örmjóan bekk á skurðstofunni sem mér skilst að sé svona mjór til að minni hætta sé á að starfsfólk sjúkrahúsanna gamni sér á þeim ef lítið er að gera – þetta kann þó að vera helber lygi en ég myndi ekki þora að edla mig á svona mjóum bekk, sem hjól eru undir að auki, og getur spýst hvert sem er ef hnykkt er lostalega á.

Fyrir framan mig var sett grænt tjald þannig að ég sæi sem minnst af því sem fram fór. Júlíus læknir spjallaði bæði við mig og sérlega þó starfsfólkið meðan hann var að bardúsa þarna hinu megin við tjaldið og fannst mér fæst af því sérlega innihaldsríkt. Þegar hann var búinn að setja sögina tvisvar í gang segir hann eins og stundarhátt við sjálfan sig eða mig „var það ekki örugglega vinstri löppin Reynir?”.

Á þeirri mínútu ákallaði ég Guð minn í fyrsta skiptið þann daginn en yfirleitt gef ég Guði allan þann tíma sem hann þarf til að sinna sínum málum án truflana frá mér. „Nei, nei, bara létt grín” sagði Júlíus þá óðara og hefur örugglega glott undir grímunni. En það tók ekki betra við því Sigga skurðstofuhjúkka hélt áfram „vertu alveg rólegur Reynir minn, hann er að saga hægri ökkklann” Þá kallaði ég til Guðs míns hið annað skiptið og stundi upp skælandi „það var hnéd sem átti að laga” en var þó með það bakatil í hugsunum mínum að djöfull væri ég þó heppinn þrátt fyrir allt að ökklinn væri hálfónýtur líka.

„Elsku Reynir minn” sagði Sigga þá „við erum bara að reyna að láta okkur finnast gaman í vinnunni, það er talið að þá afkasti maður meira, þetta er stefna sjúkrahússins” bætti hún við. Aðgerðinni lauk á tilsettum tíma, löppinni var pakkað inn eftir kúnstarinnar reglum og það síðasta sem Júlíus sagði við stelpurnar var „að muna eftir að tjóðra hann við rúmið” (það er að setja upp þvaglegg á máli hinna ólærðu).

Næsti áfangi var vöknunin – þar er gott að vera. Stanslaust er þurrkað yfir enni manns og spurt hvernig maður hafi það þannig að manni finnst maður vera sá eini í heiminum – og svo er fótnudd sem tekur Morfíni fram – eða er allavega gott með morfíni.

Ég var með hangandi slöngur úr mér hér og þar og þvaglegginn bundinn við rúmgaffinn svo ekki gat ég strokið þó mig langaði til þess. Og ég fékk tæki til að skammta mér morfínið sjálfur. Það frelsi notaði ég til fulls. Þetta hefði ég nú sennilega ekki fengið ef einhverjir starfsmenn hefðu verið búnir að vera með mér og vinum mínum í hestaferðum eða viðlíka slarki þar sem ég hefði haft sjálfðæmi um skammtastærð þess sem ég innbyrði. Enda sagði Stera-Pétur læknir við mig í heimsóknartíma skömmu síðar „helvítis asnar eru þetta að ætla að láta þig stjórna Morfíninu”

Jæja, það var gott að koma aftur

inn á O-deildina – eins og að komast heim – ég var svo heppinn að lenda inn á stofu 6 – sem er 6 manna stofa en var tóm – hugsaði ég hlýtt til þeirra starfskvenna að velja mér slíkt næði. Ég hafði að vísu ekki verið lengi þar þegar bættust við nýir íbúar. Er þar fyrst til að telja Jóhannes nokkur fyrrverandi lögreglumaður og var frá Siglufirði sem á við ýmis mein að stríða. Ekki hef ég talað sem neinu nemur við Jóhannes því hann sefur allan sólarhringinn og er einungis vakinn á nokkurra klukkustunda fresti til að fá svefnlyfin sín.

Einu sinni náði ég þó smásambandi við hann þegar hann vaknaði til að pissa og til að byrja samræður við gamla manninn spurði ég hvaðan hann væri ættaður.

Það stóð ekki á svari því karlinn byrjaði: „samkvæmt Íslendingabók þá” og svo taldi hann upp einhverja fornmennt sem ég veit ekkert hvort nokkurn tímann voru til, né hvar þeir bjuggu, en ég man eftir, að bæði minntist hann á Gísla Súrsson og Hámund heljarskinn. Eftir því sem karlinn nálgadist miðaldirnar minnkaði athyglisgáfa mín og áhugi fyrir bakgrunni hans. Stuttu seinna eða um 1729 er Jón halti forfaðir hans bjó á Sjávarborg í Skagafirði sofnaði Jóhannes sjálfur – mikið varð ég feginn þá. Síðan höfum við Jóhannes aðallega rætt saman um hvort glugginn skuli vera opinn eða lokaður og hann svarar alltaf eins: „mér er alveg sama”. Og finnast mér þær samræður bæði hæfilega langar og innihaldsríkar.

Þegar starfsfólkið er að kanna hve illa hráefnið (sjúklingarnir) er haldið af verkjum er notaður er skali frá 1 og upp í 10. Ég hef aldrei skilið hvernig svona getur virkað. Um daginn spurði einn hjúkrunarfræðingurinn táningspilt sem kominn var á stofuna hvernig verkirnir væru á skalanum einn til tíu. „Svona 8,5 til 9” svaraði drengurinn og brosti fallega og spurði svo strax til baka „er hægt að panta pizzu hérna”, En Jóhannes gamli segir alltaf 2,5 og að sér líði ágætlega þó

hann haldi varla hljóðum. Já, viðmiðin eru ýmis í lífinu.

Annars er Jóhannes svo pakkaður af tækjum, slöngum og leiðslum hvar sem á hann er litið að það er líkast því að horfa ofan í vélarrúmið á Ferrari Formúlubíl að sjá karlinn. Hann minnir mig líka á langlokuna sem ég fékk á Egilsstöðum forðum daga sem var fyllt með spagheti – aflangur massi og svo mislangir endar út um allt sem engu kerfi virtust lúta.

Stofugangur er sérkennileg athöfn, þá koma nokkrir misgamlir og þreytulegir menn í hvítum sloppum og labba á milli rúmma og spyrja hvort allt sé ekki í fina lagi, svo eru þeir horfnir. Fyrsta daginn sem Jóhannes var þá ansaði hann engum lækna meðan þeir stoppuðu hvernig sem þeir reyndu að ná sambandi við hann. Þegar þeir voru farnir og búnir að loka hurðinni á eftir sér tautaði kallinn við sjálfan sig „ég segi helvítis málurunum ekkert um mína hagi”

Einn lækurinn heitir Bjarki og eldri liðskiptakonurnar á deildinni kalla hann allar „unga lækinn” ég get þó fullyrt að ef hann hefði lært til þess að verða flugmaður væri hann hættur sakir aldurs. Mér finnst þó að það hljóti að þurfa meiri lagni og nákvæmni til að púsla saman litla fingri á barni en lenda flugvél á þriggja kílómetra langri flugbraut. En reglur eru víst reglur og vinnureglur lækna hafa aldrei lotið sömu lögmálum og annarra.

Ég var ekki lítið feginn þegar mér boðið að fara í sturtu. Þess hafði ég virkilega þarfnast. Ég staulaðist í göngugrindinni fram í enda gangsins þar sem er hið rýmilegasta bað. Með mér var ein starfsstúlkan til þess að aðstoða mig og sjá um að allt færi rétt fram og ég færi mér ekki að voða. Þegar við komum inn á baðið var þar galoppinn gluggi og skítakuldi inni. En það er léttvægt fyrir íslenskan karlmann að þola smá kuldasting miðað við að vera ófær um að baða sig og þurfa að húka á stól undir sturtunni

og aðstoðarkonu með kúst fyrir framán sig líkt og til staði að þvo bíl.

Jæja, ég var dreginn úr öllu nema gifsinu sem huldi allan hægri fótinn allt til nára. Mér varð litið niður um sjálfan mig og sá þá mér til hrellingar að vegna kuldans og annarra aðstæðna, svo sem minnkandi blóðstreymis, hafði stolt mitt aldrei verið minna og vesældarlegra – og á þetta horfði konan – sem nú var kominn í upphá gúmmístígvél númer 45 og með alltof stóra svuntu sem á stóð: one size. Hún stoppaði gleiðbrosandi fyrir framán mig, líkust pólskri fiskvinnslukonu á Raufarhöfn, horfði á mín helgustu vé og sagði hálfhlæjandi „það er bara eins og maður sé kominn á rækjuvinnsluna á Skagaströnd”

Þarna féll það litla sem ég átti eftir af karllægu stolti, því í fréttunum nýverið var sagt frá því að rækjuveiðum við Húnaflóa væri hætt vegna þess hve rækjan var lítil og ónýtanleg – er furða þó ég hafi brostið í grát – ég bara spyr.

En baðsagan er ekki öll. Það næsta sem konan segir er. „nú verð ég að setja á þig filasmokkinn” og kom með hólk einn mikinn sem fullkomlega hefði dugað íturvöxnum fil en skyldi nú verja hinn gipsaða fót. Sárara gat það ekki orðið en að horfa á fullorðins filasmokk á eftir rækjuáfallinu

Baðdagurinn leið auðvitað til kvölds með þeirri vesöld sem fylgir því að hafa glatað stolti og reisn – og þó, lengi getur vont versnað – það gerðist þegar kvöldskatturinn kom. Stúlkan sem hafði baðað mig var að bera til okkar fóðrið. Þegar kom að mér spurði hún hin glettnasta „Hvað vilt þú margar brauðsneiðar Reynir”

„Bara eina” mumraði vesældarlegra í mér undan sænginni.

„Heldurðu að þú viljir ekki fleiri” spurði hún til baka, en bætti svo við hálfhlæjandi „það er rækjusalat ofan á þeim”.

Ég missti lystina á kvöldmatnum og efa að ég borði nokkurn mat framán sem inniheldur hina fyrirlitlegu skepnu, rækjuna.

Nóttin leið við dapurlegar hugsanir þar sem hinn viðgerði fótur var ekki mitt mesta áhyggjuefni.

Sól skein að morgni og heimsókn fékk ég með birtingunni frá heimilislækni og frænda mínum, Pétri, en honum er sérlega hugað um vegferð allra sinna sjúklinga og fylgir þeim glaður eftir, allt til grafar.

Pétur er bæði minnugur og höfðingi. Hann óskaði mér til hamingju með afmælisdaginn og færði mér gjöf, fagurlega innpakkaða, en þó með þeim formála að ef ég hefði ekki verið á spítala hefði hann komið með annars konar gutlandi gjöf.

Þegar Pétur var genginn sinn veg opnaði ég pakkann og kom þá í ljós Bósa saga og Herrauds. Ég fylltist gleði og hugsaði gott til glóðarinnar og byrjaði strax að lesa. En sólskinið er stundum skammvinnu. Svo var þetta sinnið. Ég var þar kominn sögunni er Bósi og Herraður hittu fyrir Hóketil og dóttur hans og kom þar að að Bósi vildi væta jarl sinn í volgru dótturinnar að yfir mig þyrmdi. Þegar tólum Bósa var sem fjálglegast lýst datt mér í hug rækjuhrunið við Húnaflóa og ömurleg staða mín. Ég lokaði bókinni og fór að hlusta á Bylgjuna.

Við síbyljuna gleymdi ég bæði rækjunum og Bósa og man það næst að yfir mér stóð góðvinur minn Ármann dýralæknir, ég gladdist yfir komu hans ekki síður en Péturs, enda kannski ekki síður von lækninga mér til handa úr hans ranni.

Ekki hafði Ármann lengi setið er Júlíus yfirlæknir kom á stofugang og tóku þeir tal saman enda gamlir skóla-bræður úr menntaskóla. Ármann fítt aði skjótt upp á hve honum fyndist hinar nýju trefja umbúðir mínar magnaðar. Júlíus spurði til baka hvort hann hefði aldrei notað þetta á skepnurnar.

„Jú, jú, blessaður vertu við notuðum þetta á Snældu-Blesa forðum daga”

„Hvernig fór það?” spurði Júlíus til baka.

„Honum var lógað þetta gekk

ekki” svaraði Ármann.

„Ég vona að það fari nú eitthvað skár fyrir þér Reynir minn” sagði Júlíus þegar hann gekk út. Aðeins annar okkar Ármanns brosti.

Þegar liðið var vel á kvöldið rankaði Jóhannes allt í einu við sér og sagði upp úr eins manns hljóði: „Ég held ég fari á morgun”

„Það list mér vel á” svaraði ég að bragði.

„Er það svo” muldraði karlinn og bætti svo við „ég veit ekki hvort ég er tilbúinn”

„Þú ferð nú létt með það” áréttaði ég hressilega og bætti við „þú hefur ekkert hér að gera lengur”

„Heldurðu það” rétt heyrðist í Jóhannesi.

„Blessaður góði það verða allir fegnir þegar þú ferð, bæði konan, dóttirin og ég tala nú ekki um barnabörnin” bætti ég við.

„Kannski það sé best þannig” sagði sá gamli þá lágmaeltur og bætti við „ef ég verð farinn þegar konan kemur í heimsóknar tímanum á morgun þá segirðu henni að mér hafi alltaf þótt vænt um hana og ég hefði viljað kynnast barnabörnunum meira” kjökráði hann en bætti svo við þannig að rétt heyrðist „Þetta sem gerðist vorið 1963 var ekki mér að kenna”. Þá áttaði ég mig á því að við vorum ekki að tala um sama ferðalagið. Jóhannes var sofnaður og of seint að reyna að leiðrétta misskilninginn.

Morguninn eftir sannaðist það enn fyrir mér að heppilegast er að gera svo sem manni er sagt. Um tíuleytið var komið með danskan dreng í eitt rúmið. Hann hafði dottið niður stiga. Hann var eitthvað niðurdreginn greyið og var ég beðinn að tala við hann. Þá vandaðist nú málið því ég hafði á skólaárum mínum neitað að læra mál kúgara okkar í gegnum aldarnar, (einokunartímabilið og landsleikurinn 14:2). Ég taldi þá, að heimskulegt væri að láta unglinga læra þetta mál, og hef ekki skipt um skoðun. Ég sagði hins vegar að ég gæti talað við Danann ef ég fengi 2 til 3

þjóra því þá er ég yfirlétt altalandi á flest tungumál. Því var umsvifalaust neitað.

Ég fór því að tala við drenginn á þeirri dönsku sem ég var með tiltæka og reyndi að lýsa hvernig Júlíus hefði sagað mig sundur með viðeigandi leiktilburðum og dró hvergi af. Sá danski horfði á mig góða stund, stóð síðan upp fór að skápnnum sínum og byrjaði að klæða sig án þess að segja orð. Hann bakkaði út úr herberginu lokaði hurðinni á eftir sér, gerði rifu og gæðist á mig, og lokaði svo aftur. Síðan heyrði ég hann tala hátt við hjúkrunarfræðinginn frammi á gangi þar sem sá danski minntist oft á orðið „sindsyg” sem ég veit ekkert hvað þýðir. Hann kom aldrei aftur inn í stofuna sá danski,

Seinna þennan dag gerðust stóru mistök. Þá leyfði ég einum hjúkrunarfræðingnum, Júlíu, að lesa þennan pistil hér, sem ég var að skrá niður jafnóðum á tölvuna. Því hefði ég betur sleppt. Stuttu síðar kom Anna Lilja deildarstjóri sem reyndar er systurdóttir mín og sagði að ég hefði ekkert hér að gera lengur.

„Já, en átti ég ekki að vera 3 daga í viðbót” andæfði ég vesældarlega.

„Álit deildarinnar er dýrmætara en löppin á þér” svaraði hún og virtist meina hvert einasta orð.

„En þetta er bara létt grín hjá mér” nöldraði ég til baka.

„Það er aldrei létt grín í okkar ætt Reynir, láttu mig þekkja það”

Og nú stefnir hún að veggnum og mér sýnist hún ætla að kippa tölvunni úr samb.....

Nú er ég búinn að kveikja á tölvunni heima hjá mér og vil ljúka þessum skrifum um veruna þarna uppfrá.

Ég þurfti að koma nokkrum snum í eftirlit á Slysadeildina sem var svosem í lagi en mér finnst þó lélegt hjá forráðamönnum deildarinnar að hafa komið með dönsku blöðin og Fálkann sem voru á slysadeildinni í gamla húsinu þegar Guðmundur Karl var yfirlæknir fyrir 50 árum. Maður þarf að skrá sig við komuna og láta

vita hvaða lækni maður á að hitta, en yfirleitt er akkúrat sá læknir sá eini sem ekki er við, og þá er bara að bíða. Í fyrstu endurkomu minni var biðstofan full af fólki í mismunandi ástandi og voru allir með mjög kvalafulla tilburði og voru greinilega að höfða til móttöku kvennanna um að fá fyrr þjónustu en þar sem ég þekkti þá sem þarna var, Þórunni skólasystur mína, þá vissi ég að það þýddi ekkert. Ég hékk sem sagt á hækjunum fyrir framan glerið og gerði henni grein fyrir mínum málum og hún renndi einhverjum pappírnum í tölvuna og skipaði mér að kvitta. Það gat ég auðvitað ekki þar sem ég þurfti að halda mér uppi á hækjunum. Ég sagði henni að ég gæti ekki skrifað þannig að nokkur skildi það svona á mig kominn. „Það er þá enginn breyting á frá því við vorum í skóla“ sagði hún og hló.

Það litu allir aumingjarnir í biðstofunni upp því þegar Þórunn hlær þá er tekið eftir því. Ég vildi nú reyna að launa henni það að gera grín að mér og sneri mér að biðstofusjúklingunum og sagði „Henni finnst fyndið að löppin á mér grær ekki“ Það stóðu nokkrir upp og gengu út og ég efast um að þeir hafi komið aftur meðan hún er á vakt.

En loks komst ég til Júlíusar og lagði hann áherslu á að nú væri framhaldið á bata mínum í eigin höndum, ég yrði að æfa og hreyfa mig.

„Hvað mikið“ spurði ég áhugasamur þar sem framtíð mín var að veði og möguleikar á góðum dögum hvað hreyfingu varðar.

„Ekki of mikið og ekki of lítið“ svaraði doktorinn og bætti við „og mundu hvernig fór fyrir Snældu-Blesa“

Mikið djöfull var ég mikið nær við þetta eða hitt þó heldur. Nú varð mér hugsað til konu minnar og drykkju-siða minna. Hún hefur gjarna haft fyrri hluta ráðlegginga Júlíusar „ekki of mikið“ í huga þegar ég geng á fund Bakkusar en ég er hallari undir seinni hlutann „ekki of lítið.“

Þannig getur tíminn einn skorið úr um hver niðurstaða þessa ævintýris verður og hvort ég fer á hestbak fram- ar og legg mér rækjur til munns aftur.

Þess má geta í lokin að þessar aðgerðir Júlíusar dugðu mér vel í tíu ár og þá var ég orðinn nógu aldraður til að fá hnéliði – en ég veit að þessar aðgerðir eru ekki gerðar lengur.

Munkaþveráarkirkja nýmáluð



Kapítulið og Munkaþveráarkirkja nýmáluð
Myndir: Benjamín Baldursson



Tryggvi Hjaltason smiður á Rútsstöðum breytti á sínum tíma kirkjunni aftur til fyrra horfs. Kirkjan var um all- langt skeið klædd með asbesti og sléttu járni og hvít máluð

Gamla Þinghúsið í Hrafnagilshreppi

Arnór Bliki Hallmundsson

Í miðju Hrafnagilshverfi, skammt norðan Reykargils, nánar tiltekið við Laugartröð 4, stendur leikskóli Eyjafjarðarsveitar, Krummakot. Húsnæði hans á sér merka sögu sem spannar tæp 100 ár en elsti hlutinn, sá vestasti, er fyrrum þinghús og samkomuhús Hrafnagilshrepps. Húsið var reist árið 1924 og formlega tekið í notkun í mars 1925. Byggingin var á sínum tíma afrek metnaðarfullra og eljusamra hreppsþúa með Ungmennafélagið Framtíð í broddi fylkingar.

Í upphafi 3. áratugarins hafði lengi staðið til að reisa samkomuhús. Skriður komst þó fyrst á málið fyrir alvöru snemma árs 1923 þegar Ungmennafélagið Framtíð leitaði samkomulags við sveitarstjórn um byggingu samkomuhúss. Bauðst félagið m.a. til þess að leggja fram 2000 krónur í peningum og gefa vinnu við bygginguna en skilyrði, að verkinu lyki á árinu 1925. Skemmst er frá að segja, að stjórnin gekk að þessu tilboði Ungmennafélagsmanna. Hófst þar með vinna að undirbúningi málsins, ásamt frekari samningum við Ungmennafélagið. Einar Jóhannesson múrarameistari á Akureyri var fenginn til þess að gera kostnaðaráætlun og hljóðaði hún upp á 10 þús kr., 7500 í efniskostnað og 2500 í vinnu. Það var svo á útmánuðum 1924 sem samþykkt var endanlega að reisa þinghús á Reykareyrum á landareign Hrafnagils og hófst byggingin um vorið. Yfirsmiður var ráðinn Jónas Kristjánsson en að byggingunni komu margir innan hreppsins, meðlimir Ungmennafélagsins og fleiri. Það var raunar saga flestra félagsheimila, að þau voru reist fyrir samtakamátt hreppsþúa og allir vildu þar leggja hönd á plóg. Ekki liggja fyrir heimildir um hönnuð hússins, en



fram kemur að Ungmennafélagið hafi lagt fram uppdrátt á fyrstu stigum málsins. En hver teiknaði kemur ekki fram, ekki heldur hvort notast hafi verið við þá teikningu við byggingu hússins. Kannski hefur Einar Jóhannesson múrarameistari, sem vann kostnaðaráætlunina fyrir húsið, einnig gert endanlegar teikningar að húsinu.

Þinghúsið frá 1924 er tvílyft steinhús með háu risi. Að norðan er viðbygging sem er m.a. stigahús til norðurs. Grunnflötur þess er u.þ.b. 9x12m og viðbyggingin að norðan u.þ.b. 8x4m en þar er um að ræða ónákvæma mælingu á kortavef map.is. Húsið er klætt steinplötum á veggjum og bárujárn á þaki og krosspóstar eru í flestum gluggum. Að austan eru viðbyggingar (álmur) og eru þær byggðar úr timbri. Miðálman, byggð 1984 er með lágu risi en austasta álman, frá 1998 er með háu risi. Krosspóstar eru í flestum gluggum elsta hluta hússins en ýmist þverpóstar eða krosspóstar í viðbyggingum.

Eins og gjarnt er með stórvirki hafði meðgöngutími þessarar framkvæmdar verið æði langur, en þegar bygging hússins hófst var liðinn aldarfjórðungur frá því fyrst var hreyft við hugmyndum um byggingu þinghúss. En það var á hreppsnefndarfundum þann 7. mars 1899. Komu þær fyrstu hugmyndir eiginlega til af því, að hreppsnefndin lenti á hrakhólum er Jónas Jónasson prófastur á Hrafnagili hugðist segja henni upp afnotum af húsnæði sínu. Hvers vegna kom ekki fram, enda bar honum varla nein skylda til þess að sjá hreppsnefndinni fyrir fundaræstöðu. Jónas bauðst hins vegar til þess að lána húsrúm með því skilyrði, að byggt yrði sérstakt þinghús á svokölluðum Kóngshúsum [þar sem nokkrum árum síðar hófst skógrækt og er nú þekkt sem Ungmennafélagsreiturrinn eða Aldísarlundur]. En hinn valinkunni stórbóndi og athafnamaður Magnús Sigurðsson á Grund bauðst þá til þess að leggja til hreppsnefndinni húsnæði til funda, og það til næstu 50 ára. Var hrepps-



nefnd því komin í öruggt skjól til frambúðar. En það hefur varla verið opinber stefna hreppsnefndar að vera inni á gaffi hjá Magnúsi eða afkomendum hans til eilífðarnóns. Á bókunum Hreppsnefndar, á árunum upp úr 1920 sést, að hún fundar víða um sveitina, m.a. Hrafnagili, Litla-Hóli, Kroppi og Hranastöðum og giskar undirritaður á, að nefndarmenn hafi einfaldlega skipst á að hýsa fundina.

Fyrsti fundur mun hafa verið haldinn í húsinu 25. janúar 1925 (sbr. Eyjafjarðarsveit 2005: 59) en formlega var það tekið í notkun þann 15. mars það ár. Dagblöð þess tíma hafa ekki mörg orð um vígsluna, en fundargerð hreppsnefndar frá vígslunni (sem var í raun hreppsnefndarfundur) lýsir henni nokkuð nákvæmlega. Þar segir að oddviti hafi afhent húsið hrepps-búum til almennra afnota, ásamt yfirliti um byggingakostnað. Einnig minntist hann þeirra sem komu að byggingunni og rakti all ítarlega forsögu þinghúsbyggingarinnar, allt frá 1899 er hugmyndir komu fyrst fram. Þá minntist hann þeirra hugsjóna, framtíðarvona og ætlunarverka sem við þetta hús væru og ættu að vera tengdar. Svo segir orðrétt: Var þá fundinum snúið í skemmtisamkomu. Hófst þá söngur og óbundin ræðu-höld og kvæðaupplestur. Frumsamin vígslukvæði fluttu þeir Davíð Jónsson hreppstjóri á Kroppi og Júlíus bóndi Ólafsson í Hólshúsum. Stóð fagnaður þessi alt [svo] til kvölds, og voru fundarmenn hinir ánægð-ustu (Hreppsnefnd Hrafnagilshrepps 1925: 15. mars án nrs/bls).

Í upphafi var samkomusalur á efri hæð og upphækkað leiksvið syðst í salnum en hesthús og eldhús á neðri hæð. Þann 19. mars 1925 mátti sjá í degi auglýsta íbúð í Þinghúsi Hrafnagilshrepps en búíð var í húsinu um árabíl. Og tveimur mánuðum síðar auglýsir Kristinn Jónsson opnun kaffistofu í húsinu. Í húsinu fóru fram, auk funda sveitastjórna hinir ýmsu viðburðir, dansleikir og leiksýningar og á tímabili ráku Kvenfélagið Hlíf og Verkakvennafélagið Eining barnaheimili í húsinu. Þegar nálgadist miðja öldina þótti einsýnt, að Þinghúsið á Hrafnagili væri orðið ófullnægjandi sem félagsheimili hreppsins. Á einhverjum tímamarki var byggt við húsið til norðurs, líklega um eða fyrir 1950, en ljóst var að hreppurinn þyrfti meira rými til samkomuhalda.

Það var því árið 1956, að hafist var handa við byggingu nýs félagsheimilis, Laugarborgar, sem tekið var í notkun vorið 1959. Var hinu nýja félagsheimili einnig valinn staður á Reykárreyrum, skammt sunnan við Þinghúsið. Síðan hefur húsið þjónað sem skólahúsnaði, um áratugaskeið sem Barnaskóli Hrafnagilshrepps og fram til 1998 hýsti þinghúsið yngstu bekkji Hrafnagilsskóla, sem stofnaður var 1971. Árið 1984 var byggð við húsið til álma til austurs, timburhús á einni hæð með lágu risi. Tengdist nýja álman eldra húsinu með anddyrisbyggingu. Í viðbyggingunni voru tvær kennslustofur, næsta rúmgóðar í samanburði við stofurnar í eldra húsinu. Þess skal að sjálfsgöðu getið hér, að hér hóf greinarhöfundur sína

grunnskólagöngu haustið 1991. Nánar tiltekið var það í stofunni syðst á efri hæðinni. Árið 1998 fluttist leikskólinn Krummakot í húsið, samhliða því, að öll starfsemi Hrafnagilsskóla fluttust í aðalbyggingu hans austan Eyjafjarðarbrautar. Var þá byggt við vesturálmuna, timburhús með háu risþaki og fékk húsið þá það lag sem það nú hefur.

Þinghúsið á Hrafnagili er glæst bygging og í mjög góðri hirðu og sömu sögu er að segja af lóð og nánasta umhverfi. Frágangur viðbygginga og tengingar á milli álma eru eins og skólabókardæmi um það, hvernig standa skal að viðbyggingu gamalla húsa. Skil á milli Þinghússins frá 1924 og nýrri byggingahluta eru skörp og greinileg og þannig að upprunalega húsið nýtur sín nokkurn veginn til fullnustu. (Það hefur semsagt ekki verið „kaffært“ í nýrri viðbyggingum). Húsakönnun, sem unnin var um 2010, um fundarhús og skóla metur það engu að síður svo, að steníklæðning og viðbyggingar dragi úr útlitsgildi hússins. Þar er varðveislugildi hins vegar ekki metið. Það hlýtur hins vegar að vera ljóst, að varðveislu- og ekki síst menningarsögulegt gildi hússins hlýtur að vera töluvert. Þá stýttist í að elsti hluti hússins verði aldursfríðaður, en það gerist við 100 ára markið. Og í þessa tæpu öld hefur alla tíð verið líf og fjör í Þinghúsinu, fyrst samkomur og skemmtanir hrepps-búa og fundir sveitarstjórna og síðar meðal skóla- og leikskóla-barna. Þegar þetta er ritað stendur til að starfsemi leikskólans Krummakot flytjist í nýbyggingu við Hrafnagilsskóla. Er þá óljóst hver framtíð Þinghússins verður. Vonandi finnst húisnu eitthvert hlutverk, þarna gæti t.d. eflaust verið veitingastaður eða lítil verslun eða einhver menningarstarfsemi. Þá gæti húsið eflaust orðið ágætis íbúðarhús.

*Akureyri í maí 2022
(endurskoðað í okt. 2023)*

Sundgarpar Eyjafjarðarsveitar



Frá vinstri: Leifur Guðmundsson Syðri-Klauf, Páll Ingvarsson
Reykhúsum, Benedikt Grétarsson Jólagarðinum

Mynd: Sveinbjörg Helgadóttir

Gleðileg Jól

Kea óskar félagsmönnum
sem og samstarfsaðilum sínum
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári





Þessar vösku konur vita að öll hreyfing er holl fyrir sál og líkama og stunda því sundleikfimi tvisvar í viku undir styrkri stjórn Helgu Sigfúsdóttur sjúkraþjálfara

Mynd: Benjamín Baldursson

Við leggjum grunn að gæðum

